MARÍA BJÖRK SVERRISDÓTTIR

Mikið vinnurými og góður andi í eldhúsinu

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Stór sólpallur og gott útsýni í Lindahverfi

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

DEREK VON

Skrifar sína fyrstu skáldsögu

Missti sjónina í slysi fyrir tuttugu árum en vinnur nú að sinni fyrstu skáldsögu

TÍMAMÓT 16

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. ágúst 2008 — 223. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Situr fyrir í i-D magazine

Antoine Fons er nýútskrifaður leikari sem hefur nóg að gera.

FÓLK 30

Það var platað mig

Lýðræðið virkar einfaldlega ekki þannig að menn planti sér fyrst í hásætið og vinni síðan tiltrú kjósenda „með verkum sínum“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

Villi Vill á tónleikum

Kraftaverkamaðurinn Ísleifur Þórhallson gerir minningartónleika um Vilhjálm Vilhjálmsson ógleymanlega.

FÓLK 30

Fyrsta tap Vals í rúm tvö ár

KR-stúlkur báru sigurorð af Val í Landsbankadeild kvenna í gær, sem hleypir örlítilli spennu í deildina á nýjan leik.

ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGUR Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Lítilsháttar væta vestan til og austan annars þurrt og bjart með köflum. Hiti 12-19 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

Þriðjungur styður Hönnu Birnu í stól borgarstjóra

43,8 prósent borgarbúa vilja Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra Reykjavíkur. 32,3 prósent nefna Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Um átta prósent borgarbúa vilja ópólitískan eða faglega ráðinn borgarstjóra.

SKOÐANAKÖNNUN Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, hefur stuðning flestra borgarbúa til að verða borgarstjóri, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Nú vilja 43,8 prósent Dag sem borgarstjóra. Það er nokkru minna en í lok janúar þegar 56,9 prósent vildu að hann væri borgarstjóri.

Næstflestir styðja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokks og verðandi borgarstjóra. 32,3 prósent aðspurðra nefna hana. Í könnun blaðsins í janúar náði Hanna Birna varla á blað, en rúm átján prósent vildu að þáverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, væri borgarstjóri.

Við meirihlutaskiptin nú eru nokkuð fleiri sem vilja að verðandi borgarstjóri taki við en þegar Ólafur F. Magnússon tók við embættinu. Í janúar sögðust 5,5 prósent vilja að hann yrði borgarstjóri. Nú vilja 3,9 prósent að Ólafur haldi áfram sem borgarstjóri.

Alls 9,9 prósent vilja að oddviti Vinstri grænna, Svandís Svavarsdóttir, taki við sem borgarstjóri. Í janúar hafði hún stuðning 7,6 prósent borgarbúa í borgarstjóraembættið.

1,7 prósent vilja að Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins verði borgarstjóri, en innan við eitt prósent nefndi Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi oddviti Framsóknarflokksins, í janúar.

Rúm átta prósent vilja fá einhvern annan borgarstjóra en oddvita flokkanna í borgarstjórn. Langflestir af þeim vilja fá ópólitískan eða faglega ráðinn borgarstjóra.

Hringt var í 600 borgarbúa laugardaginn 16. ágúst. Spurt var; Hver vilt þú að sé borgarstjóri Reykjavíkur? 67,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss



Skv. könnun Fréttablaðsins 16.08. 2008

ÁN HEIMILIS Maður frá Georgíu heldur á eigum sínum í gær fyrir framan tímabundnar búðir sem settar hafa verið upp í gömlum herspítala í Tbilisi. Forseti Rússlands lofar nú að byrja að kalla rússneskar hersveitir heim frá Georgíu. NORDICPHOTOS/AFP

Breska stjórnin styrkir átak:

Hvatt til æfinga á stoppistöðvum

BRETLAND Breska ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fé í átak sem miðar að því að fá fólk til að rækta líkama sinn á meðan það bíður eftir strætisvagni.

Aðstandendur átaksins segja að tímann sem fer í að bíða og fylgjast með umferðinni mætti nýta mun betur. Til dæmis mætti standa á öðrum fæti, teygja úr tánum og þrýsta saman þjóhnöppum.

Þeir fullyrða að enginn þurfi að óttast aðhlátur annarra við æfingarnar enda séu þær þess eðlis að enginn tæki nokkurn tíma eftir þeim. Þær myndu hins vegar stuðla að bættu heilsufari Breta og draga úr offitu þjóðarinnar.

Gagnrýnendur, meðal annars þingmenn, kalla átakið hins vegar „hneykslanlega sóun á almannafé“. - sh

Vestrænir leiðtogar hafa lýst yfir stuðningi við Georgíumenn og þrýsta á Rússa:

Rússar lofa brottflutningi í dag

GEORGÍA, AP Dmítrí Medvedev, forseti Rússlands, tilkynnti í gær að hafist yrði handa við að kalla rússneskar hersveitir heim frá Georgíu. Vestrænir leiðtogar hafa aukið mjög þrýsting á Rússa að þeir standi við skilmála vopnahléssamkomulagsins sem bæði Rússar og Georgíumenn hafa undirritað.

Medvedev tók fram að rússneskt herlið yrði áfram í Suður-Ossetíu, þar sem átökin hófust í þarsíðustu viku. Mikhaíl Saakashvili Georgíuforseti sagði aftur á móti að Georgíumenn myndu aldrei gefa eftir tilkall sitt til héraðsins, né aðskilnaðarhéraðsins Abkasíu.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði á blaðamannafundi í Tíblísi höfuðborg Georgíu í gær að landið gæti gengið í Atlantshafsbandalagið ef stjórnvöld vildu.

Meðal annarra vestrænna leiðtoga sem tjáðu sig með afdráttarlausum hætti um málið í gær voru Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, sem gegnir nú formennsku í ESB, og bandarískir utanríkisráðherrann Condoleezza Rice. Bandarískir varnarmálaráðherrann Robert Gates sagði atburðarásina benda til að Rússland væri að snúa aftur til „valdstjórnar-fortíðar“ sinnar. - aa

Nýtt í Hagkaupum

Viltu bæta hlaupatímann þinn án meira álags?

Smart Motion hlaupastíllinn er kominn á DVD í Hagkaup!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SUBWAY í fínu formi

Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

–18–
Subway staðir um allt land

Má bjóða þér léttan kaffisopa?

SPURNING DAGSINS

Ísólfur Gylfi, springurðu ekki úr monti ef kaleikurinn finnst?

„Nei, það er meiri hætta á að ég springi úr gleði.“

Ítalskir fjölmiðlar hafa fjallað um leit íslenskra og erlendra áhugamanna að fjársjóðum musterisriddara á Kili. Í ítölsku blaði var talað um Ísólf Gylfa Pálmason, borgarstjóra í Hrunamannahreppi. Ísólfur segist gríðarlega montinn af þeirri nafngift.

Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borginni funduðu um helgina:

Óskar getur einn leitt nefndir

REYKJAVÍK Óskar Bergsson mun einn framsóknarmanna geta leitt nefndir á vegum borgarinnar. Marsibil Sæmundardóttir, varamaður Óskars, hefur lýst því yfir að hún styðji ekki nýjan meirihluta og einungis borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar geta veitt nefndum formennsku.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, vill ekki tjá sig um verkaskiptingu milli flokkanna, en hún verður kynnt næstkomandi fimmtudag. „Við leggjum bæði mikla áherslu á að tryggja að allar þessar breytingar þýði sem minnst umskipti inn í stjórnkerfinu,“ segir Hanna Birna.

HANNA BIRNA OG ÓSKAR Kynntu nýtt meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borginni á fimmtudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óskar og Hanna Birna funduðu um helgina. „Viðræður okkar ganga mjög vel og enginn ágreiningur hefur komið upp,“ segir hún.

Óskar hyggst leita út fyrir framboðslista Framsóknarflokksins í borginni við skipun fulltrúa í nefndir og ráð.

„Ég mun leita inn í flokkinn að góðu fólki á rétta staði,“ segir Óskar. „Ég verð að vinna í þessu fram á fimmtudag enda gefst ekki langur tími til þess að skipa í liðið.“

„Ég styð ekki nýjan meirihluta og það þýðir að ég mun ekki starfa með honum,“ sagði Marsibil Sæmundardóttir í samtali við Fréttablaðið í gær.

- ht

Indverskur skólabíll lenti í á:

Minnst níu skólabörn létust

INDLAND, AP Að minnsta kosti ellefu fórust er skólabíll í útjaðri Mangalore í suðurhluta Indlands hrapaði ofan í á, nú fyrir helgi. Níu hinna látnu voru skólabörn. Lögregla bjargaði fjórtán börnum úr ánni en sjö barna er enn saknað.

Bílstjóri skólabílsins missti stjórn á bílnum í krappri beygju með þeim afleiðingum að hann lenti í ánni.

Banaslys eru algeng í umferðinni í Indlandi. Algengar orsakir þeirra eru meðal annars lélegir vegir og gamlar og ofhlaðnar bifreiðar.

- þeb

Á LEIÐ Í HVALFJÖRÐINN Varðskipið Þór var dregið upp í Hvalfjörð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvalaskoðunarhryllingsmynd:

Þór kominn upp í Hvalfjörð

KVIKMYNDIR Gamla varðskipið Þór var flutt upp í Hvalfjörð í gær þar sem það er notað sem sviðsmynd í hryllingsmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre sem nú er í vinnslu.

„Það er búið að taka í ellefu daga og það eru þrjátíu eftir,“ segir Júlíus Kemp, leikstjóri myndarinnar. Reykjavík Whale Watching Massacre fjallar um hóp hvalaskoðara sem er bjargað af fiskveiðiskipi þegar bátur þeirra ferst, en þá fara hlutirnir úr böndunum.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Við munum taka upp í Hvalfirði næstu tvær vikurnar og verðum svo í Atlantic Film Studios í Keflavík þangað til tökum lýkur,“ segir Júlíus.

- ag

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í gasleiðslu í grilli

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að íbúð í Álfatúni í Kópavogi í gær eftir að eldur kviknaði í gasleiðslu á grilli. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, að sögn lögreglu, en grillið mun vera ónýtt.

Ók á staur en slapp vel

Ökumaður fólksbíls var fluttur á slysadeild í gær eftir að hann ók bíl sínum á ljósastaur á Reykjanesbraut. Ekki er talið að maðurinn hafi slasast alvarlega.

Prófessor vill þurrka upp Skerjafjörðinn

Fyrrverandi verkfræðiprófessor við Háskóla Íslands hefur lagt fram róttækar hugmyndir um byggingu varnargarðs milli Seltjarnarness og Álftaness. Þá væri hægt að þurrka upp Skerjafjörðinn og 2.300 hektarar lands yrðu til.

SKIPULAGSMÁL „Þetta er nákvæmlega sama aðferð og Hollendingar nota. Þriðjungur af Hollandi er fyrir neðan sjávarmál. Ef allt þetta land er fáanlegt, hvers vegna ætti að setja svona háan verðmiða á Vatnsmýrina? Þarna er hægt að fá fimmtán sinnum stærra svæði í nágrenninu,“ segir Björn Kristinsson, fyrrverandi prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands.

BJÖRN KRISTINSSON

Björn hefur lagt fram hugmyndir um að byggja 6.500 metra langan varnargarð yfir grynningar milli Álftaness og Seltjarnarness. Með því móti mætti dæla vatni úr Skerjafirðinum og skapa um 2.300 hektara nýs lands. Byggð í Reykjavík þekur nú tæplega fimm þúsund hektara lands.

Björn áætlar að framkvæmdin kosti tvo til þrjá milljarða. Verðmæti landsins telur hann hins vegar hlaupa á tugum milljarða. „Mér finnst þetta áhugaverð hugmynd af því að ef maður lítur á stöðuna hjá Reykjavík þá er samkvæmt núgildandi aðalskipulagi áætlað að íbúum fjölgi um sextán þúsund og átta hundruð til 2024,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. „Ef maður horfir á þann þéttleika sem er á nýju byggingarsvæðunum eru að jafnaði um tuttugu íbúðir á hektara. Þá vantar um sex hundruð hektara svæði til 2024. Það er rosalega mikið – eins og niður úr miðbæ að Grensási.“



SKERJALANDIÐ Á myndinni má meðal annars sjá mögulega staðsetningu flugvallar og olíutanka á „Skerjalandinu“. MYND/BJÖRN KRISTINSSON

Nýtingarmöguleika svæðisins telur Björn vera mikla. Flugvöllinn í Vatnsmýrinni mætti færa vestarlega á nýja svæðið fjær byggð og jafnvel væri hægt að færa millilandaflug frá Keflavík til nýs flugvallar.

Björn segir einnig að varnargarðarnir myndu verja Skerjafjarðarsvæðið fyrir hækkandi sjávarborði. Á varnargarðinum sjálfum yrði vegatenging milli Seltjarnarness og Álftaness.

Hann segir að huga þyrfti sérstaklega að ýmsum þáttum er lúta að öryggi garðsins, röskun á náttúrulegu umhverfi og lagalegum atriðum, svo sem varðandi eignarrétt yfir nýja svæðinu. Koma þyrfti einnig til móts við eigendur húsa sem nú standa við ströndina.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Formaður velferðarráðs:

Ekki rætt um að skerða laun

VELFERÐARMÁL „Það hefur aldrei verið rætt um að skera flatt niður launakostnað á velferðarsviði,“ segir Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Jórunn segir að á öllum sviðum borgarinnar sé unnið að því að kanna hagræðingarmöguleika vegna viðsnúnings í efnahagslífinu. Ekki verði frekar skorið niður í velferðarmálum en öðrum málaflokkum.

„Við munum gera allt sem við getum til þess að þurfa ekki að skera niður þjónustu við borgarbúa,“ segir Jórunn. „Síðasti kostur væri að skera niður laun starfsfólks.“

- ht

Gamli vitinn á Akranesi:

Smíði göngubrúar í uppnám

SVEITARSTJÓRNIR Smíði níutíu metra langrar göngubrúar að gamla vitanum á Breiðinni á Akranesi er í uppnámi. Byggingarfulltrúi á Akranesi bendir á að göngubrúin samræmist ekki aðalskipulagi, og umhverfisnefnd bæjarins leggst einnig gegn hugmyndinni.

Bæjarráðið, sem í byrjun júlí ákvað að semja við fyrirtækið Steðja um smíði á göngubrúnni, íhugar nú framhald málsins eftir að hafa fengið umbeðna umsögn frá umhverfisnefndinni. Kveðst nefndin leggjast gegn framkvæmdinni vegna hverfisverndar auk þess sem hún telji menningar- og byggingarsögulegu gildi best borgið í óspilltu náttúrulegu umhverfi.

- gar

Kvikmyndin Skrapp út hlaut verðlaun á Locarno-hátíðinni í Sviss í gær:

Kom okkur öllum á óvart

KVIKMYNDIR „Þetta kom okkur öllum í opna skjöldu, en er auðvitað frábært og mikill heiður,“ segir Mireya Samper, aðstoðarkona leikstjóra íslensku kvikmyndarinnar Skrapp út. Myndin fékk verðlaun á 61. Locarno-hátíðinni í Sviss í gær.

Kvikmyndahátíðin er ein sú elsta í Evrópu og nýtur mikillar virðingar. Skrapp út hlaut svokölluð Variety Piazza Grande-verðlaun, sem eru kennd við kvikmyndatímaritið virta og veitt þeirri mynd sem að mati dómnefndar þykir hafa til að bera mikið listrænt gildi og höfða einnig sterklega til almennings. Er þetta í fyrsta sinn sem þessi verðlaun eru veitt.

PIAZZA GRANDE Mireya Samper segir stemninguna við sýningu Skrapp út hafa verið ólýsanlega.

Myndin, sem framleidd er af Zik Zak og Ex Nihilo, var sýnd á Piazza Grande-vanginum, sem rúmar 8.500 manns í sæti undir berum himni. Mireya segir stemninguna hafa verið ólýsanlega. „Það hafði rignt mikið dagana áður, en um leið og sýningin á Skrapp út hófst stytti upp. Það átti vel við.“ Hún segir myndina hafa vakið mikla athygli og henni hafi þegar verið boðið á fjölmargar kvikmyndahátíðir. „Ég vona líka að þetta verði til þess að Íslendingar flykkist í bíó á þessa verðlaunamynd,“ segir Mireya, stolt af sigrinum.

- kg

Tilboð sem eru algjört bíó!

6 x í Bíó!
– og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. með öllum símatilboðum Nova!

DAGUR & STEINI

BÍÓKORT NOVA

Nokia 6120

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Sony Ericsson K660i

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Samsung L760

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og færð 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann. Að auki fylgir Bíókort Nova – 6x frítt í bíó með öllum símatilboðum í áskrift og frelsi. Skiptu núna!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort. Bíókort Nova fylgir öllum símatilboðum á meðan birgðir endast.

GENGIÐ 15.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,02	82,42
Sterlingspund	152,30	153,04
Evra	120,71	121,39
Dönsk króna	16,182	16,276
Norsk króna	15,104	15,192
Sænsk króna	12,909	12,985
Japanskt jen	0,742	0,7464
SDR	128,69	129,45

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,7371
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skilaboðaskjóða tekur við af aflögðum innhringitíma í fangelsinu á Litla-Hrauni:

Lokað fyrir innhringingar

FANGELSISMÁL „Innhringingar til fanga hafa verið leyfðar á ákveðnum tímum en það stendur til að fella slíkt niður um næstu mánaðamót," segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni.

Í stað innhringitíma verður hægt að lesa skilaboð til fanga en fimm til sex sinnum á dag verða föngum færð skilaboðin.

„Það hefur komið fyrir að þessi innhringitími hefur verið notaður þannig að menn hafa villt á sér heimildir til að ná sambandi við fanga sem kæra sig alls ekki um það," segir Margrét.

Hún segir að eftir sem áður geti fangar hringt út eftir þörfum og sá úthringitími verði raunar rýmri við breytinguna. Innhringingar séu hins vegar yfirleitt ekki leyfðar í fangelsum.

FANGELSIÐ LITLA-HRAUNI Framvegis þurfa aðstandendur að lesa skilaboð inn á símsvara ef þeir þurfa að ná tali af fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta ætti ekki að draga á nokkurn hátt úr því að fangar geti haft samband við sínar fjölskyldur. Ef aðstandandi þarf að ná í fanga eða ef eitthvað alvarlegt kemur upp á getur fólk hringt í varðstjóra eða fangaverði," segir Margrét.

Fangar standa sjálfir undir kostnaði við sínar hringingar. „En ef eitthvað kemur upp á þannig að þeir hafi ekki peninga til að hringja munum við bregðast við því."

Margrét segist hafa rætt málið við forystumenn Afstöðu, félags fanga. Nú taki við ákveðinn aðlögunartími til 1. september þegar fyrirkomulagið verði kynnt. - ovd

Amfetamín í iðrum Lithóa:

Skilaði alls um 600 grömmum

LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur Lithái sem handtekinn var á Keflavíkurflugvelli fyrir hálfri annarri viku með fíkniefni innvortis er búinn að skila öllum pakkningunum úr iðrum sér.

Hann hafði um fjörutíu pakkningar af amfetamíni innvortis og vóg efnið alls um 600 grömm.

Maðurinn var handtekinn miðvikudaginn 6. ágúst síðastliðinn við komuna til landsins frá Amsterdam. Rannsókn málsins hefur meðal annars beinst að hugsanlegum vitorðsmönnum mannsins hérlendis.

- sh

Stjórnarkreppan í Simbabve:

Þjóðstjórn ekki mynduð enn

SUÐUR-AFRÍKA, AP Ekki tókst að mynda þjóðstjórn í Simbabve á fundi leiðtoga Afríkuríkja sem lauk í Suður-Afríku í gær.

ROBERT MUGABE

Reynt hefur verið að miðla málum á milli Roberts Mugabe, forseta Simbabve, og Morgans Tsvangirai, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, og voru menn vongóðir um að samningar tækjust með þeim á fundinum.

Sú tillaga sem menn voru bjartsýnir á að deiluaðilar gætu sæst á felur í sér að Tsvangirai yrði forsætisráðherra en Mugabe forseti og yfirmaður hersins. Enn er talið að samningar geti náðst, þótt fundinum sé lokið.

- sh

Baskar liggja undir grun:

Tvær sprengingar á Spáni

SPÁNN, AP Tvær minniháttar sprengingar urðu á ferðamannastaðnum Costa del Sol á Spáni í gær. Engin meiðsl urðu á fólki, en herskáir aðskilnaðarsinnar Baska, ETA, eru taldir bera ábyrgð á ódæðinu. Fyrsta sprengjan sprakk á strönd í Guadalmar um klukkan eitt, en seinni sprengjan sprakk tveimur tímum seinna á bílastæði í Benalmadena Costa. Maður sem sagðist tala fyrir hönd ETA hafði hringt á slökkvistöð Benalmadena og varað við sprengjunum. Þetta er ekki í fyrsta sem herskáir aðskilnaðarsinnar Baska reyna að trufla ferðaþjónustuna á Spáni með álíka aðgerðum. - ag

Sjávarrof ógnar kirkjugarði

Eigandi Saurbæjar í Hvalfirði segir stutt í að sjávarágangur vegna malarnáms á hafsbotni skemmi kirkjugarðinn þar. Varnargarður sem byggður var 1979 þegar mannabein fundust í fjörukambinum er illa farinn.

UMHVERFISMÁL „Það fer að hrynja úr bökkunum og þá styttist í kirkjugarðinn. Það getur orðið á komandi vetri ef illa fer," segir Anna Margrét Sigurðardóttir í Saurbæ í Hvalfirði. Anna hefur áhyggjur af vaxandi landrofi vegna ágangs sjávar.

Saurbær er við mynni sunnanverðs Hvalfjarðar. Sigursteinn Jósefsson, eigandi jarðarinnar Hjarðarness þar austan við, hefur sagt í Fréttablaðinu að hann telji orsökina fyrir landrofi á svæðinu vera malarvinnslu fyrirtækisins Björgunar sem hófst þar á sjávarbotni eftir að sæstrengur var fluttur við byggingu Hvalfjarðarganga. Anna tekur undir þetta.

„Ég held að hver og einn geti séð að þegar grafnar eru holur og gryfjur í hafsbotninn hlýtur að sópast ofan í það aftur einhvers staðar frá," segir Anna.

Anna segir að eftir að sjór hafi nagað úr bökkunum við kirkjugarðinn í Saurbæ þannig að mannabein stóðu út úr hafi verið byggður vandaður sjóvarnargarður þar neðan við á árinu 1979. Varnargarðurinn hafi nú látið gríðarlega mikið á sjá og löngu sé tímabært að styrkja hann.

„Ef ekkert verður að gert er stutt í að þarna gerist eitthvað sem betur hefði ekki orðið. Það hefði náttúrulega átt að vera löngu búið að því með allri þessari efnistöku þarna fyrir utan," segir Anna og bendir á að stór skiki sé farinn úr túnunum við Saurbæ og að ljósleiðari sem Síminn hafi grafið í túnið fyrir nokkrum árum sé nú í lausu lofti í fjörukambinum. „Þetta er allt í hers höndum."

Forstjóri Björgunar hefur í Fréttablaðinu sagt að fyrirtækið bíði umhverfismats Skipulagsstofnunar vegna malarvinnslunnar. Siglingastofnun segir áhrifin á landrof ekki mikil.

Sigursteinn hefur sent mótmæli við malarvinnslunni til yfirvalda. Meðal annars vísar hann til yfirlýsinga tveggja staðkunnugra manna sem taka undir það með honum að landrofið hafi verið mikið á síðustu árum.

„Það fer ekki milli mála að þarna hefur orðið talsvert landbrot," segir í yfirlýsingu Ólafs Magnússonar sem kveðst reglulega hafa átt erindi að Hjarðarnesi á árunum 1988 til 1998 sem starfsmaður RARIK og rafveitustjóri Kjósarveitu. gar@frettabladid.is

ANNA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR Túnin á Saurbæ hafa látið undan síga fyrir ágangi sjávar undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

STYTTIST Í KIRKJUGARÐINN Leiðin í gamla kirkjugarðinum í Saurbæ liggja sum utar en girðingin segir til um. Síðast var jarðsett þar í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

LJÓSLEIÐARI Í LAUSU LOFTI Viðkvæmur ljósleiðari Símans er nú berskjaldaður í fjörukambinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillanlegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W.
Sjálfinndregin snúra, hleðsluskynjari.
3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m.
Vinnuhollt handfang.
Stillanleg lengd á sogröri.

Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr.
(Verð áður: 12.700 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

RÓLEGT Í KORTUNUM
Í dag og næstu daga er ekki að sjá annað en að vindur verði í lágmarki. Helst er að sjá að hann hreyfi vind úti við norðausturhornið og undan suðaustur-ströndinni.
Á morgun léttir til suðvestan til en þá eru horfur á smá skúrum NA-til. Á miðvikudag eru svo horfur á blíðskaparveðri víða um land.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	22°
Billund	20°
Ósló	15°
Stokkhólmur	20°
Gautaborg	21°
Helsinki	20°
Eindhofen	21°
Amsterdam	21°
London	20°
Berlín	23°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	29°
París	24°
Basel	27°
Barcelona	29°
Alicante	31°
Algarve	28°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

XPS

intel Core™ 2 Duo inside™

Do More

GERÐU NÁMIÐ ENN SKEMMTILEGRA!

XPS M1330 – ÞUNN, LÉTT OG ÖFLUG FARTÖLVA FYRIR NÁMSMENN Á ÖLLUM ALDRI

XPS M1330 xpsm1330#13

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista Home Premium
- 13,3" Ultrasharp (1280x800) TrueLife skjár
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 4 litir í boði: rauð, svört, blá og bleik
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

169.900 kr.

6.723 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

DELL

* FYRIRVARAR:
Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

KJÖRKASSINN

Horfir þú á leiki íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking?

Já 68,3%

Nei 31,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Lifir nýr meirihluti í borgarstjórn út kjörtímabilið?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Stjórnmálafræðingur segir stöðuna í borginni óbreytta þrátt fyrir meirihlutaskipti:

Borgarbúar eru ekki sáttir

STJÓRNMÁL „Það er greinilegt að þrátt fyrir nýjan meirihluta er staðan í borginni óbreytt," segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur tæplega 28 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn 4,5 prósenta fylgi samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

„Þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn hækki örlítið í fylgi frá síðustu könnun er fylgi Sjálfstæðisflokksins nær óbreytt," segir Einar Mar. „Einnig vekur athygli að einungis rúm 26 prósent segjast styðja nýmyndaðan meirihluta þannig að

EINAR MAR ÞÓRÐARSON Stjórnmálafræðingur segir stjórnmálin í Reykjavík hafa sett niður með þeim látum sem ríkt hafi í borgarstjórn á kjörtímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

það er greinilegt að borgarbúar eru ekki mjög sáttir."

Óvenju margir kváðust ekki ætla að kjósa, eða 17,5 prósent samanborið við tæp tíu prósent í síðustu könnun.

„Venjulega segjast sjö til tíu prósent ekki ætla að kjósa þannig að þetta er mjög hátt hlutfall," segir Einar Mar. „Það eru því greinilega kjósendur þarna úti sem eru búnir að gefast upp á stjórnmálunum í borginni og vel hægt að ímynda sér að það séu að öllu jöfnu stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins."

Einar Mar segir ljóst að stjórnmálin í Reykjavík hafi sett mjög niður með þeim látum sem ríkt hafi í borgarstjórn. „Það er auðvitað fáheyrt að fjórði meirihlutinn sé myndaður á tveimur árum." - ht

Stúlka flutt fársjúk á spítala:

Fimmtán ára tók e-töflu

LÖGREGLUMÁL Fimmtán ára stúlka var flutt fársjúk á spítala um helgina eftir að hafa tekið inn e-töflu á Dönskum dögum í Stykkishólmi.

Stúlkan mun hafa þjáðst af hjartsláttar- og öndunartruflunum. Lögreglumenn fluttu hana á spítalann um leið og þeir áttuðu sig á því hvað amaði að. Hún var útskrifuð á laugardag.

Grunur lék á að hún hefði fengið töfluna frá annarri stúlku á svipuðu reki. Fíkniefnahundur var látinn leita að töflum á henni en ekkert fannst. Engar e-töflur fundust raunar á hátíðinni, að sögn varðstjóra lögreglu. - sh

Hitabeltisstormurinn Kay:

Neyðarástand í Flóridaríki

FLÓRÍDA Yfirvöld í Flóridaríki í Bandaríkjunum hafa lýst yfir hættuástandi vegna yfirvofandi komu hitabeltisstormsins Kay. Í það minnsta fjórir létu lífið í flóðum í kjöflar stormsins á Haítí og í Dóminíska lýðveldinu. Veðurfræðingar hafa varað við því að stormurinn gæti breyst í fellibyl þegar hann næði Kúbu og suðurströnd Flórída á sunnudagskvöld eða mánudagsmorgun.

Kamilla Ríkharðsdóttir sem búsett er í Orlando, um 1.300 kílómetra frá suðurströndinni, hefur fylgst með fréttaflutningi af storminum í sjónvarpinu. „Við eigum vini þarna suðurfrá og það er gott í þeim hljóðið. Hins vegar vita allir að fellibyljir geta breyst á örskotsstundu," segir Kamilla. - kg

Hvetur til barneigna:

Vill fjölga íbúum Singapúr

SINGAPÚR, AP Forsætisráðherra Singapúr, Lee Hsien Loong, hvetur ungt fólk til að gifta sig snemma og eignast fleiri börn í von um að fjölga fólki í borgríkinu. Hver kona á nú að meðaltali 1.29 börn, en til að viðhalda þeim 4.6 milljónum sem nú búa í Singapore þyrfti hver kona að eignast að meðaltali um 2.1 börn. Loong, sem er 56 ára, segir bæði konur og menn þurfa að endurskoða viðhorf sitt til barneigna. Hann telur karlmenn vera of íhaldssama þegar kemur að því að eiga börn og konur gjarnan taka starfsframa sinn framyfir barneignir.

Hann segir það vera liðna tíð að konur sjái alfarið um heimilishaldið. Nú eigi jafnræði að ríkja og menn að hjálpa til við barnauppeldi og önnur heimilisstörf. - ag

Gagnaverin margfalt plássfrekari en álver

Gagnaverum og álverum hefur verið stillt upp sem andstæðum þegar rætt er um nýtingu orku. Sé miðað við sölu á orku til stóriðju benda áætlanir til þess að fleiri störf skapist með gagnaverum, en þau taka á móti margfalt meira pláss.

STÓRIÐJA Gagnaver myndu líklega skapa fleiri störf en álver sé miðað við orkuþörf. Gagnaverin eru hins vegar gríðarlega plássfrek og jafnvel risavaxnir kerskálar álvera eru að flatarmáli aðeins brot af því sem gagnaver þurfa, nýti þau sama orkumagn.

Stærðarmunurinn á álveri og gagnaveri er gríðarlegur. Sé álver Alcoa á Reyðarfirði notað sem dæmi þarf það um 560 megavött af orku og þar starfa um 450 manns. Álverið er samanlagt um níutíu þúsund fermetrar, á við þrjár Egilshallir.

Erfitt er að fá sambærilegar upplýsingar um gagnaver, enda ekkert gagnaver starfandi hér á landi. Það sem líklegt er að taki fyrst til starfa er gagnaver Verne Holdings, sem auglýsti eftir starfsfólki nýlega.

Þorvaldur E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Verne Holdings, segir að til að byrja með verði milli tuttugu og fjörutíu starfsmenn ráðnir. Þá mun gagnaverið þurfa um 25 megavatta orkugetu og nýta um 25 þúsund fermetra í skemmum á Keflavíkurflugvelli.

Miðað við að vel gangi að afla viðskipta og uppbygging gangi vel reiknar Þorvaldur með því að eftir fimm ár geti starfsmennirnir orðið milli sextíu og sjötíu, orkuþörfin um fimmtíu megavött og fermetrafjöldinn allt að áttatíu þúsund.

Út frá þessum tölum má áætla að um 22 lítil gagnaver þurfi svipaða orku og eitt álver af sömu stærð og álver Alcoa.

22 gagnaver myndu skapa, samkvæmt áætlunum Verne Holdings, um 660 störf, samanborið við 450 í álveri með sömu orkuþörf. Gagnaverin þurfa sex sinnum stærra húsnæði, á við tæplega nítján Egilshallir.

Séu bjartsýnar áætlanir Verne Holdings notaðar sem dæmi um stærra gagnaver þarf um ellefu slík gagnaver til að nýta sömu orku og álverið. Þau myndu skapa um 715 störf, samanborið við 450 störf í álverinu. Gagnaverin gætu hins vegar þurft tæplega tíu sinnum stærra húsnæði, á við rúmlega þrjátíu Egilshallir.

Athygli er vakin á því að með þessum samanburði er engin tilraun gerð til að bera saman fjölda afleiddra starfa, útflutningsverðmæti eða annað sem miklu getur skipt við samanburð á álverum og gagnaverum. brjann@frettabladid.is

ÁLVER OG GAGNAVER

	Álver	Lítil gagnaver	Stór gagnaver
Orka	560 MW	550 MW	550 MW
Störf	450	660	715
Fermetrar	90.000	550.000	880.000

LUNDUR 1 Vegurinn og hringtorgið verða færð sex metrum fjær húsinu en áætlað var.

Bæjarstjórinn í Kópavogi:

Kostnaður undir tíu milljónum

KÓPAVOGUR Kostnaður við breytingar á Nýbýlavegi hefur ekki verið uppreiknaður frá því í september 2007, þegar byggingaraðilar húseignarinnar að Lundi 1 gerðu fyrst athugasemd, samkvæmt Þór Jónssyni, forstöðumanni almannatengsla hjá Kópavogsbæ. Þá var gert ráð fyrir 30 til 50 milljóna króna kostnaði. Sá útreikningur hafi hins vegar gert ráð fyrir hönnunarbreytingum upp með öllum Nýbýlavegi, sem verða ekki gerðar.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segist ekki vita nákvæmlega hver kostnaðurinn verði fyrr en nýr útreikningur hafi farið fram. Framkvæmdirnar hafi þó verið komnar stutt á veg, og hann búist við undir tíu milljóna kostnaði. Sátt náðist um breytingarnar á Nýbýlavegi í síðustu viku, en um þær hefur staðið styr. - kg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Undir áhrifum fíkniefna

Ökumaður sem var stöðvaður í Vogunum reyndist vera undir áhrifum fíkniefna og var færður í fangageymslur í Keflavík.

Bílvelta á Vatnsleysu

Tveir voru fluttir á slysadeild um sjöleytið í gærmorgun eftir bílveltu á Vatnsleysustrandarvegi, rétt austan við Voga. Þeir reyndust ekki alvarlega slasaðir.

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Bræðurnir Ormsson og Hagkaup fá hrósið:

Góð þjónusta og betra verð

Að sið Doktorsins þykir mér þjóðráð að segja frá lágu verði eða góðri þjónustu líka – neytendapistlar mega alls ekki eingöngu ganga út á endalaust kvart og kvein.

Viðskiptavinur Bræðranna Ormsson keypti Olympus-myndavél í verslun þeirra í Síðumúla sem hún var ekki ánægð með.

„Ég fór bæði með hana í brúðkaup og sumarfrí en komst fljótlega að því að hún tók óskýrar myndir." Konan fór aftur í verslunina og skýrði frá vandræðum sínum.

„Starfsmaðurinn sem tók á móti mér var sammála því að myndirnar væru slæmar og lét mig fá aðra nákvæmlega eins vél í staðinn." Því miður reyndist sú vél einnig taka óskýrar myndir og fór hún aftur í búðina.

„Þegar þeir sáu að myndirnar voru enn jafn slæmar létu þeir mig fá aðra betri vél í staðinn og þurfti ég ekkert að greiða á milli."

Móðir fyrir norðan ákvað að stökkva á tilboð á skólatöskum fyrir tvíburana sína.

„Ég fór á stúfana í heimabæ mínum í leit að skólatöskum. Ég fann þessa fínu Beckman-tösku í Eymundsson og var komin á fremsta hlunn með að kaupa hana og greiða 8.600 fyrir. Ég ákvað að kíkja á fleiri staði og fór í Hagkaup þar sem sama taska fékkst á 5.075 krónur. Í stað þess að borga 17.200 borgaði ég 10.150 krónur."

HELGA ÞÓREY neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Skafmiðaleikur Domino's

Frá mánudeginum 18. ágúst fá allir viðskiptavinir Domino's frían skafmiða.* Fjöldi vinninga er í boði fyrir heppna vinningshafa:

- Helgarferð fyrir tvo með Iceland Express
- Bíómiðar á myndina Tropic Thunder
- Vinningar frá Vífilfelli
- Pizzuveislur frá Domino's

*Á meðan birgðir endast.

Í tilefni af 15 ára afmæli Domino's á Íslandi

GIGA VIKA

16.-24. ágúst

allar pizzur á 1.290 kr.*

*Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.

Iceland Express
með ánægju

Domino's Pizza

58·12345
www.dominos.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar fóru Danskir dagar fram um helgina?*

2 *Hvaða landsliði mætti íslenska handboltalandsliðið í Peking í nótt?*

3 *Hvaða íslenska R´n´B söngkona gaf nýlega út plötuna Kær leikur?*

Sveitarstjóri Norðurþings hvetur umhverfisráðherra til að breyta úrskurði sínum:

Vill undanþágu fyrir boranir

UMHVERFISMÁL Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, vill að Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra breyti úrskurði sínum um heildstætt umhverfismat vegna álversframkvæmda á Bakka.

Hann vill að rannsóknarboranir vegna orkuöflunar á Þeistareykjum verði undanþegnar umhverfismatinu svo tryggt sé að þeim megi ljúka innan þeirra tímamarka sem árstíðabundnar sveiflur á svæðinu leyfa. Verði ekki hægt að gera rannsóknir á svæðinu sumarið 2009 tefjist framkvæmdir um heilt ár en sveitarfélagið ætli hins vegar að semja við Alcoa haustið 2009.

BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON Sveitarstjórinn er ánægður með fund ráðherra og Húsvíkinga á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Rannsóknirnar séu að auki forsenda umhverfismatsins.

„Eitt af meginmarkmiðum umhverfismatsins gengur út á sjálfbærni. Til að geta svarað því hver sjálfbærnin er, hvað er á svæðinu og hve mikla nýtingu svæðið þolir verður auðvitað að bora fyrst“, segir Bergur.

Umhverfisráðherra verði að leiða sveitarfélagið og framkvæmdaaðila til að leysa úr þeim vandkvæðum sem umhverfismatinu fylgi.

Sveitarfélagið geti ekki beðið í ár eftir niðurstöðu enda hafi það komið að 1.400 milljóna króna fjárfestingu í gegnum Þeistareyki ehf. Alls liggi um fimm milljarða fjárfesting bundin á svæðinu. **- kóþ**

300 biblíur náðu ekki til Kína:

Heilög ritning tekin í tollinum

PEKING, AP Kínverskir tollverðir gerðu í gær upptækar yfir 300 biblíur sem fjórir Bandaríkjamenn komu með til landsins og hugðust dreifa frítt í borginni Kunming í suðurhluta Kína.

Starfsmaður tollsins sagði í samtali við fjölmiðla að einungis stæði til að „sjá um“ biblíurnar, en útskýrði það ekki nánar.

Fjölmiðlar sögðu fréttir af því í fyrra að biblíur yrðu bannaðar í Kína á meðan á Ólympíuleikunum stæði. Þær fréttir reyndust ósannar og var tíu þúsund eintökum af biblíum á ensku og kínversku dreift um Ólympíuþorpið. - sh

Mannskætt flugslys á Englandi:

Tvær litlar flugvélar rákust á

BRETLAND, AP Fimm manns létu lífið þegar tvær litlar flugvélar rákust saman í lofti og brotlentu yfir Englandi í gær. Flugvélarnar rákust saman nálægt Coventry, um 140 kílómetra norðvestur af London.

Einn farþegi var um borð í annarri vélinni, sem brotlenti á akri, en fjórir voru um borð í hinni, sem brotlenti í skóglendi skammt frá.

Flugslysið er í rannsókn. **- ag**

Forsetanum settir afarkostir:

Ákæra í bígerð gegn Musharraf

ISLAMABAD, AP Ríkisstjórn Pakistans hefur sett Pervez Musharraf þá afarkosti að annað hvort segi hann af sér embætti innan tveggja daga eða verði ákærður fyrir brot í embætti.

Pakistanski þjóðarflokkurinn sakar Musharraf um brot gegn stjórnarskrá landsins. Varnarmálaráðherra landsins segir að Musharraf verði birt ákæran á þriðjudag hafi hann ekki sagt af sér.

Musharraf hefur hins vegar gefið út yfirlýsingu þess efnis að hann muni ekki segja af sér og verja sig sjálfur í málinu. - sh

Stöku mótmælendur ná að koma boðskap fram í Kína

Fáir mótmælendur í Kína nýta sér þar til gerð svæði, sem stjórnvöld hafa úthlutað undir mótmæli. Nokkrum hefur tekist að koma boðskap sínum á framfæri. Stjórnvöld hafa vísað erlendum mótmælendum úr landi.

KÍNA, AP Ýmsum hópum mótmælenda hefur tekist að gera Ólympíuleikana í Kína að vettvangi gagnrýni sinnar á þarlend stjórnvöld, þrátt fyrir óvenju strangar öryggisráðstafanir.

Nú síðast voru fimm erlendir mótmælendur reknir frá Kína á föstudag eftir að hafa klifrað upp auglýsingaskilti við nýbyggingu ríkissjónvarpsins í Peking og breitt þar úr borða til stuðnings Tíbet.

Lögreglan handtók mótmælendurna strax og fjarlægði fljótlega borðann. Mótmælendurnir fimm eru frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada.

Kurt Langer, talsmaður mótmælendanna, segir þá hafa valið höfuðstöðvar ríkissjónvarpsins sem vettvang mótmæla sinna vegna þess að ríkisfjölmiðlarnir í Kína séu notaðir til útbreiðslu áróðurs.

„Þeir eru að reyna að hvítþvo mannréttindasögu sína og draga upp fagra mynd handa umheiminum, þótt raunveruleikinn sé ljótur á bak við tjöldin og ástandið í Tíbet verra en það hefur verið í langan tíma,“ sagði Langer.

Í vikunni sá alþjóða Ólympíunefndin ástæðu til að ítreka þær kröfur til kínverskra stjórnvalda, að erlendir fréttamenn fái óhindrað að segja frá því sem fyrir ber. Þessi skilaboð sendi nefndin eftir að breskur blaðamaður sagðist hafa orðið fyrir því, þegar hann hugðist segja frá mótmælum í borginni, að lögreglan hafi tekið harkalega á sér. Lögreglan segist hafa talið blaðamanninn vera einn mótmælendanna.

BOÐSKAPURINN BLASIR VIÐ Mótmælendum í Peking tókst að koma skilaboðum sínum stutta stund á framfæri á föstudag, áður en þeir voru handteknir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínversk stjórnvöld hafa úthlutað mótmælendum ákveðnum svæðum þar sem þeir eiga að fá að koma mótmælum sínum óhindrað á framfæri.

Mótmælendur kvarta þó undan því að þessi úthlutuðu svæði, sem eru þrjú talsins og langt frá vettvangi sjálfra Ólympíuleikanna, hafi ekki þann tilgang að auðvelda þeim að koma mótmælum sínum á framfæri, heldur sé tilgangurinn einkum sá að kínversk stjórnvöld fái upplýsingar um mótmælendurna, svo auðveldara verði að fylgjast með þeim og hafa hendur í hári þeirra ef ástæða þykir til – að mati stjórnvalda.

Lítið hefur borið á því, að mótmælendur hafi notfært sér þessi svæði, enda þarf að sækja fyrirfram um leyfi til að efna til mótmæla þar. Af þeim mótmælaaðgerðum, sem skotið hafa upp kollinum þrátt fyrir allt á öðrum stöðum, má þó ráða að lítill skortur sé á vilja til mótmæla.

gudsteinn@frettabladid.is

Yfirlögregluþjónn segir heimamenn hafa hagað sér vel á Dönskum dögum:

Lögreglan kennir ungu aðkomufólki um vandræðin

LÖGREGLUMÁL Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi, segir ungt aðkomufólk hafa átt sök á mikilli ölvun og vandræðum á Dönskum dögum á Stykkishólmi um helgina. Margir gistu fangageymslur aðfaranótt laugardags, en rólegra var yfir hátíðinni aðfaranótt sunnudags. Þó var eitthvað um pústra og þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglu.

„Ég þekki mitt fólk. Við höfðum ekki afskipti af einum einasta heimamanni. Maður fær á tilfinninguna að sumir hafi komið hingað gagngert til að skemma fyrir öðrum. Íbúum blöskraði og hátíðin verður endurskoðuð. Það er á hreinu,“ segir Ólafur.

Sara Jóhannsdóttir á og rekur pylsuvagninn „Einar með öllu“ í bænum ásamt Einari Gunnarssyni eiginmanni sínum. Pylsuvagninn var opinn báðar næturnar og stóð Sara vaktina. „Manni dettur í hug að meira vesen sé á unga fólkinu þegar hátíðin kemur upp á aðra helgi en Menningarnótt Reykjavíkur, en venjulega eru hátíðirnar haldnar samtímis. Einnig gæti haft eitthvað að segja að á föstudagskvöldið, þegar mestu lætin voru, var engin skipulögð dagskrá í gangi. Laugardagskvöldið var rólegra, þegar bryggjuballið og fleira var haldið,“ segir Sara. Hún segir ókyrrðina hafa legið í loftinu á föstudaginn. Mögulega hafi kveikiþráðurinn í fólki verið styttri vegna slæms veðurs.

Daði Heiðar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri Danskra daga, segir að aðstandendur hátíðarinnar muni funda eftir helgi og fara yfir hvaða lærdóm megi draga af reynslu helgarinnar. Hins vegar hafi hátíðin gengið vel í fimmtán ár samfleytt, og erfitt sé að búa sig undir vandræði eins og þau sem urðu um helgina. **- kg**

FANGAGEYMSLUR FULLAR Yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi segir klárt mál að endurskoða þurfi Danska daga.

DANSKIR DAGAR Framkvæmdastjóri hátíðarinnar segir erfitt að búa sig undir vandræði eins og þau sem urðu um helgina.

Skólatilboð - Gerðu góð kaup Í Office1

Takmarkað magn!



5000 kr inneignanóta í Office1 fylgir hverri seldri vél

Toshiba Satellite A300D-11T Vörunúmer: TTWTA300D-11T

79.999 kr

AMD Dual Core X2 TK57 örgjörvi / 15.4” TruBrite WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / ATI Radeon X1250 / 831MB skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 250GB harður diskur / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Bluetooth / Harmon Kardon hátalarar / Innbyggður kortalesari / Aðeins 2.7kg / Windows Vista Premium / 2gja ára alþjóðleg ábyrgð

3.193,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

Skiptu gömlu bókunum upp í fartölvu

Búinn í skóla? Fáðu pening fyrir gömlu skólabækurnar og notaðu upp í nýja fartölvu hjá Office1.

3.572,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

HP Pavilion G6061 Vörunúmer: OKKH953EA

89.999 kr

AMD Dual Core X2 TK57 örgjörvi / 15.4” BrightView WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / NVIDIA® GeForceT 7000M skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 120GB harður diskur / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Windows Vista Premium / 2gja ára ábyrgð

4.709,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

HP Pavilion DV6820 Vörunúmer: OKKW103EA

119.999 kr

AMD Dual Core X2 TL60 örgjörvi / 15.4” BrightView WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / NVIDIA® GeForceT 8400M skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 250GB harður diskur / Fjarstýring - HDMI tengi / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Innbyggður kortalesari / Windows Vista Premium / 2gja ára ábyrgð

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110 , Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

FLÓÐ Í BELFAST Yfirgefinn bíll á hraðbraut í Belfast, sem er á kafi í vatni eftir úrhellisrigningu síðustu daga.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árleg minningarathöfn vegna fósturláta haldin í bænahúsi við Fossvogskirkju:

Eins og draumur sem deyr

TRÚMÁL „Aðmissafóstureróáþreifanleg sorg, foreldrarnir eru að missa einstakling sem enginn þekkir," segir séra Ingileif Malmberg, sjúkrahúsprestur á Landspítala.

Árleg minningarathöfn vegna fósturláta fer fram í Bænahúsi við Fossvogskirkju á miðvikudaginn. Athöfnin var fyrst haldin árið 1995 en sjúkrahúsprestar og djákni Landspítala sjá um athöfnina í samvinnu við starfsfólk kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

„Þetta er liður í að þetta sé viðurkennd sorg," segir Ingileif. „Athafnirnar hafa alltaf verið áætlega sóttar, allavega finnum við að þetta er vel þegið."

Hún líkir fósturláti við draum sem deyr. „Um leið og kona verður ófrísk fara allar þessar væntingar af stað. Fólk setur sig í stellingar, það er að fara að eignast barn og fer ósjálfrátt að hugsa fram í tímann. Það er því yfirleitt heilmikið áfall og sorg þegar fóstrið deyr."

Ingileif segir eina konu af hverjum fimm verða fyrir því að missa fóstur einhvern tímann á ævinni. Áður fyrr hafi fósturlát ekki mikið verið rædd. „Fólk var hvatt til að bíta á jaxlinn, halda áfram og reyna aftur en þetta er ekki alltaf alveg svo einfalt."

„Umhverfið skilur kannski ekki alltaf þessa sorg. Þess vegna

VIÐ BÆNAHÚSIÐ FOSSVOGSKIRKJU Séra Ingileif Malmberg við bænahúsið þar sem minningarathöfnin fer fram á miðvikudaginn klukkan 16.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

reynum við að koma til móts við foreldrana með því að sinna þeim eins og við getum." - ovd

27 ára kona í Alexandríu:

Sjöburafæðing í Egyptalandi

EGYPTALAND, AP Egypsk kona eignaðist sjöbura, fjóra drengi og þrjár stúlkur, í borginni Alexandríu um helgina. Að sögn lækna heilsast bæði móðurinni og sjöburunum vel, en börnin voru tekin með keisaraskurði eftir átta mánaða meðgöngu og vógu aðeins á bilinu 1,5 til tvö kíló hvert.

Móðirin, Ghazala Khamis, sem er 27 ára gömul, tók frjósemislyf í von um að eignast sveinbarn. Fyrir eiga hún og eiginmaður hennar þrjár stúlkur sem eru á bilinu sjö til ellefu ára, en þeim þótti eftirsóknarverðara að eignast dreng eins og algengt er í múslimalöndum. - ag

Capacent og HR í samstarf:

Vilja styrkja endurmenntun

MENNTUN Samningur um víðtækt samstarf á sviði stjórnendaþjálfunar og -fræðslu milli Capacent og Háskólans í Reykjavík (HR) var undirritaður á fimmtudag. Í samningnum felst að aðilar munu sameina krafta sína á námskeiðum undir merkjum Opna háskólans.

Í tilkynningu frá HR segir að markmið samningsins sé að auka framboð á sviði sí- og endurmenntunar. Einnig að veita íslensku atvinnulífi hágæða fræðslu og þjálfun. - kg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Átta gistu fangageymslur

Mikil ölvun var í miðborginni aðfaranótt sunnudags, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Tveir voru teknir fyrir ölvunarakstur og átta manns gistu fangageymslur vegna ölvunar.

Til skoðunar er að leyfa saksóknara eða lögreglu að úrskurða um nálgunarbann:

Aðrir úrskurði um nálgunarbann

DÓMSMÁL Allsherjarnefnd Alþingis skoðar nú þann möguleika að færa úrskurðarvald um nálgunarbann frá dómstólum til annaðhvort saksóknara eða lögreglu. Þetta staðfestir Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar.

BIRGIR ÁRMANNSSON

Nefndin hefur til umfjöllunar frumvarp dómsmálaráðherra um nálgunarbann og er áætlað að það verði afgreitt skömmu eftir að þing kemur saman í byrjun september. Birgir segir málið meðal forgangsatriða nefndarinnar.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, talaði fyrir því í Fréttablaðinu í síðustu viku að úrskurðarvaldið yrði fært frá dómstólum til lögreglu. Nálgunarbann væri úrræði sem beita þyrfti fljótt og það væri hætt að þjóna upphaflegum tilgangi sínum.

Ummælin féllu í kjölfar þess að Hæstiréttur hafnaði beiðni um nálgunarbann á hendur manni sem grunaður er um alvarlegt heimilisofbeldi.

ALÞINGI Frumvarp dómsmálaráðherra verður líkast til afgreitt skömmu eftir að þing kemur saman í september.

Birgir segir þetta vera meðal þess sem er til skoðunar hjá nefndinni. „Þetta er tvímælalaust atriði sem nefndin mun taka afstöðu til," segir hann. Til greina komi að valdið verði fært frá dómstólum til saksóknara, eða jafnvel lögreglu. - sh

Gísli Marteinn Baldursson:

Ró kemst á stjórn borgarinnar

REYKJAVÍK „Mér líst mjög vel á nýja meirihlutann. Ég held að nú komist ró á stjórn borgarinnar og ég er ekki í vafa um að þessi meirihluti muni halda til loka kjörtímabilsins," segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Gísli ætlar að reyna að lágmarka þær byrðar sem hann tekur á eigin herðar sökum þess að hann verður með annan fótinn í Skotlandi í vetur.

„Þegar ég kem heim næsta sumar tek ég við þeim embættum sem mér verða falin," segir Gísli. - vsp

Leyndarmál franskrar matargerðar afhjúpað

Ólífuolía er ekki bara ólífuolía. Frakkar vita það. Þess vegna hafa þeir notað Puget-ólífuolíu í meira en 150 ár. Nú er komið að Íslendingum. Puget-ólífuolía er bragðgóð, á hagstæðu verði og hentar í hverskyns matargerð. Náðu þér í flösku af Puget-ólífuolíu og byrjaðu að töfra fram ljúffenga rétti strax í dag.

Puget – leyndarmál franskra eldhúsa í yfir 150 ár.

YFIRLIT NÁMSKEIÐA Á HAUSTÖNN 2008

STARFSNÁM OG BRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn, þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaði.

Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 245.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

Fjármál og rekstur

132 stundir - Verð: 162.000.-
Morgunnámskeið byrjar 2. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. september

Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 245.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

Skrifstofunám & hönnun

414 stundir - Verð: 408.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

Sölunám & hönnun

420 stundir - Verð: 408.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 469.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 385.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Flott námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði. Allir kennarar NTV á þessu sviði búa yfir gríðarmikilli reynslu úr atvinnulífinu

Auglýsingatækni

156 stundir - Verð: 196.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 8. september

Photoshop Expert

72 stundir - Verð: 112.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 22. október

Photoshop grunnnám

30 stundir - Verð: 33.000.-
Morgunnámskeið byrjar 28. ágúst
Kvöldnámskeið byrjar 28. ágúst

Alvöru Vefsíðugerð

210 stundir - Verð: 209.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 16. september

ALMENNT TÖLVUNÁM

Markmið námskeiðanna er að kenna almenna tölvunotkun fyrir byrjendur eða þá sem ekki hafa farið á námskeið áður.

Tölvunám - fyrstu skrefin

30 stundir - Verð: 34.000.-
Síðdegisnámskeið byrjar 29. september
Kvöldnámskeið byrjar 30. september

Almennt tölvunám

78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. nóvember
Kvöldnámskeið byrjar 8. september

BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

Grunnnám í bókhaldi

108 stundir - Verð: 109.000.-
Morgunnámskeið byrjar 9. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. september

Navision viðbótarnám (Nóv. og des)

24 stundir - Verð: 33.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

NTV ER NÚ VOTTAÐUR MICROSOFT SÉRFRÆÐISKÓLI

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni.

Nú hefur stórt skref verið stigið á þeim vettvangi með Learning Partner vottun frá Microsoft og samstarfssamningum við Quality Training[Ltd.] & Dive Deeper Technology Events™.

Það sést m.a. í miklum fjölda nýrra sérfræðinámskeiða nú á haustönn ásamt stórri námsstefnu í Smárabíói sem betur verður auglýst síðar.

Allar nánari upplýsingar um sérfræðinámskeiðin er að finna á vef skólans: ntv.is

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2008 STENDUR YFIR!

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

FRÉTTASKÝRING: Umhverfismerkingar í sjávarútvegi

Vantraust byggt á misskilningi?

Umhverfismerkingar eru mál málanna innan sjávarútvegsins víða um heim og lykillinn að mörkuðum í framtíðinni er jákvæð ímynd hreinleika og ábyrgðar á nýtingu auðlindarinnar. Krafan er að geta sannað að skilyrði um sjálfbærni séu uppfyllt en deilt er um hvernig það verður best gert. MSC er þekktasta umhverfismerkið í sjávarútvegi en því hefur íslenskur sjávarútvegur hafnað.

CAMIEL DERICHS Framkvæmdastjóri Sjávarnytjaráðsins fyrir N-Evrópu (MSC) vonast til að hægt sé að eyða tortryggni á milli íslenskra aðila í sjávarútvegi. MSC er útbreiddasta umhverfismerking í sjávarútvegi og fjölmörg fyrirtæki um allan heim kjósa þessa merkingu. Þegar til framtíðar er litið er talið að umhverfismerkingar verði nauðsynlegar til að njóta trausts í viðskiptum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Umhverfisvottun íslenskra sjávarafurða hefur verið kallað mest aðkallandi hagsmunamál greinarinnar í ræðu og riti á undanförnum árum. Fiskistofnar heimsins teljast nú fullnýttir og samfara því er samkeppni um markaði harðari en nokkru sinni. Lykillinn að helstu mörkuðum er jákvæð ímynd hreinleika og ábyrgðar á nýtingu auðlindarinnar. Undirliggjandi í þessari umræðu er hvernig sannað verður á sem trúverðugastan hátt að villtur fiskur komi frá stofnum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Má segja að leiðin hafi verið fundin með umhverfismerkingum sem neytandinn getur treyst. En þar liggur einnig vandinn því deilt er um hverjum er í raun treystandi til að gefa slíka gæðavottun.

Þekktasta umhverfismerkið

MSC (sem stendur fyrir Marine Stewardship Council) er þekktasta umhverfismerkið í sjávarútvegi. Merkið vottar að fiskur komi frá stofnum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt og er þar litið heildrænt á veiðarnar, ástand stofnsins og aðferðir við að ná aflanum. MSC var stofnað árið 1996 af Alþjóða-náttúruverndarsjóðnum (WWF) og stórfyrirtækinu Unilever og í yfirlýsingu var tilgangurinn að bregðast við því að ríkisstjórnir heimsins hefðu brugðist í ábyrgri fiskveiðistjórnun og í samstarfi við neytendur væri ætlunin að þrýsta á úrbætur. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, LÍÚ og fjölmargir aðrir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa alfarið hafnað því að taka upp þessa vottun vegna tortryggni í garð MSC vegna tengsla þess við umhverfissamtök. Í stað þess er unnið að íslensku umhverfismerki til að undirstrika sérstöðu íslenskra sjávarafurða og treysta orðspor þjóðarinnar sem ábyrgrar fiskveiðiþjóðar.

Misskilningur og gagnrýni

Camiel Derichs segir gagnrýni á MSC byggða á misskilningi. „Þrátt fyrir að uppruna MSC sé að rekja til WWF þá eru ítök þess lítil sem engin í dag. WWF hefur það orð á sér að vera höfuðóvinur fyrirtækja í sjávarútvegi í heiminum en eftir að samtökin stóðu að stofnun MSC drógu þau sig til baka og MSC eru óháð alþjóðleg samtök með það á stefnuskrá að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum í höfum heimsins. Fjármögnunin kemur frá fjölmörgum stofnunum sem leggja til styrki til fjölbreyttrar starfsemi. Má þar nefna krabbameinsrannsóknir, sjúkdómavarnir í þróunarlöndunum og Rauða krossinn. Fyrstu árin fékk MSC mikla gagnrýni og naut ekki trausts en eftir að við uppfylltum skilyrði Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um umhverfismerkingar að fullu snérist taflið við. Síðan 2006 hefur fjöldi fyrirtækja og hagsmunaaðila í sjávarútvegi komið til samstarfs við okkur og þeirra á meðal frá Noregi og Japan þaðan sem harðasta gagnrýnin kom í byrjun."

Frá efasemdum til trausts

Derichs segir að innan MSC vonist menn til að Ísland taki þátt í þessari sveiflu frá efasemdum til trausts og samstarf verði tekið upp áður en langt um líður. Vera hans á Íslandi þessa dagana tengist því og leitast hann við að skýra málstað MSC og eyða þeim misskilningi sem hann segir koma í veg fyrir viðurkenningu MSC-vottunar hér á landi. „Við erum frjáls félagasamtök sem eigum ekkert sameiginlegt með WWF og Greenpeace sem halda upp áróðri gegn því sem þeir telja sér ekki hugnanlegt. Við byggjum á viðskiptalegum grunni og leitumst við að vinna með þeim sem stunda sjálfbærar veiðar og vinnslu. Okkar tengsl við WWF einskorðast við upphafið og þann smávægilega fjárhagslega stuðning sem frá þeim kemur og er nú innan við tvö prósent af okkar fjármagni á ársgrundvelli. Sá sem hefur mest völd innan okkar raða er sjávarútvegurinn sjálfur eins og kristallast í samsetningu stjórnar MSC."

Sérískenskt umhverfismerki

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur greint frá því að hvert sem hann komi til að ræða íslenskan sjávarútveg fái hann fjölmargar fyrirspurnir um afstöðu Íslendinga til umhverfismerkinga og hvernig þeim málum verði háttað í framtíðinni. Hann hefur einnig verið þaulspurður um ástæður þess að Íslendingar hafa hafnað MSC-vottun alfarið. Á síðasta Fiskiþingi vék hann að þessu og sagði það útbreidda skoðun að MSC-vottun væri eina rétta leiðin í huga margra og það á heimsvísu. Þar á meðal kaupenda íslenskra fiskafurða sem hann hefur fundað með og gesta á alþjóðlegri ráðstefnu um sjávarútveg í Noregi í febrúar. „Ég lagði ríka áherslu á að fleiri kostir kæmu til greina. Íslendingum hugnaðist ekki MSC og við erum hreint ekki einir um að hafa ímugust á því merki," sagði hann í ræðu sinni. Sú ákvörðun liggur fyrir að hanna sérískenskt umhverfismerki og er niðurstöðu undirbúningsvinnu að vænta í október. Þar er horft til þeirra skilyrða sem FAO setur eins og í tilfelli MSC. Á sama tíma hafa Norðurlöndin tekið þá ákvörðun að nýta sér MSC-merkið, þar á meðal Norðmenn sem hafa tekið upp slíka vottun á ufsa til að tapa ekki markaðshlutdeild gagnvart alaskaufsa.



MSC-vottun eða matsferli nær til átta prósenta af þeim útgerðum sem veiða til manneldis.

Um 1.400 vöruteg-undir bera umhverf-ismerki MSC.

Það eru yfir fimm milljónir tonna.

Á milli tvær og þrjár milljónir tonna eru í forathugun.

MSC setur staðla og vinnur fyrir vottaðar útgerðir.

Samtökin skipta sér ekki af fiskveiði-stjórnun.

Matsferli tekur um eitt ár.

Derichs telur hönnun íslensks umhverfismerkis góða hugmynd. „Við fögnum öllum umhverfismerkingum sem uppfylla nauðsynlega staðla því þau hafa sama markmið og MSC. Hins vegar getur verið erfiðleikum háð að kynna nýtt merki fyrir smásölum og neytendum. Við þekkjum það hjá MSC þar sem það tók rúman áratug að koma boltanum til að rúlla og það án samkeppni. Slík kynning er ekki einungis tímafrek heldur er hún kostnaðarsöm. Eins virðist sem markaðurinn kalli eftir einu merki sem þekkt er um allan heim. Einnig má segja að íslenskt merki útiloki ekki MSC því slík merki gætu vel unnið saman."

Vopn þeirra ofsóttu

MSC hefur umhverfisvottað veiðar á tegundum sem Greenpeace og önnur umhverfissamtök, þar á meðal WWF, hafa gagnrýnt og beitt sér gegn í langan tíma. „Okkar vottun hefur nú þegar styrkt stöðu fiskveiða á svæðum sem umhverfissamtök hafa beitt sér gegn, oft án nokkurs rökstuðnings. Þeir sem hafa unnið á okkar vegum hafa hrakið áróður þessar umhverfissamtaka með því að sýna fram á að veiðarnar eru og hafa verið stundaðar á sjálfbæran hátt og þannig slegið vopnin úr höndum þeirra sem kjósa að reka rakalausan áróður." Derichs telur að þetta sé nokkuð sem Íslendingar ættu að hugsa um þar sem áróður umhverfissamtaka er okkur góðkunnur. „Það er til dæmis með ólíkindum að umhverfissamtök leggi þorskstofna við Ísland, Eystrasalt og Norðursjó að jöfnu. Áróðurinn nær eyrum neytenda sem hafa lítil tækifæri til að vita muninn öðruvísi en að merki votti að fiskurinn sem þeir kaupa sé veiddur á ábyrgan hátt úr sjálfbærum stofni."

Skiljanleg afstaða

Afstöðu LÍÚ til MSC-vottunar ber að skoða í ljósi þess að MSC tekur hart á trollveiðum og sérstaklega botnveiðum með troll. Stór hluti skipa þeirra útgerða sem eru innan vébanda LÍÚ eru togarar og gagnrýnin því eðlileg, enda hefur áróður gegn botnveiðum verið áberandi og oft reyfarakenndur. Erfitt gæti reynst að fá MSC-vottun fyrir slíkar veiðar án þess að gangast undir skilyrði sem eru óraunhæf fyrir þær útgerðir sem draga meginþorra íslensks sjávarafla á land. „Við höfum frá upphafi skilgreint Ísland sem eitt mikilvægasta svæðið fyrir starfsemi okkar og höfum rætt við LÍÚ til að reyna að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Það er einfaldlega vegna þess hversu mikið sambandið hefur að segja í allri umræðu og ákvörðunartöku í íslenskum sjávarútvegi. En satt best að segja hefur okkur ekkert orðið ágengt."

Derichs telur þó að gagnrýni LÍÚ sé ekki lengur gild vegna þess hvernig MSC er byggt upp, mat á sjálfbærni sé framkvæmt af þriðja aðila og allar kröfur FAO séu uppfylltar. „Við vonumst til að við getum rætt málin á þessum grundvelli en ekki í skugga þeirra tortryggni sem ríkir innan þeirra vébanda."

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

NÝ SUMARTILBOÐ

Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	~~299.900~~ UPPSELT	**169.900**
180x200	309.900	**179.900**

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	**259.900**
180x200	299.900	**279.900**

Scape	Verð	Tilboð
160x200	479.900	**459.900**
180x200	499.900	**479.900**

Sofia rúmstæði með náttborðum
fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

Fataskápur
Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup

10.000 kr. afsláttur af
öllum heilsurúmum

Glænýtt tilboð
COAST svefnsófi
Tilboð **46.080.-**
Verð áður 76.800.-

Visco-X með botni og fótum
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900

COE leður-rúmstæði
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150 www.svefn.is
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr meirihluti í Reykjavík fær enga forgjöf.

Borgarbúar uppgefnir

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Borgarbúar hafa greinilega fengið sig fullsadda á þeirri ringulreið sem ríkt hefur í Ráðhúsi Reykjavíkur frá síðustu borgarstjórnarkosningum. Þá ályktun má að minnsta kosti draga af skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á laugardaginn, tveimur dögum eftir að tilkynnt hafði verið um nýjan meirihluta.

Í könnuninni hefur nýr meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknarmannsins Óskars Bergssonar einungis liðlega fjórðungsfylgi. Ljóst er því að nýi meirihlutinn fær enga forgjöf hjá kjósendum í Reykjavík.

Fylgið við nýja meirihlutann er svipað því fylgi sem meirihluti sjálfstæðismanna og Ólafs F. Magnússonar hafði þegar hann var nýmyndaður í janúar.

Mikill munur er þó á fylgi við verðandi borgarstjóra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og því fylgi sem Ólafur F. Magnússon naut þegar tilkynnt hafði verið um að hann myndi setjast í borgarstjórastólinn. Um þriðjungur svarenda í könnuninni nefndi Hönnu Birnu sem þann borgarstjóra sem þeir vildu helst en einungis um fimm prósent nefndu Ólaf F. í janúar þegar hann var að taka við.

Staða Óskars sem oddamanns í meirihluta er þó svipuð stöðu Ólafs F. í fráfarandi meirihluta að því leyti að varamaðurinn styður hann ekki. Óskar getur því einn framsóknarmanna gegnt formennsku í nefndum, rétt eins og Ólafur forðum, og þarf greinilega að leita út fyrir listann að fulltrúum til að manna nefndirnar vegna þess að nokkuð hefur þynnst í röðum þeirra framsóknarmanna sem skipuðu framboðslista flokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.

Það sem nýi meirihlutinn hefur umfram þann gamla er að meiri einhugur virðist í röðum sjálfstæðismanna um myndun hans og leiðtogi þeirra nú er sterkari en leiðtoginn þá.

Að auki eiga Óskar og sjálfstæðismenn málefnalega samleið langt umfram það sem gilti um Ólaf og sjálfstæðismenn.

Skýringuna á litlu fylgi nýja meirihlutans má því fyrst og fremst leita í þreytu borgarbúa á ástandinu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um það vitnar einnig hátt hlutfall þátttakenda í skoðanakönnuninni sem segjast myndu skila auðu eða ekki mæta á kjörstað ef gengið yrði til kosninga nú. Þetta hlutfall hefur alla jafna verið 10 prósent og þaðan af minna í skoðanakönnunum blaðsins en var 17,5 prósent á laugardaginn.

Líklegt er að nýmyndaður meirihluti muni sitja út kjörtímabilið þannig að næstu mánuði hefur hann tækifæri til að endurvinna traust kjósenda með verkum sínum.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur telur að það séu ekki síst stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins sem „eru búnir að gefast upp á stjórnmálunum í borginni“. Það er að minnsta kosti ljóst að endurkoma Sjálfstæðisflokksins að stjórn Reykjavíkurborgar, eftir að Reykjavíkurlistinn gaf flokknum tólf ára hlé frá völdum, hefur verið snautleg fram til þessa.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Er hún f*****g borgarstjóri?

Þegar Ólafur F. Magnússon tók við sem borgarstjóri fjölmenntu borgarbúar í Ráðhúsið og létu óánægju sína í ljós af áhorfendapöllum með hrópum og köllum. Fremstir í flokki voru liðsmenn ungliðahreyfinga Tjarnarkvartettsins, skiljanlega óánægðir með svanasöng hans. Nú hefur formaður Ungra jafnaðarmanna boðað mótmælaaðgerðir á fimmtudag þegar nýjasti meirihlutinn tekur við völdum, án þess að vilja útlista nánar í hverju þau munu felast. Nú bíðum við bara í ofvæni eftir að fá að vita hvort Hanna Birna Kristjánsdóttir er „f*****g borgarstjóri“ eður ei.

Gengur hægt en bítandi

Mætingin á pallanna gæti minnkað eitthvað, enda hefur fylgi borgarstjórnarmeirihlutans rokið úr 25,9 prósenta stuðningi við þann gamla upp í 26,2 prósent við þann nýja. Það eru heil 0,3 prósentustig á átta mánuðum. Ef þetta heldur svona áfram verður meirihlutinn í borgarstjórn kominn með meirihlutafylgi eftir tæp 53 ár. Ekki nema.

Reiðasti Daninn víðsfjarri

Allt ætlaði upp úr að sjóða á Dönskum dögum í Stykkishólmi um liðna helgi. Lögregluþjónar bæjarins eru algjörlega eftir sig, segjast aldrei hafa kynnst öðru eins og skella skuldinni vitanlega á aðkomufólk að gömlum og góðum sið. Þrátt fyrir að mönnum hafi verið afar heitt í hamsi herma heimildir Fréttablaðsins að Ulrik Wilbek, hinn smái en knái landsliðsþjálfari Dana í handknattleik, hafi hvergi verið sjáanlegur á Snæfellsnesinu, hversu argur út í Íslendinga sem hann kann að hafa verið.

stigur@frettabladid.is

Það var platað mig

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Stjórnmál

Stundum þegar ég hitti gamla vini sem búa enn í Reykjavík og þeir spyrja mig hvort það sé ekki alltaf rok þarna úti á Álftanesi þá svara ég: „Það er ekki eins og þú búir í einhverju Flórída“. Og núna þegar þeir spyrja hvaða eilífu læti þetta séu alltaf hreint í bæjarpólitíkinni á Álftanesi þá get ég svarað: „Það er ekki eins þú búir í einhverju Sviss...“

Því að rokið er ekki meira á Álftanesi en víðast í höfuðborginni og lætin í pólitíkinni á Álftanesi eru aðallega eilíf upphlaup í þremur eða fjórum sjálfstæðismönnum sem una því illa að vera ekki lengur í meirihluta. Því sjálfstæðismenn eru jafn tapsárir og danskir handboltamenn. Það liggur einhvern veginn í eðli þeirra. Þeim finnst óskiljanlegt óréttlæti fólgið í því að þeir stjórni ekki öllu. Þeir líta svo á að stjórn sjálfstæðismanna sé hin náttúrulega skipan hlutanna eins og Guð hafi gengið frá henni þegar hann var að skapa Adam og Evu og Ólaf Thors. Þeim er ámóta ljúft að láta af völdum og olíufélögunum að lækka bensínverðið.

Carry on-stjórnin

Og nú hafa sjálfstæðismenn stjórnað atburðarásinni í Reykjavík frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Reykvíkingar hafa fengið að kynnast því hvað kemur út úr valdapólitík Sjálfstæðismanna. Það er glundroði. Það er raunar slík vitleysa að Þórunn Elísabet Bogadóttir hittir naglann á höfuðið í pistli í Fréttablaðinu í gær þegar hún minnir á það hvernig einkunnarorð nýja meirihlutans – „Höldum áfram“ – hljóma á ensku: Þetta er Carry on-stjórnin.

Því sjálfstæðismenn töpuðu síðustu kosningum – það er eins og það vilji stundum gleymast.

Meirihluti kjósenda hafnaði því með öðrum orðum að þeir ættu að stjórna borginni en dreifði sér milli þeirra flokka sem áður störfuðu saman í Reykjavíkurlistanum. Það þarf því ekki að vekja undrun að Tjarnarkvartettinn skuli vera eini meirihlutinn á þessu kjörtímabili sem notið hefur stuðnings kjósenda og Dagur B. Eggertsson eini borgarstjórinn sem notið hefur almenns trausts – eða virtist yfirhöfuð valda starfinu. Að vísu líkaði kjósendum heldur vel við gamla góða Villa í byrjun þar til rann upp fyrir þeim að hann hafði enga stjórn á sínu fólki og virtist óvenju bíræfinn í því að segja bara það sem hentaði hverju sinni.

Fremur en að horfast í augu við að kjósendur höfnuðu þeim hafa sjálfstæðismenn stundað það að lokka til sín veikasta hlekkinn hverju sinni í samstarfi andstæðinganna, og beitt fagurgala og blekkingum og síðan óhróðri og dylgjum til að losna við viðkomandi þegar ekki var hægt að notast við hann lengur og annað og betra bauðst.

Var platað hann?

Ólafur F. Magnússon hefði betur gert sér grein fyrir þessu fyrr. Hann kemur nú fram fyrir alþjóð sem hrekklaus einfeldningur og fórnarlamb klækja og refja sjálfstæðismanna: Það var platað mig.

Vissulega virtist manni á köflum sem jaðraði við að fjölmiðlar legðu hann hálfpartinn í einelti í starfi, það var alltaf einhver meinfýsinn tónn í skrifum fjölmiðla um hann og hann var sennilega ekki látinn njóta sannmælis fyrir staðfestu sína og allt var lagt út á versta veg fyrir honum. Nú hefur hann meira að segja upplýst að það embættisverk sem hann hlaut einna mest ámæli fyrir – yfirgengilegar greiðslur fyrir hús á Laugaveginum – var runnið undan rifjum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar.

Var hann þá plataður? Já og nei. „Öll lygi er lygi að sjálfum sér,“ skrifaði Halldór Laxness í Skáldatíma, uppgjöri sínu við kommúnismann. Í þeim orðum eru mikilvæg sannindi. Ólafur F. átti að gera sér grein fyrir því að hann átti ekkert erindi í borgarstjórastólinn, og hann átti að þekkja sína gömlu samflokksmenn nógu vel til að gera sér grein fyrir því að eitthvað annað bjó að baki gylliboðum þeirra en velvild og áhugi á málefnum hans: Hér var einungis verið að reka fleyg í samstarf til að komast til valda á ný og honum lofað öllu fögru – svo átti bara að sjá til með efndirnar.

Það var lítilsvirðing við borgarstjóraembættið að leiða þangað mann með jafn lítið umboð frá kjósendum – mann með mjög óljósa hreyfingu á bak við sig. Ólafur virðist hafa látið oflæti og hégómagirnd hlaupa með sig í gönur, og þegar slíkar kenndir fara á kreik í sálinni er stutt í „lygina að sjálfum sér“. Lýðræðið virkar einfaldlega ekki þannig að menn planti sér fyrst í hásætið og vinni síðan tiltrú kjósenda „með verkum sínum“. Kosningar snúast um það að kjósendur segja til um hvaða einstaklingar hafi þessa tiltrú – og hverjir ekki.

Stræto í ljósum logum?

UMRÆÐAN

Kári Hólmar Ragnarsson skrifar um samgöngumál.

KÁRI HÓLMAR RAGNARSSON

Fyrir síðasta borgarráðsfund afhentu fulltrúar Stúdentaráðs HÍ ráðamönnum áskorun þess efnis að hafna beri hugmyndum stjórnar Strætós bs. um skerðingu á þjónustu. Þessar hugmyndir um niðurskurð eru sem blaut tuska í andlit stúdenta og þeirra sem vilja sjá almenningssamgöngur virka í raun.

Lykilatriði í þeirri viðleitni að gera almenningssamgöngur að raunhæfum kosti er að veita sem besta þjónustu með tíðum ferðum og þéttu leiðakerfi. Niðurskurður á þjónustu strætó nú væri stórt skref afturábak og með því gæfu borgaryfirvöld þau skilaboð að Reykjavíkurborg hafi endanlega gefist upp á almenningssamgöngum.

Stúdentar nutu þess síðasta skólaár að fá frítt í strætó. Verkefnið tókst vel og hefur farþegafjöldi vagnanna farið vaxandi undanfarin misseri. Stúdentaráð fagnar því að Reykjavíkurborg og flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu muni halda áfram að styðja við bakið á stúdentum með þessum hætti. En um leið harma stúdentar að nú verði þessi kjarabót gengisfelld með niðurskurði á þjónustunni.

Samkvæmt reiknilíkani Strætós bs. vantar tölu-verða fjármuni upp á að rekstur vagnanna gangi upp en umræðan um strætó virðist einmitt sífellt föst í slíkum skotgröfum: litið er á strætó sem vandamál þar sem sífellt þarf að slökkva logandi elda. Eflingu strætós þarf að skoða sem langtímaverkefni sem verður ekki leyst með sífelldum breytingum og niðurskurði á leiðakerfi – heldur þarfnast áræðis og tiltrúar af hálfu sveitarfélaga og landsmanna. Tilraunaverkefni líkt og Frítt í strætó geta ekki snúið við blaðinu en með varanlegum, ódýrum eða ókeypis almenningssamgöngum er smám saman unnt að breyta samgöngumynstri höfuðborgarbúa. Það er ljóst að auka þarf fjárveitingar til almenningssamgangna og sjálfsagt er að kanna öll tækifæri í því sambandi, þar á meðal aðkomu ríkisins. En meginatriðið er þó að hætta að líta á almenningssamgöngur sem vandamál þegar þær eiga að vera lausn.

Stúdentar óttast skort á framsýni við ákvarðanatöku í málefnum strætó og hvetja sveitarfélögin og ríkið til þess að líta á eflingu strætós sem tækifæri til þess að efla framsækna, umhverfisvæna og mannvæna höfuðborg. Og stúdentar skora á nýjan meirihluta í Reykjavík að hafna niðurskurði á strætó.

Höfundur er varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2008!
Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Vertu betri, komdu í nám hjá okkur:

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

Veldu kvöld- eða morgunnám!

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki enn þá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 64.900

Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!

Lengd: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

Kvöldnám hefst 25. ágúst (19:00-22:00)

Vefhönnun og myndvinnsla

Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Helstu kennslugreinar

- HTML forritun ásamt meginatriðum góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefi með forritunum DreamWeaver, Flash og Photoshop

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900 • Nám hefst 18. september.

MCSA og MCP nám



Við bjóðum fjölbreytt MCP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölva og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

Nánar á www.tv.is.

Microsoft CERTIFIED Partner

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. **Verð**: 189.900

Taktu þátt í morgun- eða kvöldnámi!

Hagnýt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 99.900

Kennt á föstudögum - hefst í september!

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeið í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 54.900

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

Komdu í kvöld- eða morgunnám!

Tölvunám fyrir verktaka

Nýtt nám sérsniðið fyrir verktaka sem vilja ná góðum tökum á tölvunni, áætlanagerð, tilboðsgerð og verkefnastjórnun með aðstoð Word, Excel, Outlook, Internetsins og helstu forrita.

Lengd: 100 stundir/66 klst. **Verð**: 129.900

Tvisvar í viku á kvöldin - byrjar í september!

Skrifstofunám

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 169.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Bættu hagnýtu bókhaldi við Skrifstofu- og tölvunámið og vertu fær um að taka að þér fjármálin og bókhaldið.

Lengd: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 249.900

Skráðu þig núna í morgun- eða kvöldnám!

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

10% afsláttur
til þeirra sem hafa verið áður hjá okkur, eða kaupa tvö eða fleiri námskeið
Gildir aðeins ef annar afsláttur er ekki í boði.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

JÓHANNES S. KJARVAL TÓK FYRSTU SKÓFLUSTUNGU AÐ MYNDLISTARHÚSI Á MIKLATÚNI ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1966. ÞAÐ NEFNIST KJARVALSSTAÐIR.

„Það er heilmikið fyrirtæki að vera manneskja.“

Jóhannes Kjarval er einn frægasti listmálari Íslands.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 18. ÁGÚST 1962

Nýtt dagblað með nýjar áherslur

Nýtt síðdegisblað hóf göngu sína þennan dag árið 1962 og veitti Vísi samkeppni um hríð. Það hét Mynd og var óháð öllum flokkum. Mynd sótti forskrift sína til hins þýska blaðs Bild. Útgefandinn, Hilmar A. Kristjánsson sem fyrir gaf út Vikuna og Úrval, fékk meira að segja útlitsteiknara frá Bild til að starfa við blaðið. Árangurinn markaði tímamót í íslenskri dagblaðaútgáfu því Hilmar gaf myndum mun meira vægi en áður hafði þekkst og blaðamenn urðu að temja sér knappari stíl og styttri texta en hefð var fyrir. Ritstjóri Myndar var Björn Jóhannesson og meðal blaðamanna voru Björn Thors, Sigurður Hreiðar og Sigurjón Jóhannsson. Ljósmyndarinn var Kristján Magnússon og mæddi mikið á honum. Mynd varð þó ekki langlíft blað. Þegar 28 tölublöð voru komin út skall á prentaraverkfall sem fór svo illa með fjárhag þess að hætt var við frekari útgáfu. Því kom síðasta blaðið út 28. september 1962.

Heimild/Nýjustu fréttir eftir Guðjón Friðriksson.

MERKISATBURÐIR

1786 Reykjavík fær kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

1945 Svavar Guðnason listmálari opnar fyrstu sýningu hér á landi á eintómum abstraktverkum.

1954 Minnismerki um Skúla fógeta er afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti.

1961 Grasagarðurinn í Laugardal í Reykjavík er formlega opnaður.

1988 Endurbótum lýkur á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju.

1990 Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.

AFMÆLI

BIRGIR HERMANNSSON stjórnmálafræðingur er fjörutíu og fimm ára í dag.

JÓNAS HARALDSSON ritstjóri er fimmtíu og sex ára í dag.

HELGI GUNNLAUGSSON prófessor er fimmtíu og eins árs í dag.

LOVÍSA EINARSDÓTTIR íþróttakennari er 65 ára í dag.

†

Systir okkar,

Kristín Ásta Friðriksdóttir

Stella frá Siglufirði,

lést á Elliheimilinu Grund miðvikudaginn 13. ágúst. Jarðarför fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

Gréta Friðriksdóttir
Steinunn Friðriksdóttir
Bragi Reynir Friðriksson
Gunnur Salbjörg Friðriksdóttir
Fjóla Guðrún Friðriksdóttir

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósa Eiríksdóttir

Hæðargarði 33, áður Miðdal í Kjós,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á MS-félagið.

Davíð Guðmundsson

Fanney Þ. Davíðsdóttir
Hulda Þorsteinsdóttir — **Aðalsteinn Grímsson**
Kristín Davíðsdóttir — **Gunnar Rúnar Magnússon**
Guðbjörg Davíðsdóttir
Katrín Davíðsdóttir — **Sigurður Ingi Geirsson**
Sigríður Davíðsdóttir — **Gunnar Guðnason**
Guðmundur H. Davíðsson — **Svanborg A. Magnúsdóttir**
Eiríkur Þ. Davíðsson — **Solveig U. Eysteinsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

DEREK VON: BLINDUR OG SKRIFAR SÍNA FYRSTU BÓK

Hlutu báðir háskólagráður

Derek Von vekur athygli á götum Akureyrar ekki síst fyrir sinn trygga ferðafélaga, hundinn Miller sem fylgir honum hvert fótmál. Derek er nefnilega blindur og Miller er augun hans. Derek lætur þó ekki sjónleysið aftra sér frá því að semja og skrifa. Hann er með sína fyrstu skáldsögu í smíðum og kveðst vera á lokasprettinum. „Ég er búinn að pikka um 200 þúsund orð og er langt kominn en hef verið latur í sumar. Syo þarf ég að fá strangan yfirlesara til að fara yfir söguna. Ég ætla ekki að leggja það á konuna mína eða neinn annan sem ég þekki og vill mér of vel,“ segir hann. En um hvað fjallar sagan? „Hún er um strák sem elst upp á munaðarleysingjahæli hjá nunnum og gerist aðallega á sex ára tímabili þegar hann er á aldrinum fjórtán ára til tuttugu og eins. Hún byrjar í Skotlandi en endar í London. Sumt af því sem fjallað er um sæki ég í eigin reynsluheim en annað er hreinn skáldskapur,“ segir Derek sem býst við að bókin verði fyrst gefin út í Skotlandi því hún er skrifuð á ensku.

Derek er skoskur og býr ýmist í St. Andrews eða á Akureyri með konu sinni Elínu Bjarnadóttur hómópata sem hann kynntist við vínberjatínslu í Frakklandi fyrir tuttugu og sjö árum. Fljótlega eftir það kom hann fyrst til Íslands og það var á Íslandi sem hann missti sjónina í alvarlegu umferðarslysi fyrir tæpum tuttugu árum. „Við Elín vorum í jólaleyfi heima hjá tengdaföður mínum sem var bóndi fyrir utan Akureyri og vorum á leið til vina okkar út á Dalvík á gönguskíðum. Þá varð ég fyrir bíl. Ég lá meðvitundarlaus um tíma og var búinn að missa sjónina þegar ég vaknaði úr dáinu,“ lýsir hann. Kveðst hafa verið samtals níu mánuði á sjúkrahúsi og nefnir Borgarspítala og Grensásdeild.

Þrátt fyrir þessa erfiðu upplifun hefur Derek gert ýmsa ævintýralega hluti og sannarlega ekki tapað lífsgleðinni. Hann á mörg ferðalög að baki bæði sjáandi og blindur og hefur komið til fimmtíu landa um víða veröld. Meðal annars fór hann í fimm daga útreiðar um Himalayjafjöll eftir að hann missti sjónina. Hann settist líka á skólabekk og náði sér í heimspekigráðu við háskólann í Dundee og segir það hafa verið mikla áskorun. „Með því vildi ég sýna að ég væri venjulegur maður en ekki aumingi þó að ég væri blindur,“ segir hann og bætir við skellihlæjandi. „Hundurinn minn Alf sat samt fleiri tíma og fékk heiðursgráðu við skólann út af því.“

Starfsreynsla Dereks er víðtæk. Hann rak eigið gallerí í St. Andrews, var við olíuvinnslu í Skotlandi, hefur stundað sjómennsku og sinnt sorphirðu á Íslandi og tínt vínber og ólífur í Frakklandi og Grikklandi. Nú eru skáldsagnaskrifin hans aðalviðfangsefni enda segir hann ekki mörg störf í boði á Akureyri fyrir hann. „Það er ekki mikið að gera fyrir blinda ritara á svona stað,“ segir hann glettinn.

DEREK OG MILLER. „Hundurinn hjálpar mér heilmikið. Ég fékk hann í Skotlandi og fannst erfitt hvað hann þurfti að vera lengi í einangrun þegar ég flutti hann hingað. Það er svipað og að taka hjólastól af fötluðum. En svona eru reglurnar,“ segir Derek. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

gun@frettabladid.is

VERÐLAUNAHAFARNIR Valur Gunnarsson, Birna Garðarsdóttir, Friðgeir Sigurðsson, Páll Melsted, Guðlaug Elíasdóttir, Lovísa Ásgeirsdóttir, Auður Sigurðardóttir, Þorsteinn Jónsson, Helga Hafsteinsdóttir og Þór Sigurgeirsson. MYND/ELLEN CALMON

Tré, gata, nafngift og garðar

Fegursta tréð á Seltjarnarnesi, snyrtilegasta gatan, ræktarlegasti garðurinn og bestu endurbætur ársins voru verðlaunuð nýlega af umhverfisvernd Seltjarnarness.

Tré ársins er ilmreynir sem stendur við Lindarbraut 16. Gata ársins er Neströð þar sem götumyndin er heilsteypt og snyrtileg. Garður við Valhúsabraut 20 var valinn garður ársins, enda ber hann vott um ræktarsemi og umhyggju, og íbúar raðhúsalengjunnar við Selbraut 2-8 hlutu viðurkenningu fyrir bestu endurbætur á húsum og umhverfi. Garður við húsið Berg á Seltjarnarnesi hlaut auk þess sérstaka viðurkenningu því honum hefur verið vel við haldið af sömu fjölskyldu í fjóra áratugi.

Þá voru einnig veitt verðlaun fyrir nafngift á skrúðgarði sem stendur við Bakkavör. Nafnið Bakkagarður fyrir valinu en þrír áttu hugmyndina og hlutu þeir allir viðurkenningu fyrir.

HANNYRÐIR eru notalegar þegar dimma tekur á kvöldin og þá er oft skemmtilegt að sitja fyrir framan sjónvarpið í rólegheitum og prjóna, hekla eða sauma. Á heimasíðu garnverslunarinnar storksins www.storkurinn.is má finna upplýsingar um lengri og styttri námskeið.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Útsala
20 - 70 % afsl.
Sturtuklefar
Baðinnréttingar
Hreinlætistæki
Blöndunartæki
Baðker ofl.
BAÐHEIMAR
Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

Söngkonan María Björk bæði lifir og leikur sér í eldhúsinu, sem í senn er hennar sköpunarverk og eftirlætisstaður heima. .

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lifað í hjarta heimilisins

Kaffi. Dagsbirta. Stálhnífar. Rómantík. Munnbitar og andrými. Allt býr þetta í garðbæsku eldhúsi Maríu Bjarkar Sverrisdóttur söngkonu, þar sem helstu söngdívur lýðveldins njóta gnægtabúrs og andagiftar.

„Ég ólst upp að hluta til hjá afa mínum og ömmu sem alltaf var að matbúa eitthvað ómótstæðilegt í stóru eldhúsi sem sló lífsins takt sem hjarta heimilisins. Sú minning hefur ætíð fylgt mér síðan og loks tókst mér að endurskapa viðlíka eldhús á eigin heimili fyrir sex árum síðan," segir María Björk þar sem hún sýpur á ilmandi kaffibolla við eldhúsborðið heima.

„Allt í þessu eldhúsi er eftir mínu höfði; ég hannaði hvern krók og kima, skápaplássið er endalaust, vinnurýmið mikið og andinn góður. Eldhúsið er því uppáhaldsstaður heimilisins þar sem öllum finnst gott að njóta matar og vinna að sínum verkefnum," segir María Björk og bætir við að eldhúsið sé hálfgildings vinnustaður líka.

„Hingað koma þær Sigga (Beinteins) og Regína til skrafs, vinnu og ráðagerða, en við syngjum aldrei mikið í eldhúsinu. Það er misskilningur að þeir sem vinna við söng sé sísönglandi heima. Hér finnst okkur bara heimilislegt að vinna saman, enda stutt í ísskáp og ljúfa bita," segir María Björk og skellir upp úr.

„Stíll minn er rómantískur, með þungum, hlýlegum húsmunum. Ég bjó um tíma í Bandaríkjunum og keypti þá flest í búið, sem ég er enn ósköp ánægð með. Ég hleyp ekki eftir tískusveiflum híbýla, en kaupi reglulega eitthvað smávegis í búið og blanda þá saman við það sem fyrir er," segir María Björk sem síðast keypti sér forláta Global-stálhnífasett í vel búið eldhús sitt.

„Þeir eru æðislegir við eldamennskuna, segir minn heittelskaði, sem hefur yndi af því að elda ofan í okkur dýrindis mat."

thordis@frettabladid.is

NÝTT! Lögin beint inn í iTunes og á iPod
Fyll'ann takk!
Frá 79.00 krónum lagið
Vertu tilbúinn í sumarfríið!
Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.
Tónlist.is

galleríbrautir
trönur
MABEF
Maimeri
málning
penslar
spaðar
íblöndunarefni
og margt fleira
strigarúllur, blindrammar
og ástrekktir blindrammar
LISTALAGERINN
JÁRN&GLER
Skútuvogur 1h - Barkarvogsmegin
sími: 5858900 - egill@jarngler.is

HEIMILI

HEITIR POTTAR eru góð viðbót við pallinn hvort sem er heima eða í sumarbústaðnum. Fátt er skemmtilegra en að taka því rólega í góðum potti.

Stækkanlegur standur

Fyrir þá sem gengu daglega með hatta hlýtur að hafa verið nauðsynlegt að eiga góðan stað til að geyma þá á.

Hvaða árafæri er nú þetta, hugsa eflaust margir. Jú, þetta er hattastandur sem auðvitað er alveg bráðnauðsynlegur á hverju heimili. Eins og sjá má er standurinn stækkanlegur þannig að hann fyllir út í hattinn, hverrar stærðar sem hann er, og tryggir lögun hans og form.

Standurinn er einn margra kostulegra muna á minjasafninu að Mánárbakka á Tjörnesi. Vilhelm ljósmyndari stóðst ekki mátið að smella af honum mynd.

- gun

Sofið í sandinum

Fyrsta sandkastalahótel heims er risið í Dorset á Englandi. Þar geta ævintýragjarnir ferðalangar pantað gistingu, að minnsta kosti þar til sjór og regn skola byggingunni á brott.

Líklega kannast flestir við að hafa búið til sandkastala í æsku. Fæstir áttu hins vegar von á því að einn daginn ættu þeir kost á að ganga inn í slíka byggingu og biðja þar um gistingu. Það er engu að síður í boði núna, að minnsta kosti fyrir þá sem eiga leið um strönd bæjarins Weymouth í Dorset-sýslu á Englandi, því þar er nú risið fyrsta sandkastalahótel heims.

Í bygginguna fóru þúsund tonn af sandi og fjórir sandkastalabyggingameistarar unnu að verkinu í fjórtán stundir á dag í heila viku. Þar má nú bóka gistingu í einu herbergi sem er búið tveimur rúmum, einu einbreiðu og öðru tvíbreiðu. Allir innanstokksmunir eru úr sandi, meira að segja rúmin. Að sögn kunnugra er það sérstök upplifun að gista á hótelinu, sem er þaklaust svo hægt er að horfa á stjörnurnar þegar maður leggst til svefns og að sjálfsögðu hlusta á sjávarniðinn.

Nótt á hótelinu kostar ekki nema tíu pund, rúmar 1.500 krónur, svo það er um að gera að skella sér, svona á meðan hótelið stendur uppi, en búast má við að því skoli burt í næstu rigningatíð.

thorgunnur@frettabladid.is

Sandkastali í fullri stærð. Hæsti turn hótelsins er fjórir metrar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hótelið er ekki stórt og í raun bara eitt herbergi en engu að síður fóru 1.000 tonn af sandi í bygginguna.

Rúmin eru úr sandi og eflaust ekki mjög þægileg. Útsýni upp í stjörnubjartan himinn bætir upp þakleysið.



GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

Baðherbergið – klósett

Klósettið notar mikið vatn og vatnseyðslan fer m.a. eftir því hve oft við sturtum niður. Gömul klósett sturta niður um 15-20 lítrum í hvert skipti, nýrri gerðir um 3-6 lítrum. Í gömul klósett er hægt að setja múrsteina í vatnskassann til að minnka vatnsmagnið í honum.

Þegar við stöndum frammi fyrir því að þurfa að kaupa nýtt klósett er gott að kaupa vatnssparandi klósett. Vatnssparandi klósett hafa „sturta niður“ takkann merktan með annars vegar heilum hring og annars vegar hálfhring. Ef ýtt er á hálfhringinn er sturtað lítið niður (úr hálfum vatnskassanum) en ef ýtt er á stóra hringinn er sturtað niður úr öllum kassanum.

Margar gerðir jarðgerðarklósetta eru nú einnig að koma á markað hérlendis. Enn sem komið er er útbreiðsla þeirra lítil en þau eru án efa umhverfisvænasta lausnin því ekki þarf að leiða afrennslið burtu og út í sjó eða í rotþró heldur umbreytist saurinn í dýrindis áburð eftir örfáa mánuði.

En þó að við höfum aðeins venjulegt klósett er samt margt sem við getum haft í huga. Til dæmis að setja ekki sterk efni, lyf eða önnur eiturefni í klósettið þar sem þau munu berast út í umhverfið, nota klósettpappír í hófi og velja umhverfisvænan klósettpappír.

Sjá meira um allt í baðherberginu á: http://www.natturan.is/husid/1273/



Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund



ÚTSALAN
hefst í dag
30 ~70%
afsláttur

Opið til
kl. 10 í
kvöld

Þráinn skóari
skóbúð
Grettisgötu 3

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...

ÚTSALA

Gólfdúkar
25% afsláttur

Þúsundir fermetra
af flísum með
20-70% afslætti

Eik natur,
3ja stafa14mm
kr 3.490 kr/m²

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Náttúrulegt landslag setur svip á garðinn.

Nú felst helsta vinnan að sögn Auðar í því að halda gróðrinum í skefjum.

„Ég hef aldrei áhyggjur þó að ég geti ekki hreinsað þetta eða hitt beðið," segir Auður brosandi og hefur þó bæði um gróðurhús og garð að hugsa og gerir það vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hér var ekki stingandi strá

Rósir og runnar, tjarnir, klappir og hleðslur. Allt þetta og margt fleira fallegt ber fyrir augu í garðinum við húsið Berg á Seltjarnarnesi sem hlaut sérstaka viðurkenningu umhverfisnefndar bæjarins.

„Þetta er villigarður að því leyti að við byrjuðum bara á bletti og svo bættum við öðrum við. Þannig að skipulagið er bara út í hött," segir Auður Sigurðardóttir, sem hlaut í vikunni sérstaka viðurkenningu umhverfisnefndar Seltjarnarness fyrir garðinn sem hún hefur sinnt í fjörutíu ár. Hún segir eiginmanninn Hafstein Einarsson, sem nú er látinn, hafa átt sinn þátt í ræktuninni. „Við vorum samtaka í þessu hjónin en hér var ekki stingandi strá árið 1963 og heldur ekkert skjól, alveg sama hvaða átt var. Því þurfti að búa til hlíf ef sett var niður planta en nú vex allt, enda komin hús í kring og gróðurinn myndar gott skjól."

Auður kveðst aldrei láta garðinn plaga sig heldur aðeins hafa af honum ánægju. „Ef ég get ekki sinnt honum gerir það ekkert til. En þegar veðrið er eins og í sumar vil ég hvergi annars staðar vera." *gun@frettabladid.is*

Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI … það borgar sig!

- Ekkert skoðunar- og skráningargjald.
- Ekkert gagnaöflunargjald.
- Ekkert umsýslugjald fyrir seljanda.
- Framúrskarandi þjónusta og ráðgjöf á sviði fasteignaviðskipta.
- Við stöndum vaktina frá upphafi til enda með bros á vör.
- Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið.

HÚSIN Í BORGINNI
FASTEIGNASALA

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

fasteignir

18. ÁGÚST 2008

Fasteignablaðið

Sími:

512 5469

694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is

Eignin er á mjög góðum stað. Þaðan er stutt í skóla, leikskóla og alla almenna þjónustu.

Sólpallur og gott útsýni

Fasteignasalan Domus hefur til sölu tveggja hæða parhús með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Lindahverfinu.

Um er að ræða 220 fermetra parhús á tveimur hæðum. Stór sólpallur er fyrir framan húsið og svalir á efri hæðinni. Fallegt útsýni er yfir borgina.

Gengið er inn í húsið á efri hæð en hún skiptist í forstofu með góðum skápum, geymsluloft, gestasnyrtingu með hita í gólfi, borðstofu með tengi fyrir hátalara og hljómtæki í veggjum og eldhús með eyju og innréttingu úr hlyni. Granít er á eldhúsborðum. Tvöföld svalahurð er út á vestursvalir. Búr er inni af eldhúsinu og þaðan er innangengt í bílskúrinn. Öll efri hæðin er með náttúrusteini á gólfi.

Á neðri hæð hússins er sjónvarpshol og tvö rúmgóð barnaherbergi. Hjónaherbergið er með stórum fataskáp, innangengt á baðherbergi og útgengi út í garð. Svefnherbergin eru með parketti á gólfi. Baðherbergið er með stórri sturtu, hornbaðkari með nuddi, náttúrusteini og hita í gólfi. Innfelld halógenlýsing er í loftinu.

Bílskúrinn er með heitu og köldu vatni og góðri geymslu. Bílaplanið er hellulagt og með snjóbræðslukerfi. Nánari upplýsingar veitir Halldór hjá fasteignasölunni Domus í síma 840-2100.

Leigðu og eigðu …

ibud.is
Ný leið til fasteignakaupa
Sími 660 9791

Frum

BOÐAÞING 6-8

FYRIR FÓLK Á BESTA ALDRI 55+

Boðaþing 6-8 er glæsilegt og vandað 28 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum, ásamt 22 stæða bílgeymslu í kjallara. Húsið er inná reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagninar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Um er að ræða óvenju skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna í kringum hjúkrunaríbúðir og þjónustumiðstöð aldraðra á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS. Afar fallegt umhverfi við Elliðavatn og gönguleiðir um Heiðmörk. Stutt í golf, sund og aðra þjónustu.

- **Allar íbúðir með sólskála.**
- **Stærðir frá 97 - 162 fm.**
- **Rúmgóð bílageymsla.**
- **Afhending í nóvember 2008.**

1. Íbúðir – Húsvirki
2. Hjúkrunarheimili – Hrafnista
3. Þjónustu- og félagsmiðstöð Kópavogsbæjar – Hrafnista
4. Öryggisíbúðir – Hrafnista

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

Sími 510-3800

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

Óskar Mikaelsson, próf í fasteigna-, fyrirt.- og skipasölu, ráðgjafi atvinnuhúsnæðis

Björgvin Ó. Óskarsson Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi

Valgeir Kristinsson, Hrl., Lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Dvergshöfði, Rvk, 150 fm.
Til leigu þjónusturými á 2. hæð sem skiptist í 8 góð herbergi. Einstök staðsetning með ótvíræðu auglýsingagildi. **LAUST!**

Rauðarárstígur, Rvk,
493 fm. Til sölu / leigu vel staðsett skrifstofuhúsn. Á 1. hæð með rými í kj. Allt að 18 skrifstofur, fundarherb., kaffist. o.fl., Auðvelt að skipta í 2 hluta. **SKILAST Í TOPP STANDI!**

Lónsbraut, Hfj,
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987.

Visa/Euro
Ef þig vantar hlustanda eða ráðgjöf, andleg leiðsögn, fyrirbænir, tarot. Fullur trúnaður. Er við alla virka daga frá hádegi til 01 & um helgar frá kl. 12-03. Visa/Euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Ólöf spámiðill
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot o.fl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna

Veisluþjónusta

Stórar sem smáar veislur
Tökum að okkur stórar sem smáar veislur, allt frá 10-200 manns. Þjónum mikið í heimahús. Veisluþjónustan LB Baldurshagi. Nánari upplýsingar í síma 567 2025 & 848 0185.

Önnur þjónusta

Rafvirki
Rafvirki getur bætt við sig verkum, litlum sem stórum. Kostar ekkert að athuga málið. Hafðu samband við Sigurbjörn í síma 698-1838 eða Sigurtak@internet.is

Mála myndir og teikna. Andlismyndir, umhverfi alls sem óskað er eftir. Tel. 692 8230 and www.burz.carbonmade.com

Rafvirkjun

KEYPT & SELT

Til sölu

Stubbastandar
Burt með sóðaskapinn!Utanhúss öskubakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandur@gmail.com

Tilboð!!
Frír innfrarauður hitalampi fylgir öllum seldum bílum eða hjólum. Tilboðið gildir til 20. ágúst. Pantanir á www.netlagerinn.is eða í síma 865 4015. Sendum hvert á land sem er!

Skrifborð og annar húsbúnaður til sölu vegna flutnings Öryggismiðstöðvarinnar. Til sýnis í Borgartúni 31, mán. og þri. á milli kl. 12 og 14. Hagstætt verð og mjög vel útlítandi.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

282m2 bjálkahús m. Tvöföldum bílskúr. Húsið er ósamset úr Mahoney. Verð 8m. Skoða öll Skipti. Uppl. í s. 862 7849, Jón.

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

www.hbnet.is: Járnaskúffur standard og sérsmíði, plötuplast og rósir, handbindivír, galv. og svartur, Max bindivélar, vír, og viðgerðarþjónusta, klippur, beygjuvélar ofl. HB Innflutningur ehf Skúlagötu 28, inn port frá Vitastíg, 101 R. Símar: 5442055, 8686369, 8683101

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera. Nánari uppl. í síma 697 8928, Sigríður.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

LR-heilsukúrinn er ótrúlega öflugur og einfaldur. Uppl. hjá Dóru 869 2024 www.dietkur.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Svæðameðferð

Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!!

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Óska eftir að fá að kaupa fataskápa, sófa, hillur, glerskápa. og kommóðu. Uppl. sendist á hp3389@hotmail.com ásamt mynd. S. 660 6224.

Ýmislegt

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Microsoft kerfisstjóranám hefst 1. sept. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is - S. 863 2186.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Góðir maðkar

Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigulistinn kynnir íbúðir lausar strax:
Lindargata 2ja herb lúxus, tilboð. Stararimi 4ra herb. 126m², 175 þús. Hofakur, 3ja herb. 141m², 220 þús. Ennishvarf, einbýli, 200m², 250 þús. Austurstræti, 2ja herb. 60m², 150 þús. Austurstræti, 4ra herb. 110m², 250 þús. Frostafold, 3ja herb. 80m², 140 þús. Bollagarðar einbýli, Lúxus, heitur pottur ofl. tilb. Holtsgata, 2ja herb. 101 rvk, nýtt, vandað, tilb. Leigulistinn ehf. S. 511 1600.



Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu með húsg., aðgangur að eldhús, baði og þvottav. Tilvalið fyrir skólastúlku. Uppl. í s. 581 4835.

Free rent in august

Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Frítt í ágúst

Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

3 herb. íbúð í Hfj, 85 fm, aðeins reyklausir. 130 þ. á mán. Uppl. í s. 845 1042.

Til leigu 4ra herb. raðhús í Hraunbæ. Leiga 175þ. Trygg.525þ. Laust. S:8983420

Til leigu 4 herb. íbúð í Grafarvogi, með bílskýli. Innif. er hiti og hússj. Göngufjarlægð frá Spönginni, Engjaskóla og Engjaborg. Engöngu langtímaleiga. Leiga 170 þús á mán. fyrirfram 1. hvers mán. 2 mán. í tryggingu endurgr. í lok leigutíma. Bankaábyrgð nauðsynleg. Íbúðin er laus 1. nov. Uppl. i s. 863 3595.

Til leigu 2 & 3 herb. íbúðir í 6 íbúða húsi í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 & leigufelagid@verkvik.is

3 herb. 120 ferm. íbúð til leigu í 101 Rvk. Leiga 160 þ á mán. S: 660-8505

Byggingarvinna

Við mótahreinsun og ýmislegt fleira. Framtíðarvinna, þarf að geta byrjað strax. Laun eru samkvæmt taxta verkalýðsfélaganna. Umsóknir sendist með tölvupósti á roskur@visir.is

Íbúðaskipti í 1 ár. Okkar íbúð er á besta stað í Albufeira. Óska eftir íbúð á stór RVK svæðinu. S.00351-968569300 eða 00354-8687722.

Nýleg 3ja herb. íbúð í Grafarholti til leigu. Íbúðin er á efstu hæð í lyftuhúsi. Laus frá 1. sept. langtímaleiga. Uppl. í síma 6943272.

Húsnæði óskast

Ungt par óskar eftir að taka á leigu ódýra íbúð helst í 101.Upplýsingar í síma 6623586

Bráðv. íbúð í Rvk. er einst. með 1 barn. Greiðslugeta er 100þús. skilvísum greiðslum er heitið . Uppl. Kristín s. 8677055

Óska eftir 2 herbergja eða stúdíó íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

Óska eftir minnst 3 herb. íbúð. Í grennd við Háskóla Íslands. Greiðslugeta 140 þ. Reglusemi. Uppl. í s. 695 9823.

Sumarbústaðir

Grímsnesi, Hraunborgir

96m2 sumarhús til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 golfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717.

Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

210 fm. atvinnuhúsnæði til leigu við Skemmuveg, mikil lofthæð, Góðar innkeyrskudyr, laust, uppl. í s. 898 0206.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com

Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA

Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Örlagalínan

Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.
Fyrir nánari upplýsingar hringið síma 863 8055 & bjork@nt.is

Örlagalínan

Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.
Fyrir nánari upplýsingar hringið síma 863 8055 & bjork@nt.is

Rizzo Pizzeria.

Óskar eftir hressu og jákvæðu starfsfólki í bakara og afgreiðslu störf. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Íslensku kunnáta skilyrði. Umsóknir liggja fyrir á Rizzo Grensásvegi 10.

Vantar þig vinnu með skóla?

Subway auglýsir eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf um kvöld og helgar. Íslenskukunnátta er kostur en annars góð enskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma 530 7004. Hægt er að sækja um á subway.is
Lágmarksaldur er 16 ár.

Ert þú næturmanneskja?

Subway Hringbraut/N1 auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð og 7 nætur frí. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg.
Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696 7064.
Lágmarksaldur er 18 ár.
Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is

Vélsmiðja í skipaþjónustu

Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi.
Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.

Hjá Jóa Fel Holtagarðar

Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

American Style Nýbýlavegur, Kópavogur

Starfsmaður í sal. Vinnutími er 100% starf í vaktavinnu, unnið er aðra hverja helgi. Öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar. Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði. Umsóknir sendist með mynd á b5@b5.is.

Smart starfsfólk

Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust
Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.

Veitingahúsið Café Aroma

Óskum eftir að ráða í efitrfarandi störf. Matreiðslumaður í fullt starf. Þjónusta í sal dagvaktir, kvöld og helgarvaktir.
Áhugasamir geta sótt um með því að senda póst á aroma@aroma.is eða á staðnum.

Tælenskur veitingastaður

Óskum eftir að ráða starfsfólk í matreiðslu á veitingastaðinn Síam í Hafnarfirði. Reynsla skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Guðni í s. 693 3247.

Móttaka - Hótel

Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsmanni í móttöku. Góð íslensku- og tölvukunnátta skilyrði.
Upplýsingar gefur Jónína í síma 511 6200.

VIÐHALDSVIRKNI

Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða menn í háþrýstiþvott og almennar húsaviðgerðir. Reynsla æskileg, þó ekki skilyrði.
Uppl. í s. 517 0117.

Energia kaffihús/veitingahús Smáralind

Óskum eftir manneskju, ekki yngri en 20 ára, sem getur tekið að sér ýmis störf fyrir okkur, m.a aðstoð í eldhús, séð um kaffibar og þjónað í sal. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, vera jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum og þarf að geta unnið undir álagi. Þarf að geta byrjað strax.
Nánari upplýsingar gefur Guðný á staðnum.



Veitingahúsið Lækjarbrekka

Ræstingar og uppþvottur á Lækjarbrekku Vinnutími er 100% starf í vaktavinnu, unnið er aðra hverja helgi Í starfinu felst að ræsta veitingastaðinn á morgnanna, svokölluð „extra" þrif og uppþvottur Hæfniskröfur - hentar best 35-45 ára - heiðarleiki - rösk og vönduð vinnubrögð - erlendir umsækjendur þurfa að vera með góða íslenskukunnáttu og með gildandi atvinnu- og dvalarleyfi
Nanari upplýsingar veitir Sigríður 691-2435 alla virka daga milli 10-12 og 14-18, sigridur@laekjarbrekka.is.
Umsóknir á umsokn.foodco.is

American Style Kópavogur og Hafnafirði, fullt starf
Frábær vinnuandi á báðum stöðum! Vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Global Ice
Óskum eftir laghentum manni til starfa.
Upplýsingar í 578-8899 milli kl 8-18 virka daga.
Einnig er hægt að hafa samband með tölvupósti.
globalice@globalice.is

Rafvirkjar óskast
Rafís ehf vill ráða ráða til sín faglærða rafvirkja. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Upplýsingar í síma 824 0420 Sigsteinn og 892 2071, Einar.

Nings Veitingahús
Nings veitingahús óska eftir duglegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða vaktavinnu. Aldurstakmark 18 ár. Íslenskukunnátta skilyrði. Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Vantar vana vélamenn á Egilsstaði. Á gröfur, hefil, kranabíl og trailer. Malarvinnslan. Uppl. veitir Ragnheiður í s. 860 0120.

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í Grindavík, handflökun á ýsu og fleira. Uppl. í s. 897 6302.

NULL
Óskum eftir að ráða verkamenn vana steypuvinnu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 696 8900.

Restaurant on Laugavegur seeks EXPERIENCED fine dining chef. Call 8493875

Vélstjóri Vélavörður
Vélavörð vantar á bát, vélast. 682kw. Vélstjóra vantar á bát, vélst. 478kw. Uppl. í s. 892 0367.

Gröfumaður
Gröfumaður óskast. Verktakafyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu vill ráða vanan gröfumann til starfa. Næg verkefni framundan. upplýsingar í síma 892 0989.

Óskum eftir að ráða duglegan mann með góða þjónustulund til starfa. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringlunni

Frystihús í Hafnarfirði. Óskum eftir starfsfólki til starfa við snyrtingu og pökkun á fiski ásamt ýmsum öðrum störfum. Nýtt og snyrtilegt vinnsluhúsnæði. Vinsamlega hafið samband við verkstjóra í símum: 565-0516 eða 865-9426

Vantar starfskraft í skólamötuneyti í FB Breiðholti. Aldur 30-50 ára. Uppl í s. 892 9814.

Vélavörður óskast
Vélavörður óskast á Sigurborgu SH-12 frá Grundarfirði. Uppl. gefur Ómar í s.852 4695.

Ísbúð í miðborginni Starfskraftur óskast í ísbúð í miðborginni, um er að ræða virka daga frá kl.11-18, möguleiki á meiri vinnu ef óskað er. Upplýsingar í s.8937090

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666 & 908 2000
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

Kona: leitar þú
Tilbreytingar eða varanlegra kynna? Auglýstu hjá Rauða Torginu Stefnumót, það er ókeypis og mjög árangursríkt. S. 555 4321. Nánar á www.raudatorgid.is.

Dömurnar á Rauða Torgi
Eru í góðum gír þessa dagana og hefur fjöldi yndislegra kvenna bæst í hópinn undanfarna daga og vikur. Hvaða dömur verða til viðræðu í kvöld? Hver þeirra verður vinkona þín? Símar 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (visa, mastercard). Nánar á www.raudatorgid.is.

Ungur karlmaður
Í heimsókn á klakanum vill kynnast karlmanni. Augl. hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (visa, mastercard), augl.nr. 8734.

Atvinna

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

Spennandi tækifæri !
Veitingarekstur / aðstaða upp á 16 fm. á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu. Hagstæð og þægileg kaup.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: 898-7924

FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 605, 24. júní 2008

Samkvæmt ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins auglýsir Fiskistofa á ný eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

Sveitarfélagið Árborg (Eyrarbakki)
Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn)
Sveitarfélagið Garður
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)
Grundarfjarðarbær (Grundarfjörður)
Stykkishólmsbær (Stykkishólmur)
Sveitarfélagið Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur)
Tálknafjarðarhreppur
Sveitarfélagið Bolungarvík
Sveitarfélagið Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdalur, Ísafjörður)
Árneshreppur (Norðurfjörður)
Kaldrananeshreppur (Drangsnes)
Húnaþing vestra (Hvammstangi)
Blönduósbær (Blönduós)
Sveitarfélagið Höfðahreppur (Skagaströnd)
Sveitarfélagið Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)
Grímseyjarhreppur (Grímsey)
Dalvíkurbyggð (Hauganes og Árskógssandur)
Akureyrarbær (Hrísey)
Langanesbyggð (Þórshöfn og Bakkafjörður)
Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður eystri)
Seyðisfjörður
Fjarðabyggð (Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður)
Sveitarfélagið Djúpavogshreppur

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2008, og vakin er athygli á að áður sendar umsóknir gilda áfram.

Fiskistofa, 15. ágúst 2008.

Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl
Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.
100% fjármögnun.



100% fjármögnun
á betri bíl frá Brimborg

Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan

Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.

Druslan öðlast nýtt líf í dag

Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. **100% fjármögnun.**

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

GGI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

NOKKUR ORÐ
Vigdís Þormóðsdóttir

Vondir trúðar hrella almenning

Það getur verið gaman að velta fyrir sér óvæntum tengingum á milli menningarkima. Eitt mánudagskvöldið fyrir tveimur vikum tvinnuðust skemmtiþátturinn So You Think You Can Dance og nýjasta kvikmyndin um Leðurblökumanninn saman á furðulegan hátt. Jókerinn ógeðfelldi sem hlykkjast um tjöld kvikmyndahúsanna hefur hugsanlega getið af sér, og jafnframt þegið áhrif frá, sérkennilegan dansstíl sem fór að láta á sér kræla í Los Angeles-borg á níunda áratug síðustu aldar.

Það sem tengir þetta tvennt er nefnilega hryllingstrúðurinn; óhugnanleg vera sem lætur alltaf reglulega á sér kræla í hinum ýmsu formum afþreyingarmenningar. Óljóst er hvert hryllingstrúðurinn rekur rætur sínar, en hlutdeild hans í martröðum barna og fullorðinna er óumdeild. Jóker Leðurblökumannsins hefur birst almenningi í ýmsum útgáfum, en nýjasta birtingarmynd hans á kvikmyndatjaldinu tengir hann á einkennilegan hátt við dansstefnuna krump. Jókerinn í meðförum Heath Ledger hreyfir sig undarlega; hann er hokinn og kippist til á ólíklegustu stundum. Sama má segja um iðkendur krumpdansins, en dansinn sá var upprunalega bardagadans, stiginn af meðlimum götugengja sem gjarnan klæddu sig upp í íburðamikla trúðabúninga til að auka á fáránleikann og óhugnaðinn. Krump hefur á síðari árum farið eins og eldur í sinu um heimsbyggðina og er meðal annars dansaður í danskeppnisþættinum So You Think You Can Dance. Ekki er laust við að sjónvarpsáhorfendum renni kalt vatn milli skinns og hörunds þegar dansarar stíga krump á sjónvarpssviðinu, enda tengingin við voðaverk hryllingstrúða ótvíræð.



myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

„En ég er mjög lauslát.“

BLAKE LIVELY
grínast með heilbrigðan lífsstíl sinn, en hún hvorki drekkur né neytir vímuefna.

„Öryggisvörður á flugvelli í Kanada spurði mig meira að segja hvort þetta væri satt?“

SAMANTHA RONSON
Um þrálátan orðróm um meint samband hennar og leikkonunnar Lindsay Lohan.

„Þegar kemur að konum hugsa ég einfaldlega; Horfðu þangað til þær taka eftir þér og vonaðu það besta.“

DANIEL RADCLIFFE
spurður út í gengi sitt í kvennamálum sem hann segir ekki vera upp á marga fiska.

fólk

folk@frettabladid.is

Fyrsta kærasta Lohan leysir frá skjóðunni

Lesbíuævintýri Lindsay Lohan hefur mikið verið milli tannanna á fólki. Nú er komið á daginn að hún hefur kíkt til kvenna lengur en margur heldur.

Fyrsta lesbíuást Lindsay Lohan hefur nú leyst frá skjóðunni um meint ástarsamband þeirra. Lindsay hefur lítið reynt að fela samband sitt við breska plötusnúðinn Samönthu Ronson, sem hefur staðið yfir í nokkrar vikur og flestir héldu að væri fyrsta samband hennar við konu. Annað hefur nú komið á daginn. Leikkonan Courtney Semel hefur stigið fram, aðeins nokkrum mánuðum eftir að hún átti sjálf í lostafullu sambandi við Lindsay. „Allir halda að Samantha sé fyrsta lesbíuævintýri Lindsay. Staðreyndin er hins vegar sú að við voru mjög ástríðufullar á tímabili. Hræðsla hennar við að hvatir hennar til sama kyns kæmust upp kom þó upp á milli okkar,“ á Courtney að hafa sagt vini sínum. „Á þeim tíma var hún dauðhrædd um að ferill hennar færi í súginn ef hún myndi segja frá sínum holdlegu fýsnum. Síðan kom Samantha til skjalanna og þá var mér sparkað,“ segir Courtney, allt annað en sátt.

Courtney hefur einnig lýst því hvernig Lindsay lagðist með fjölda karlmanna til þess eins að reyna að bæla sínar lesbísku þarfir – og til að fela þær fyrir almenningi. Hún mun einnig hafa sökkt sér í fíkniefni eftir því sem brýstingurinn varðandi hennar tvöfalda líf jókst. Þá mun hún einnig hafa átt í nokkurs konar ástarþríhyrningi með Ronson og Semel.

Slúðurheimar hafa logað yfir sambandi Samönthu Ronson og Lindsay Lohan og því ljóst að þessar fregnir munu reynast vatn á myllu slúðurblaðanna. Lindsay er þó farin að vera frjálslegri hvað varðar lesbíuleiki sína. Papparassar hafa gert henni lífið leitt og getur hún ekki stigið fæti út fyrir dyr án þess að hafsjór ljósmyndara standi og bíði eftir henni.

COURTNEY SEMEL Hefur nú tjáð sig um samband sitt við Lindsay Lohan. NORDIC PHOTOS/GETTY

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigi 1 – IS - 105 Reykjavík

Skólaárið 2008-2009

Innritun hefst miðvikudaginn 20. og stendur til 27. ágúst.

Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar á skrifstofu skólans Engjateigi 1 sem er opin virka daga kl. 12 - 18. Jafnframt eru nemendur beðnir að afhenda afrit af stundaskrám sínum. Nokkur pláss laus í forskóla í Árbæ og Breiðholti.

Síðustu forvöð að staðfesta umsóknir um nám
Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar í síðasta lagi 27. ágúst.

Skrifstofa skólans Engjateigi 1 er opin virka daga kl. 12 - 18.

Skólastjóri

Sprenghlægileg gamanmynd frá leikstjóra The Full Monty

THE ROCKER

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

9. hver vinnur!

Frumsýnd 20. ágúst!
Sendu SMS BTC ROK á númerið 1900
Vinningar: Biómiðar, tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira!

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

Plötuspilarar, Hátalarar, Heimabíómagnarar, Kaplar, Heimabíóhátalarar, Bassabox, DVD spilarar, o.fl o.fl.

Nú eru síðustu forvöð að gera frábær kaup á hljómtækjum

ALLT Á AÐ SELJAST
LAGERHREINSUN Í HLJÓÐDEILD

Ath. takmarkað magn

Verðdæmi:
Dynaudio Audience 42 hátalarar
- Fullt verð 59.900 kr. - Rýmingarsöluverð - 38.985 kr. parið

Meridian/Ferrari hljómflutningstæki
- Fullt verð 259.900 kr. - Rýmingasöluverð - 149.900 kr.

Creek Destiny kraftmagnari
- Fullt verð 119.900 kr. - Rýmingarsöluverð - 69.900 kr.

PFAFF Heimili gæðanna
Grensásvegi 13 | 108 Reykjavík | Sími 414 0400 | www.pfaff.is

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

GET SMART	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	L
MÚMÍAN 3	kl. 10.15	12
WALL–E – ÍSLENSKT TAL	kl. 4 og 6	L
THE DARK KNIGHT	kl. 4, 7 og 10.15	12

AUKAKRÓNUR
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
GET SMART	kl. 1:30 - 3:50 - 5:50D - 8D - 10:30D	L
THE MUMMY 3	kl. 5:40 - 8 - 10:30	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	VIP
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 6:10 - 8:20 - 10:30	L
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
LOVE GURU	kl. 10:30	12
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
GET SMART	kl. 3:30D - 5:40D - 8D - 10:20D	L
X-FILES 2	kl. 8D - 10:10D	16
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D - 5:50D	L
DARK KNIGHT	kl. 10:10	12
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
LOVE GURU	kl. 8	12
DARK KNIGHT	kl. 10	12
MAMMA MÍA	kl. 5:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
GET SMART	kl. 6 - 8 - 10:20	L
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 6	L
THE MUMMY 3	kl. 8	12
DARK KNIGHT	kl. 10:20	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
GET SMART	kl. 5:45 - 8 - 10.20	7
THE MUMMY 3	kl. 8	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:45	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
X - FILES LÚXUS	kl. 5.40D - 8D - 10.20D	16
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 10	12
THE MUMMY 3	kl. 8D - 10.30D	12
THE LOVE GURU	kl. 4 - 8	12
WALL-E ÍSL. TAL	kl. 3.30D - 5.45D	L
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
MEET DAVE	kl. 3.30	7

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
HELLBOY 2	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
X - FILES	kl. 6 - 8 - 10	16
SKRAPP ÚT	kl. 10.10	12
MAMMA MIA	kl. 6 - 8	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

Kveðja Björk með tónleikum

„Við erum að klára átján mánaða túr með Björk. Af því að við erum búnar að spila saman í átján mánuði langaði okkur að enda þetta með tónleikum, í eigin nafni," segir Valdís Þorkelsdóttir, trompetleikari í Wonder Brass. Sveitin heldur tónleika klukkan 20.30 í kvöld í Hásölum, tónlistarskólanum í Hafnarfirði.

Wonderbrass samanstendur af tíu íslenskum kvenkyns blásurum. „Við ætlum að spila alls konar brassstykki. Við erum að taka þetta upp og svo veit maður ekkert hvað gerist í framhaldinu. Við erum líka búnar að vera að vinna með Högna úr Hjaltalín, hann er að semja eitt brassverk fyrir okkur. Þannig að við erum aðeins að prufa nýja hluti."

Hópurinn varð til í kringum tónleikaferðalag Bjarkar Guðmundsdóttur við kynningu á plötunni Volta. „Hún valdi okkur saman. Við spiluðum tvö lög inn á Voltu og út frá því var þessi hópur myndaður. Við erum bara búnar að vera að túra um allan heiminn með Björk. Það voru seinustu tónleikarnir á föstudagskvöldið og blendnar tilfinningar að hætta þessu öllu. Þetta er búið að vera algjört ævintýri. Við erum orðin eins og stór fjölskylda. En svo veit maður aldrei hvað gerist í framhaldinu."

LJÚKA TÚRNUM Valdís og Bergrún Snæbjörnsdóttir, meðlimir Wonderbrass, blása Björk kveðju. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Frítt er inn á tónleikana og allir velkomnir, eins og húsnæðið leyfir.

- kbs

Skoti kennir Íslendingum listina að spila golf

Golfkennarinn Derrick Moore er einn sá vinsælasti í faginu hér á landi. Blaðamaður fræddist um hver maðurinn er og lærði grunnhandtökin í leiðinni.

„Ég kom fyrst til Íslands í apríl 1999," segir golfkennarinn Derrick Moore sem er einn sá vinsælasti í faginu hérlendis og margir innan golfheimsins, sem virðist stækka með ári hverju, hafa heyrt talað um. Blaðamaður mælti sér mót við Derrick á æfingasvæði Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, þar sem hann starfar, til að komast að því hver maðurinn er og læra grunnhandtökin.

„Ég kom til landsins í gegnum vin minn sem var að kenna hjá Golfklúbbi Reykjavíkur og hann fékk mig til að koma hingað og kenna," útskýrir Derrick, sem er frá Skotlandi.

Derrick ætlaði að staldra stutt við þegar hann kom fyrst hingað til lands. Hann kynntist svo íslenskri konu. „Þá byrjaði ballið," segir Derrick og hlær. Í dag á hann einn son með konu sinni og eina stjúpdóttur. „Ég lít á Ísland sem heimili mitt. Þegar ég fer til Skotlands hugsa ég: „Mig langar heim" og þá á ég við Ísland," segir hann. Derrick hefur augljóslega náð að aðlagast íslensku samfélagi vel. Hann segist kunna vel við Íslendinga og talar frábæra íslensku – slettir ekki ensku orði.

Derrick er það sem kallast afreksþjálfari og hefur þjálfað fjölmarga unglingalandsliðsmenn í golfi. En hvernig er þá að taka aukvisa, eins og undirritaðan, í kennslu? „Mér finnst mjög gaman að kenna byrjendum og finnst í raun fínt að flakka á milli byrjenda og þeirra sem eru lengra komnir. Hjá byrjendum sérðu til dæmis mun hraðari framfarir," segir hann.

DERRICK MOORE Derrick horfir af öryggi í linsuna meðan blaðamaður virðir fyrir sér það undur sem golfkylfan er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GRIPIÐ OG STAÐAN Derrick fer yfir stöðuna og gripið í rólegheitum.

Hvað varðar golfferil Derricks sjálfs segir hann: „Þegar ég var að byrja í golfi í Skotlandi stefndi ég að því að verða atvinnumaður. Síðan áttaði ég mig á því hve mikil vinna væri þar að baki og hve erfitt væri að verða atvinnumaður svo ég ákvað að einbeita mér að kennslu," segir Derrick, sem keppir sárasjaldan hér á landi. Hann er sem fyrr segir með vinsælli golfkennurum landsins. Hann segist þó ekki raða dagskránni yfir daginn jafn þétt og hann gerði, til þess að ná að slaka á sjálfur. En er hann kominn til að vera á Íslandi. „Já, hér á ég heima. Ég sé ekki fram á að flytja héðan."

soli@frettabladid.is

Slitu samvistum árið 2003

Madonna og eiginmaður hennar, Guy Ritchie, slitu samvistum um hríð árið 2003. Hjónakornin höfðu þá verið í hjónabandsráðgjöf sem bar ekki tilætlaðan árangur. Frá þessu greinir Wendy Leigh, sem var meðhöfundur að bókinni Life with My Sister Madonna sem Christopher Ciccone, bróðir Madonnu, sendi frá sér. Wendy segir að Madonna hafi játað sambandsslitin í bréfi til bróður síns.

Þetta mun þó ekki hafa komið fram í bókinni umræddu, samkvæmt Fox News. „Madonna hafði miklar efasemdir um hjónabandið um þremur árum eftir giftinguna en þá var sonur þeirra Rocco nýfæddur," segir Wendy Leigh. „Hún fór vel ofan í saumana á hjónabandinu, á þann hátt sem systkini ræða yfirleitt ekki hjónabönd sín. Þetta sýndi afar mannlega hlið á henni," bætir hún við.

Wendy segir þó einnig að þetta hafi verið það snemma í hjónabandinu að ekki sé óeðlilegt að hún hafi haft efasemdir. „En þær hafði hann líka, það var hann sem vildi hætta," segir hún.

Þau voru þó ekki lengi aðskilin. Þau eiga átta ára brúðkaupsafmæli hinn 8. desember.

HJÓNIN Madonna og Guy Ritchie slitu samvistum um stundarsakir árið 2003. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÁGÚSTTILBOÐ

ESPRESSÓ KAFFIVÉLADAGAR

ILMANDI KAUPAUKI
1kg af ítölskum Kimbo Crema Espresso baunum fylgir öllum vélum í ágúst!

20%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ **67.400**

TILBOÐSVERÐ
53.900

AFSL. KR. 13.500

Saeco Odea Go

- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr ceramic
- Panarello flóunarstútur
- 1500 W
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti

Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

Saeco Odea Giro Plus

- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Panarello flóunarstútur
- 1500 W
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar

20%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ **75.200**

TILBOÐSVERÐ
59.900

AFSL. KR. 15.300

Saeco Incanto Deluxe

- Digital skjár og SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi
- Panarello flóunarstútur
- Hitaplata fyrir bolla
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- 1200 wött
- Á snúningsfæti

20%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ **106.900**

TILBOÐSVERÐ
84.900

AFSL. KR. 22.000

Kaffi, Americano, Espresso, Espresso Macchiato, Cappuccino, Latte Macchiato

Saeco Talea Touch

- Stór skjár og snertiflötur
- Snúningsfótur
- Forritar skammt, styrk ofl.
- SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Þrýstingur: 15 bör
- 1300 wött
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi

26%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ **122.900**

TILBOÐSVERÐ
89.900

AFSL. KR. 33.000

Saeco

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

> Sættir Guðjóns og Wilbek

Dönsk dagblöð eru mörg hver á sama máli og Ulrik Wilbek, þjálfari danska landsliðsins, að dómaraskandall hafi komið í veg fyrir sigur þess á Íslandi. Wilbek varð svo reiður að hann neitaði að taka í hendina á Guðjóni Val Sigurðssyni, sem var ekki par sáttur við lítinn drengskap þjálfarans. Berlingske Tidende greinir frá því að Guðjón hafi sagt „fokk off" við Wilbek sem talaði um þjófnað og skandal langt fram á kvöld og átti við dómarana. „Ég sagði „fokk off" en það var ekki illa meint. Þetta var bara misskilningur. Ég erfi þetta ekkert við hann og ég vona að hann geri það ekki heldur. Við afgreiddum þetta síðan fljótlega eftir á," er haft eftir Guðjóni í danska blaðinu.

sport
sport@frettabladid.is

U-18 ÁRA LANDSLIÐ KARLA: TAPAÐI Í LEIKNUM UM BRONSVERÐLAUN Á EVRÓPUMÓTINU

Við erum með alvöru landslið í höndunum

Íslenska handboltalandsliðið skipað leikmönnum 18 ára og yngri lenti í fjórða sæti á Evrópumótinu sem lauk í Tékklandi í gær. Ísland tapaði leiknum um bronsverðlaun fyrir Svíum með sjö marka mun, 35-42.

„Ég lagði þetta þannig upp að það lið sem væri ákafara í að vinna leikinn myndi vinna og Svíarnir voru okkur einfaldlega fremri. Þeir voru gríðarlega vel stemmdir og keyrðu yfir okkur í fyrri hálfleik," sagði Einar Guðmundsson, þjálfari liðsins.

„Við börðum okkur saman í seinni hálfleik og hann var frábær. En við vorum með allt niðrum okkur í fyrri hálfleik og ekkert gekk upp á meðan allt gekk upp hjá þeim," sagði Einar en Aron Pálmarsson (á mynd) var markahæstur í íslenska liðinu með ellefu mörk.

Einar segir að það hafi verið mikil vonbrigði að hafa ekki komist í úrslitaleikinn. „Það er erfitt að spila um bronsverðlaun og það skiptir öllu máli hvort liðið byrjar betur," sagði Einar en fyrir mótið var markmiðið skýrt.

„Við ætluðum að vinna þetta. Við vorum ekkert að gaspra um það en við ræddum það innan hópsins, að við ættum möguleika. Það er klárt að þessi fjögur efstu lið eru mjög jöfn að getu," sagði Einar en Þjóðverjar urðu Evrópumeistarar.

„Við erum með alvöru landslið í höndunum, þetta er óvenju efnilegur árgangur. Við vissum það og við þurfum að hlúa að honum," sagði Einar. Þetta sama lið fer á opna Norðurlandamótið næsta sumar, Evrópumót eftir tvö ár og heimsmeistaramót eftir þrjú ár áður en það gengur upp úr unglingaflokknum.

Liðið vakti athygli ytra en Einar segir að sumir hafi jafnvel spáð liðinu sigri. „Við spiluðum skemmtilegan handbolta og skoruðum meðal annars tólf mörk úr hraðaupphlaupum í mótinu," sagði Einar.

Annað sem vakti athygli á liðinu er hve hávaxið það er. Íslendingar hafa löngum átt erfitt með að finna hávaxna handboltamenn en enginn skortur er á þeim í þessu landsliði. „Við erum með hávaxnasta lið mótsins, sem er auðvitað ekki það sem gengur og gerist hjá okkur Íslendingum."

Aron var valinn í lið mótsins en hann vakti sérstaka athygli ytra. „Hann er með einstaka hæfileika. Hann var í A-landsliðsklassa á mótinu," sagði Einar um Aron.

FLJÓTASTUR Bolt vann 100 metra hlaupið með yfirburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Engin spenna í 100 m hlaupi:

Nýtt heimsmet hjá Usain Bolt

PEKING 2008 Jamaíkamaðurinn Usain Bolt setti nýtt heimsmet í 100 metra hlaupi karla í Peking á laugardag. Hann kom í mark á 9,69 sekúndum og var byrjaður að fagna áður en hann kom yfir línuna.

Hlaupi Bolt er lýst sem ótrúlegasta hlaupi sögunnar af spekingum en hann er aðeins 21 árs gamall og var að keppa á sínu fyrsta stórmóti. - hþh

VIÐ PRENTUM Á GOLFBOLTA
Ný kúla
Dimplit 1070
Ef þú kaupir 120 bolta þá er prentunin frí.
Golfgjafavörur. Verðlaunagripir.
HÖFUM EINNIG Á LAGER:
BRIDGESTONE Titleist Callaway
MARKO MERKI
AUGLÝSINGAVÖRUR
www.marko.is/565-1999

GOTT Í PEKING Hið unga frjálsíþróttafólk naut lífsins í botn í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldrei séð annað eins

Hið unga og efnilega frjálsíþróttafólk Bergur Ingi Pétursson og Ásdís Hjálmsdóttir er að keppa á sínum fyrstu Ólympíuleikum. Þau njóta lífsins í Peking og soga í sig reynsluna.

PEKING 2008 Frjálsíþróttafólkið Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari og Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari eru nýliðar á Ólympíuleikum en bæði verða 23 ára í október. Bergur keppti í sleggjukasti aðfaranótt föstudags en Ásdís tekur þátt í spjótkastskeppninni á morgun.

Þetta er framtíðarfólk Íslands í frjálsum íþróttum og þau mæta án efa enn sterkari til leiks í London eftir fjögur ár, reynslunni ríkari eftir dvölina í Peking.

„Það er þvílík upplifun að vera hérna. Ég bjóst við því að það yrði allt rosalega stórt hérna og það er allt rosalega stórt hérna. Ég hef aldrei séð annað eins," sagði Ásdís en hún nýtur lífsins hér í Peking og sogar í sig upplifunina.

„Það er fínt að búa í þessu ólympíuþorpi og ótrúlega skemmtileg stemning í öllum íslenska ólympíuhópnum. Við búum mjög þétt og það hefur skilað mjög skemmtilegri stemningu. Það er svolítið verið að fíflast og svo horfum við mikið á leikana í sjónvarpinu í bland við íslenskt efni sem fólk hefur tekið með sér," sagði Ásdís, sem er því miður meidd og því algerlega óljóst hversu vel henni muni ganga. „Ég mun samt mæta til leiks og gefa allt sem ég get. Það þarf eitthvað mikið að gerast ef ég keppi ekki."

Það var við ramman reip að draga fyrir Berg Inga en hann hefði þurft að kasta 78 metra til þess að komast í úrslit en það er rúmum þrem metrum lengra en Íslandsmet hans.

„Ég fékk alveg gæsahúð þegar ég labbaði inn á þennan völl í fyrsta skipti og svakaleg orka sem maður fann fyrir á vellinum. Það er æðislegt að komast inn á þetta mót, sem er það stærsta sem hægt er að komast í," sagði Bergur Ingi, sem líkar lífið vel í Ólympíuþorpinu.

„Þetta er ofboðslega þægilegt og maður bara slappar af, spjallar og hlær með fólkinu. Virkilega skemmtilegt," sagði sleggjukastarinn."

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Enski boltinn í gær:

Meistararnir töpuðu stigum

ENSKI Englandsmeistarar Manchester United misstigu sig í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar þegar þeir náðu aðeins jafntefli gegn Newcastle á heimavelli. Obafemi Martins kom Newcastle yfir með skalla eftir hornspyrnu en Darren Fletcher jafnaði aðeins mínútu síðar. Fleiri mörk voru ekki skoruð og leikar enduðu 1-1.

Luiz Felipe Scolari stýrði Chelsea til 4-0 sigurs á Portsmouth. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn fyrir Portsmouth sem sá aldrei til sólar. Chelsea var 3-0 yfir í hálfleik með mörkum frá Joe Cole, Nicolas Anelka og Frank Lampard úr vítaspyrnu. Deco bætti því fjórða við undir lokin.

„Ég er ánægður af því liðið mitt spilaði mjög vel," sagði Scolari. „Að vinna fyrsta leikinn 4-0 er mikilvægt en það er mikilvægara að liðið mitt leit vel út á vellinum."

Gabriel Agbonlahor skoraði þrennu á sjö mínútum og 43 sekúndum fyrir Aston Villa sem lagði Manchester City 4-2. John Carew skoraði einnig fyrir Villa en Elano og Vedran Corluka fyrir City. - hþh

SCOLARI Var ánægður með sigurinn í sínum fyrsta leik með Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HK
Handknattleiksdeild HK auglýsir eftir þjálfara fyrir 2. flokk karla fyrir komandi tímabil. Flokkurinn er núverandi Íslands- og bikarmeistari og því við góðu búi að taka. Einnig auglýsir barna- og unglingaráð HK eftir þjálfurum fyrir yngri flokka félagsins.

HK leitar að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að efla starf handknattleiksdeildarinnar. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn og ferilskrá til íþróttastjóra félagsins á netfangið olithor@hk.is.

Reynsla af þjálfun skilyrði og menntun á sviði íþrótta-, kennslu eða uppeldisfræða æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Óli Þór Júlíusson, olithor@hk.is, eða í síma 897-8730.

Sundkappinn Michael Phelps var sigursæll á Ólympíuleikunum:

Átta gull hjá Phelps í Peking

PEKING 2008 Michael Phelps varð fyrstur til að vinna átta gull á einum Ólympíuleikum þegar bandaríska sundsveitin tryggði sér sigur í 4x100m fjórsundi í fyrrinótt. Sveitin setti heimsmet.

Phelpst setti alls sjö heimsmet á leikunum. Hann hefur nú unnið flest gull allra á leikum, samtals fjórtán talsins, og gullin átta eru flest gull sem íþróttamaður hefur unnið á einum leikum. Landi hans Mark Spitz átti metið, hann vann sjö gull á leikunum í München árið 1972. Spitz kallaði Phelps besta íþróttamann á Ólympíuleikum í sögunni.

„Þetta var gaman," sagði Phelps, hógværðin uppmáluð þrátt fyrir allt. „Þetta er nokkuð sem ég var að stefna að og langaði til að gera. Þetta er búið að krefjast mikillar vinnu og ég er þakklátur fyrir það hvernig þetta fór.

GULLKÁLFUR Phelps hefur skráð sig á spjöld sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta var fullkomið. Hver stund í og úr lauginni verður með mér til æviloka. Þetta er ein besta vika ævi minnar, ef ekki sú besta," sagði Phelps en aðrir sundmenn hafa keppst við að ausa hann lofi.

„Michael Phelps – það er ekki hægt að lýsa því hvað hann gerði hérna. Þetta afrek er ótrúlegt og ég efast um að við munum sjá nokkuð svona aftur," sagði Ástralinn Grant Hackett.

- hþh

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

ACER ASPIRE 5920G-5A

- 1.83GHz Intel Core2 Duo
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD3470
- 15.4" WideScreen skjár
- Windows Vista Home Premium

119.950

TURNUPPFÆRSLA 2

- AMD Athlon 64 X2 4600+
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- GB LAN og 7.1 hljóðkort

@tt.is

39.950

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is

109.950

ACER EXTENSA 5220Z-20

- 2.0GHz Intel Celeron M
- 2GB DDR2 667MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- 128MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

64.950

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

12.750

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E7200 - 45nm
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce NX9600GSO
- 22" Acer skjár, 5ms DVI

129.950

15.4" HLIÐARTASKA

15,4" Manhattan Empire lipur og nett svort hliðartaska fyrir fartölvur

MANHATTAN **3.950**

15" BAKPOKI

Rúmgóður bakpoki fyrir 15" fartölvur frá Manhattan

MANHATTAN **3.950**

ACER ASPIRE 7520G-40

- 1.9Ghz AMD Turion64
- 3GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB Geforce 8400
- 17" WideScreen skjár

117.950

500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

12.750

160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

Western Digital **10.950**

LOGITECH NX50 MÚS

Logitech NX50 Notebook Laser Mouse Plus frábær fartölvumús, USB

2.450

SENNHEISER HD 201

SENNHEISER

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.450

4GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

1.950

640GB HARÐUR DISKUR

640GB Western Digital SE16 - SATA II harður diskur, WD640AAKS, 300MB/s, með 16MB buffer, 7.200rpm

Western Digital **9.750**

ACER ASPIRE 5930G-73

- 2.0GHz Intel Core2 Duo Penryn
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 512MB Geforce Go 9600GT
- 15.4" WideScreen skjár

167.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

FH 0-1 Grindavík

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 738 Garðar Örn Hinriksson (6)

0-1 Andri Steinn Birgisson (66.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	23-4 (8-2)
Varin skot	Gunnar 1 – Zankarlo 8
Horn	6-2
Aukaspyrnur fengnar	16-15
Rangstöður	3-3

FH 4–3–3	GRINDAV. 4–5–1
Gunnar Sigurðsson 6	*Zankarlo Simunic 8
Höskuldur Eiríksson 6	Bogi Rafn Einarsson 7
(73. Guðm. Sævars. -)	(90.. Michael J. Jóns. -)
Dennis Siim 6	Zoran Stamenic 7
Tommy Nielsen 6	Eysteinn H. Hauksson 7
Hjörtur L. Valgarðss. 7	Jósef Kr. Jósefsson 7
Matthías Vilhjálms. 4	Andri St. Birgisson 6
Björn D. Sverrisson 6	Orri Freyr Hjaltalín 6
(73. Ásgeir G. Ásgeirs.-)	Scott Ramsay 6
Davíð Þór Viðarsson 6	Jóhann Helgason 6
Tryggvi Guðmunds. 4	Tomasz Stolpa 2
Atli Guðnason 4	(52. Alexander Þórar. 4)
Matthías Guðmunds. 3	Gilles Mbang Ondo 3
(79. Jónas Garðars. -)	(81. Aljosa Gluhovic -)

Eiður Smári Guðjohnsen:

Byrjaði gegn Boca Juniors

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona sem vann argentínska liðið Boca Juniors 2-1 í æfingaleik. Eiður spilaði í 63 mínútur en Carles Puyol og Samuel Eto´o tryggðu spænska liðinu sigur með mörkum í uppbótartíma. **- hþh**

GRIMMUR Varnarmaðurinn Eysteinn Húni Hauksson hjá Grindavík stígur hér í veg fyrir framherjann Atla Guðnason hjá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enn ná Grindvíkingar að vinna á útivelli:

Bitlaus FH-sókn skilaði engu

FÓTBOLTI FH-ingar horfðu á eftir stigunum og toppsætinu í rigningunni í Kaplakrika í gær þrátt fyrir að ráða lögum og lofum í 0-1 tapleik á móti Grindavík í gær. Bitlítill sóknarleikur liðsins vann ekkert á mannmargri vörn Grindvíkinga og Zankarlo Simunic varði síðan hvað eftir annað á frábæran hátt þegar FH-ingar pressuðu á lokakaflanum.

Grindvíkingar unnu sinn sjötta útileik í röð og enn á ný voru það meistarataktar frá Scott Ramsay sem gerðu út um leikinn. Ramsay fiskaði aukaspyrnu úti á hægri kanti og sendi síðan stórhættulegan bolta inn á fjærstöng þar sem Andri Steinn Birgisson stóð einn og óvaldaður og skoraði. Þolinmæði Grindvíkinga hafði skilað sér og þeir snúa því enn á ný heim til Grindavíkur með þrjú stig í farteskinu.

Andri Steinn Birgisson var hetja Grindavíkur og hann var kátur í leikslok. „Þetta er ótrúlega ljúft. Þeir eru ógnarsterkir og sennilega með eitt besta liðið í dag. Fyrirfram var maður sáttur með jafntefli á móti FH á útivelli en við vissum að þeir væru þreyttir eftir leikinn á móti Aston Villa. Við sögðum því að ef að það væri einhvern tímann möguleiki á að vinna FH þá væri það núna," sagði Andri Steinn, sem virtist vera aleinn í markteignum þegar hann skoraði. „Ég náði að losa mig undan honum og það var síðan erfitt að klúðra þessu eftir það. Við Scotty þekkjum hvor annan mjög vel," sagði Andri Steinn.

Hljóðið í FH-ingum var ekki eins gott. „Við vorum með boltann allan tímann en þegar við dekkum ekki mennina í aukaspyrnum þá fáum við það í bakið. Það er hrikalegt að í svona leik þar sem við erum svona mikið með boltann að það sé ekki meiri hreyfing og kraftur í sóknarleiknum," sagði Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH, hundsvekktur eftir leikinn. „Það vantaði einhvern áhuga hjá okkur og þetta var mjög dapurt," sagði Davíð, sem vildi ekki meina að leikjaálagið hefði eitthvað um það að segja. „Það er engin afsökun. Við komum bara ekki tilbúnir í þennan leik. Við erum búnir að missa toppsætið í bili en við verðum bara að gjöra svo vel að ná því aftur," sagði Davíð að lokum. **- óój**

Fögnuði Valsstúlkna slegið á frest

Sigur KR á Val í gær hleypir spennu aftur í Landsbankadeild kvenna. Þrjú stig skilja liðin að þegar þrír leikir eru eftir. Olga Færseth segir að sigurinn sanni að KR standi jafnt Val að getu.

FÓTBOLTI Valur tapaði fyrsta leik sínum í rúm tvö ár fyrir KR í gær. Valur hafði unnið 23 leiki í röð og voru taplausar í 33 leikjum í deildinni þar til í gær. Aðeins þrjú stig skilja liðin að þegar þrjár umferðir eru eftir.

Fyrri hálfleikurinn var mjög varfærnislega leikinn af báðum liðum og var hann jafn framan af. Það var dæmigert fyrir markadrottninguna Margréti Láru Viðarsdóttur að sjást varla fyrsta hálftímann þar til hún sneri af sér varnarmann upp úr engu og kom Val yfir. Staðan 0-1 í hálfleik, sem var verðskulduð staða.

Hólmfríður Magnúsdóttir jafnaði í upphafi seinni hálfleiks þegar hún vann boltann vel af Ástu Árnadóttur, komst ein gegn Randi Waarum og skoraði örugglega.

Valsbekkurinn brást við með tvöfaldri skiptingu og annar varamaðurinn, Hallbera Guðný Gísladóttir, lét strax til sín taka. Hún átti þrumuskot í stöngina og upp úr sömu sókn fékk hún boltann á fjærstönginni, skaut boltanum í sömu stöng og áður en nú fór boltinn inn í staðinn fyrir út. Glæsilegt mark hjá Hallberu.

Forysta Vals varði aðeins í nokkrar mínútur. Eftir mikinn barning í teignum kom Guðrún Sóley Gunnarsdóttir boltanum yfir línuna af miklu harðfylgi og jafnaði leikinn aftur.

FÖGNUÐUR KR-stúlkur fagna hér sigrinum. Lengst til vinstri er Freyr Alexandersson, annar þjálfara Vals, við hlið Helenu Ólafsdóttur, þjálfara KR, sem hleypur til stelpnanna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásta átti í erfiðleikum með Hólmfríði í seinni hálfleik og þegar stundarfjórðungur lifði leiks braut hún á KR-stúlkunni innan teigs. Þorvaldur Árnason, góður dómari leiksins, dæmdi réttilega vítaspyrnu. Olga tók hana, Waarum varði en Olga náði frákastinu og kom KR yfir.

Fleiri mörk voru ekki skoruð og KR-stúlkur gátu fagnað sigri. „Leikurinn byrjaði rólega en við unnum okkur inn í hann. Það var kjaftshögg að fá á okkur markið í fyrri hálfleik en við ákváðum í hálfleik að taka okkur saman í andlitinu og við gerðum það svo sannarlega. Frá mínum bæjardyrum séð var þetta sanngjarn sigur," sagði Olga, sem finnst KR hafa sannað að það hafi jafnt gott lið og Valur.

Hún hefur þó enga trú á því að KR geti orðið meistari. „Nei, í sjálfu sér ekki. Þetta er algjörlega í þeirra höndum og þær þurfa virkilega að misstíga sig ef þær ætla að tapa titlinum. Við ætlum bara að einbeita okkur að bikarnum, það er okkar keppni eins og er."

Freyr Alexandersson, annar þjálfara Vals, viðurkenndi að sigur KR hefði verið sanngjarn. „Já ég verð að segja að þetta séu sanngjörn úrslit. Það var eitthvað ekki í lagi í okkar leik, það er alveg ljóst. Það er ekki eðlilegt að við fáum á okkur þrjú mörk hér á KR-velli," sagði Freyr, sem vill að stelpurnar bregðist við á réttan hátt.

„Það er eins gott að liðið sýni nú úr hverju það er gert. Það þarf að sýna þann karakter sem býr í liðinu, það þýðir ekkert annað. Það verður bara enn sætara að vinna næst. Það er ekkert gefið í þessu, hvað þá sjálfgefið. Við vissum fyrir leikinn að titillinn væri okkar að vinna og hann er markmið númer eitt áfram," sagði Freyr. **hjalti@frettabladid.is**

ÞETTA ERU ENGIR VENJULEGIR EINKAÞJÁLFARAR

ÚTSKRIFTARHÓPUR 2008

IAK · Einkaþjálfari

Andrea Jónheiður Ísólfsdóttir
Sími: 896 3568
Netfang: andreais@simnet.is
Hress, Hafnarfirði

Guðrún Magnúsdóttir
Sími: 822 6878
Netfang: gmagnus@internet.is
Reykjavík

Hulda Rós Ingibergsdóttir
Sími: 863 3304
Netfang: sih@centrum.is
Sporthúsið

Ásdís Þorgilsdóttir
Sími: 891 8077
Netfang: asdis@asdis.us
Lífsstíl, Reykjanesbæ

Heiðrún Sigurðardóttir
Sími: 869 2971
Netfang: heidrun@heidrunfitness.com
Sporthúsið

Ingibjörg A. Baldursdóttir
Sími: 897 4714
Netfang: didi@internet.is
Reykjanesbær

Brynjúlfur Jónatansson
Sími: 691 0616
Netfang: brynjulfur@hotmail.com
World Class Laugum

Helena Ólafsdóttir
Sími: 848 1498
Netfang: helena_olafsdottir@hotmail.com
Hreyfing

Jóhanna Elín Magnúsdóttir
Sími: 692 8181
Netfang: johanna.elin@gmx.com
Íþróttavellir, Keflavíkurflugvelli

Davíð Smári Harðarson
Sími: 699 7643
Netfang: davidsmarihardarson@gmail.com
Þjálfun.is

Helga Hilmarsdóttir
Sími: 616 2488
Netfang: helgahilm@hotmail.com
World Class

Kristinn Freyr Guðmundss
Sími: 896 9842
Netfang: Krissifg@islandia.is
Heilsuakademían Egilshöllinni

Einhildur Ýr Gunnarsdóttir
Sími: 692 1306
Netfang: einhildur@gmail.com
Reykjavík/Kópavogur

Hilmar Þór Arnarson
Sími: 821 5908
Netfang: hilmararnarson@gmail.com
Höfuðborgarsvæðið

Kristján Guðmundsson
Sími: 823 5764
Netfang: Kristjang_8@hotmail.com
Höfuðborgarsvæðið

Sigríður Þórdís Sigurðardóttir
Sími: 863 7088
Netfang: sirry78@gmail.com
Sporthúsið

Stefán Már Autrey
Sí mi: 899 5393
Netfang: stefan@thh.is
Reykjanesbær/Reykjavík

Fríða Sigurðardóttir
Sími: 861 9861
Netfang: fridasig@hotmail.com
Hreyfing

Skagamenn eru komnir í botnsæti Landsbankadeildar karla eftir 2-2 jafntefli gegn Fylkismönnum í gærkvöld:

Útlitið enn dekkra hjá Skagamönnum

FÓTBOLTI Fylkismenn settu enn einn naglann í kistu Skagamanna með því að jafna leikinn, 2-2, í blálokin á Fylkisvelli í gærkvöldi. Leikur ÍA hefur vissulega farið batnandi í síðustu leikjum en á meðan liðið vinnur ekki verður útlitið dekkra og dekkra.

„Ég hélt í sannleika sagt að við værum að fara að halda þetta út eftir stórskotahríð Fylkismanna, en það gekk ekki upp. Það vantaði smá upp á að þrauka þetta út. Menn mega ekki missa trúna á þetta en ég held að við þurfum að vinna fimm af síðustu sex leikjum okkar í deildinni til þess að bjarga okkur," sagði Arnar Gunnlaugsson, þjálfari ÍA, í leikslok.

Skagamenn sóttu meira í fyrri hálfleik á meðan Fylkismenn lágu til baka og beittu skyndisóknum. Gestirnir gerðu svo réttilega tilkall til vítaspyrnu strax á 9. mínútu þegar Valur Fannar Gíslason braut greinilega á Birni Bergmann Sigurðarsyni en dómarinn Einar Örn Daníelsson kaus að flauta ekki.

Skagamenn héldu áfram að sækja í kjölfarið en það voru Fylkismenn sem tóku forystu í leiknum á 22. mínútu þegar Ingimundur Níels Óskarsson skoraði af stuttu færi eftir að Trausti Sigurbjörnsson hafði varið vel frá honum skömmu áður.

Jafnræði var með liðunum eftir markið og ekki mikið að gerast þangað til Stefán Þór Þórðarson náði að jafna metin rétt áður en flautað var til hálfleiks.

Snemma í seinni hálfleik tóku Skagamenn svo forystu þegar Jón Vilhelm Ákason átti sendingu sem markvörðurinn Fjalar Þorgeirsson misreiknaði illilega og Björn Bergmann skallaði í autt markið.

Eftir markið féllu Skagamenn allt of langt til baka og hleyptu Fylkismönnum inn í leikinn, sem gengu á lagið og sóttu án afláts.

Heimamenn fengu víti á 67. mínútu þegar Trausti braut á varamanninum Hauki Inga Guðnasyni, sem lífgaði mjög upp á sóknarleik Fylkismanna. Trausti gerði sér hins vegar lítið fyrir og varði slaka vítaspyrnu Vals Fannars Gíslasonar.

Stuttu síðar gerðu Fylkismenn tilkall til þess að fá vítaspyrnu á ný þegar Haukur Ingi var í baráttunni í teignum. Dómarinn beitti þess í stað hagnaðarreglunni og Haukur Ingi fékk opið skotfæri en Trausti varði vel frá honum. Skagamenn voru aftur á móti heppnir að sleppa með að fá spjald fyrir að brjóta á Hauki Inga.

Lokamínúturnar voru spennuþrungnar og þegar menn héldu að Skagamenn myndu komast í burtu með þrjú stig bar sóknarþungi Fylkismanna loks árangur. Valur Fannar Gíslason skallaði boltann af harðfylgi í netið og jafnaði leikinn 2-2 og þar við sat.

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var ánægður með sína menn í leikslok.

„Auðvitað hefði maður viljað vinna leikinn en það fellur ekki alltaf með manni. Enn og aftur sýndum við samt mikinn karakter með því að koma til baka eftir að hafa lent undir og það var algjört lykilatriði fyrir okkur að tapa ekki þessum leik," sagði Leifur.

- óþ

BARÁTTA Fylkismaðurinn Kristján Valdimarsson reynir hér að tækla Skagamanninn Jón Vilhelm Ákason. Kristján þurfti síðar að yfirgefa völlinn eftir samstuð við Fjalar Þorgeirsson, markvörð Fylkismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkir 2-2 ÍA

Fylkisvöllur, áhorf.: 747 — Einar Örn Daníelsson (4)

1-0 Ingimundur Níels Óskarsson(9.), 1-1 Stefán Þór Þórðarson (45.), 1-2 Björn Bergmann Sigurðarson (54.), 2-2 Valur Fannar Gíslason (86.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18-14 (13-8)
Varin skot	Fjalar 4 – Trausti 9
Horn	5-4
Aukaspyrnur fengnar	14-17
Rangstöður	5-3

FYLKIR 4-3-3		ÍA 4-3-3	
Fjalar Þorgeirsson	5	*Trausti Sigurbjö.	8
Andrés M. Jóhann.	5	Aron Ýmir Pétursson	5
Valur F. Gíslason	6	(70., Kári Steinn	5)
Ólafur Ingi Stígsson	6	Árni Thor Guðmunds.	6
Kristján Valdimars.	5	Helgi P. Magnússon	7
(56., Hermann. A.	6)	Guðjón H. Sveinsson	5
Halldór A. Hilmisson	5	Jón Vilhelm Ákason	6
(62., Haukur Ingi G.	7)	(78., Árni I. Þjeturs.	-)
Ian David Jeffs	5	Pálmi Haraldsson	6
Kjartan Á. Breiðdal	6	Arnar B. Gunnlaugs.	7
Ingimundur N. Ósk.	7	Þórður Guðjónsson	3
(70., Kjartan Andri	5)	Stefán Þór Þórðarson	6
Allan Dyring	3	(56., Vjekoslav Svad.	5)
Jóhann Þórhallsson	5	Björn B. Sigurðarson	7

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Breiðablik vann Fjölni örugglega 4-1 í gærkvöld:

Fimmta tap Fjölnis

Fjölnismenn töpuðu fimmta leik sínum í röð þegar þeir mættu Breiðabliki á Kópavogsvelli í gær. Blikar unnu verðskuldaðan 4-1 sigur. Eftir að hafa farið á kostum stóran hluta sumarsins eru Grafarvogspiltar að gefa eftir en þjálfarinn Ásmundur Arnarsson segist viss um að hans menn muni snúa við blaðinu.

„Ég er alls ekki sáttur við okkar leik í dag. Varnarleikurinn var slakur í fyrri hálfleik og við fórum yfir það í hálfleik en þá fór bitið úr sókninni. Það var voða lítið í gangi hjá okkur," sagði Ásmundur. „Ég veit ekki nákvæmlega hvað er að en við förum bara vel yfir hlutina og reynum að rífa hugarfarið upp."

Leikurinn byrjaði fjörlega og bæði lið höfðu náð að skora eftir sex mínútur. Eftir það tóku Blikar völdin, spiluðu virkilega vel og voru komnir í 3-1 fyrir hálfleik. Þeir stjórnuðu leiknum að mestu og voru með leikinn í öruggum höndum í seinni hálfleik. Guðmundur Kristjánsson rak síðasta naglann í kistu Fjölnis í uppbótartíma. Ungu strákarnir í Breiðabliksliðinu héldu áfram að blómstra.

„Ég er mjög ánægður með sigurinn og spilamennskuna. Við vissum að við værum að mæta mjög sprækum liði. Þeir sýndu hvað í þeim býr gegn Val en fengu ekki það úr þeim leik sem þeir vildu. Við sóttum til sigurs, það var alveg klárt að við ætluðum okkur sigur í þessum leik," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, sem enn fær að halda mottunni góðu.

„Við spiluðum mjög skynsamlega í seinni hálfleik. Við vonuðumst til að fá opnanir og svo var gaman að sjá Guðmund klína honum inn undir lokin. Þetta var nokkuð öruggt fannst mér," sagði Ólafur.

Guðmann Þórisson og Prince Rajcomar fengu tækifæri í byrjunarliði Blika á nýjan leik eftir mikla bekkjarsetu í síðustu leikjum. Þeir stóðu svo sannarlega fyrir sínu, Guðmann var öruggur í vörninni við hlið hins sautjánára Finns Orra Margeirssonar sem átti frábæran dag og Prince skilaði marki.

„Prince er búinn að vera á varamannabekknum lengi og það er vegna þess að mér finnst aðrir hafa staðið sig betur. Ég ákvað að setja hann inn í kvöld til þess að reyna að sjá hvort hann gæti brugðist við því að hafa verið á bekknum og hann gerði það ágætlega. Guðmann kom inn í miðvörðinn fyrir Srdjan og spilaði mjög vel," sagði Ólafur að lokum.

- egm

BREIÐABLIK 4-1 FJÖLNIR

1-0 Prince Rajcomar (2.), 1-1 Ólafur Páll Johnson (6.), 2-1 Sjálfsm. (36.), 3-1 Nenad Z. (42.), 4-1 Guðm. Kristj. (90.).

Kópavogsvöllur, áhorf.: 982
Þóroddur Hjaltalín (6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-7 (8-2)
Varin skot	Casper 1 – Þórður 4
Horn	12-2
Aukaspyrnur fengnar	13-13
Rangstöður	4-2

Breiðablik 4–4–2 Casper Jacobsen 6, Arnór S. Aðalsteins. 7, Guðmann Þóris. 7, Finnur Orri Margeirs. 8, Kristinn Jóns. 6, Jóhann Berg Guðmundsson 7 (68. Nenad Petrovic 6), Arnar Grétars. 7, ***Guðmundur Kristjáns. 8**, Nenad Zivanovic 7 (90., Hörður Bjarnas. -), Marel Baldvins. 6, Prince Rajcomar 7 (76. Magnús Páll Gunnarsson -).

Fjölnir 4–3–3 Þórður Ingas. 4, Magnús Einars. 7, Kristján Hauks. 5, Óli S. Flóvents. 4, Gunnar V. Gunnars. 6, Heimir S. Guðm. 5, Ágúst Gylfas. 4 (58. Ásgeir Ásgeirs. 5), Ólafur P. Johnson 6 (74. Davið Rúnars. -), Pétur G. Markan 6 (86., Andri V. Ívars. -), Ólafur P. Snorrason 5, Gunnar M. Guðmundsson 5.

því þeir hafa lokið ítarlegasta einka-þjálfaranámi sem er í boði á Íslandi

- Einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar- og þolþjálfunar
- Góð þekking til að þjálfa einstaklinga með væg stoðkerfameiðsl
- Ítarleg þekking á næringar- og lífeðlisfræði

Laufey Dögg Garðarsdóttir
Sími: 617 0609
Netfang: laufey@worldclass.is
World Class

Sigurbjörg Kristinsdóttir
Sími: 663 0560
Netfang: res@simnet.is
Sólarsport, Snæfellsbæ

Sturla Ólafsson
Sími: 863 6088
Netfang: stullitrukkur@hotmail.com
Massi , Njarðvík

Ólöf Birna Sigurðardóttir
Sími: 868 4769
Netfang: olofbirna@gmail.com
Sporthúsið

Sjöfn Sigþórsdóttir
Sími: 898 5050
Netfang: sjofn@nh.is
Kópavogur

Svava Óskarsdóttir
Sími: 663 6303
Netfang: zvava_@hotmail.com
Höfuðborgarsvæðið

Rannveig Harðardóttir
Sími: 665 8211
Netfang: rannveighardar@simnet.is
Reykjavík

Sonja Kristín Sverrisdóttir
Sími: 899 6433
Netfang: sverrisdottir@gmail.com
Reykjanesbær

Sveinn Rafn Hinriksson
Sími: 849 3227
Bjarg Akureyri


Hrund Sigurðardóttir
Sími: 868 6670
Netfang: hrund08@gmail.com
Höfuðborgarsvæðið

Solveig Bjarnadóttir
Sími: 662 8697
Netfang: dolu7@visir.is
Grandspa

Yrja Dögg Kristjánsdóttir
Sími: 847 8616
Netfang: krravitz@hotmail.com
Höfuðborgarsvæðið

Erum að taka á móti umsóknum!

Umsóknarfrestur rennur út 20. ágúst
Nánari upplýsingar: www.keilir.net undir Heilsu- og uppeldisskóli.

Keilir
Atlantic Center of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

Valur 0-1 HK

Vodafone-völlur, áhorf.: 713 Eyjólfur Kristinsson (9)

0-1 Almir Cosic (61.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–5 (3–2)
Varin skot	Kjartan 1 – Gunnleifur 3
Horn	3–2
Aukaspyrnur fengnar	14–11
Rangstöður	5–0

VALUR 4–4–2		HK 4–4–2	
Kjartan Sturluson	5	Gunnleifur Gunnleifs.	7
Rasmus Hansen	5	Finnbogi Llorens	5
Atli Sv. Þórarinsson	6	Ásgrímur Albertsson	6
Barry Smith	4	Erdzan Beciri	7
(54. Baldur Aðalst.)	4)	Hörður Árnason	8
Rene Carlsen	4	Hörður Magnússon	7
(86. Guðm. Hafsteins.)	-)	(90. Damir Muminovic)	-)
Albert B. Ingason	3	Almir Cosic	7
Baldur Bett	6	Goran Brajkovic	5
Bjarni Ó. Eiríksson	4	Hörður M. Magnúss.	5
Henrik Eggerts	2	*(30. Aaron Palom. 8)	
(82. Hafþór Æ. Vilhj.)	-)	Iddi Alkhag	5
Guðmundur Ben.	7	Sinisa V. Kekic	7
Helgi Sigurðsson	3	(46. Rúnar Sigurjóns. 8)	

Keflavík vann góðan sigur á slökum Þrótturum suður með sjó í gær:

Keflvíkingar hirtu toppsætið á ný

FÓTBOLTI Keflvíkingar gefa ekkert eftir í toppbaráttu Landsbankadeildar karla. Þeir unnu öruggan og sanngjarnan sigur á slökum Þróttturum á heimavelli sínum í gærkvöldi. Með sigrinum færðu Keflvíkingar sig í efsta sæti deildarinnar en Þróttarar sitja hins vegar sem fastast í 9. sætinu.

Það var eins og Þróttarar væru ekki mættir til leiks þegar Kristinn Jakobsson flautaði leikinn á því heimamenn áttu hvert dauðafærið á fætur öðru áður en þeir skoruðu fyrsta markið. Meðal annars misnotaði Guðmundur Steinarsson vítaspyrnu auk þess sem fleiri góð tækifæri fóru forgörðum. Þeir náðu þó að skora í tvígang í fyrri hálfleik. Fyrst Brynjar Guðmundsson með skalla eftir hornspyrnu og svo Guðmundur Steinarsson með glæsilegu skoti úr teignum eftir sendingu Patrik Redo.

Þróttarar hófu seinni hálfleikinn af meiri krafti og hefðu getað minnkað muninn, en þegar Símun Samuelsen skoraði þriðja mark Keflavíkur var þetta í raun einungis spurning um hversu stór sigurinn yrði því Þróttarar virkuðu hálf vonlausir í sínum leik.

Á síðustu fimm mínútum leiksins skoruðu Keflvíkingar svo tvö mörk. Fyrst varamaðurinn Magnús Þorsteinsson og svo Patrik Redo. Lokatölur 5-0 og Keflvíkingar fögnuðu efsta sætinu vel í leikslok.

Guðmundur Steinarsson, framherji Keflavíkur, hefði þó viljað stærri sigur: „Við hefðum hæglega getað bætt við mörkum. Ég misnotaði vítspyrnu sem Bjarki varði vel. Samt sem áður góður sigur og mikill plús að ná að halda hreinu," sagði Guðmundur og bætti við: „Það sýnir hvað við erum með jafnt lið að það eru fimm leikmenn sem skora mörkin. Við erum með jafnt lið sem spilar vel þegar við náum að spila saman. Því náðum við í dag og það er bara vel."

Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, var auðvitað hundfúll með úrslit leiksins: „Við gáfum þeim færi á að spila sinn leik og þá eru þeir stórhættulegir. Við ætluðum að loka á sendingamennina þeirra á miðjunni en það tókst ekki. Ef Keflavík verða eitthvað í líkingu við þetta í næstu umferðum þá fara þeir langt."- sjj

FÖGNUÐUR Símun Samuelsen fagnar marki með félögum sínum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

HK vann Íslandsmeistara Vals á útivelli í gær:

HK-ingar eygja von

FÓTBOLTI HK sýndi allar sínar bestu hliðar þegar liðið lagði Val, 1-0, á Hlíðarenda. HK vann þar með báða leiki sína gegn Val í deildinni í sumar og hleypti örlitlu lífi í botnbaráttuna þó að liðið sé enn sex stigum á eftir Fylki en það er þó komið af botninum. Úrslitin þýða að Valur á litla von til þess að verja Íslandsmeistaratitil sinn.

Það var fátt sem gladdi augað í fyrri hálfleik á Vodafone-vellinum. Guðmundur Benediktsson átti tvær ágætar atlögur að marki HK og Sinisa Valdimar Kekic sýndi skemmtileg tilþrif úti á vellinum en fá færi litu dagsins ljós og áhorfendur höfðu yfir fáu að kætast.

Síðari hálfleikur var mun skemmtilegri og komu bæði lið ákveðnir til leiks en í fyrri hálfleik. HK var fyrra til að finna leiðina í netið þegar Almir Cosic skoraði eftir laglega sókn upp hægri kantinn þar sem Aaron Palomares fór mikinn í leiknum.

Sigur HK var fyllilega verðskuldaður þar sem sóknir Vals voru fádæma bitlausar ef undan er skilin nokkur tilþrif Guðmundar Benediktssonar. Valsmenn voru aldrei líklegir til að jafna og áttu ekkert skilið út úr leiknum.

Gunnleifur Gunnleifsson þurfti sjaldan að grípa inn í en hann stýrði vörninni af mikilli röggsemi og greip vel inn í í þau fáu skipti sem Valsmenn komu boltanum inn í teig. Gunnleifur var að vonum brattur í leikslok og er mikill hugur í fyrirliða HK fyrir endasprettinn í deildinni.

„Við vinnum hér sannfærandi þar sem Valur fær ekki eitt einasta færi í leiknum. Valsmenn eru auðvitað með gott lið en við áttum sigurinn skilinn. Þetta getum við og héldum loksins út. Málið snýst um að hafa trú á þessu. Við höfum trú á þessu verkefni. Við erum að fara að skapa ævintýri hérna með því að halda okkur uppi. Ég vissi að við myndum vinna leikinn 1-0."

HK hefur leikið frábærlega gegn Val í sumar því ekki úr vegi að spyrja hvort það væri auðveldara að undirbúa sig fyrir leiki gegn Íslandsmeisturunum en öðrum.

„ Þetta er allt erfiðir leikir. Þessi lið eru öll fyrir ofan okkur í deildinni og það þýðir að þau séu á betri stað en við og við getum ekki vanmetið einn né neinn," sagði Gunnleifur, sem getur ekki beðið eftir næsta leik.

„Við ætlum að vinna næsta leik á Akranesi. Mig langar að fara og fá mér kaffi og fara svo upp á Skaga og spila leikinn. Þannig er hugarfarið hjá okkur."

- gmi

MARKASKORARINN Almir Cosic tryggði HK öll stigin í gær.

Tvenna Guðjóns í blálokin

Guðjón Baldvinsson skoraði tvívegis á síðustu fimm mínútum leiks Fram og KR og tryggði síðarnefnda liðinu þar með dýrmætan sigur. Allt útlit var fyrir steindautt jafntefli í Laugardalnum í gær áður en Guðjón tók til sinna mála.

FÓTBOLTI Guðjón Baldvinsson var hetja KR í gær er hann skoraði tvívegis á síðustu fimm mínútum leiks gegn Fram í Laugardalnum í gær. Fram að því hafði leikurinn verið afar bragðdaufur.

Fyrra markið skoraði hann eftir baráttu við Hannes Þór Halldórsson, markvörð Fram. Margir Framarar vildu fá aukaspyrnu á Guðjón, sem var ekki sama sinnis.

„Hann ætlar að kýla boltann í burtu. Ég fylgi eftir og fæ boltann í hausinn á mér og næ að fylgja honum inni í markið. Ég sá ekkert að þessu og það var engin ástæða fyrir dómarann að flauta."

Síðara markið var einkar glæsilegt. Varamaðurinn Diogo gaf fyrir frá vinstri og Guðjón skallaði hann laglega í fjærhornið.

„Það var mjög ljúft að sjá báða þessa bolta inni enda löng bið að baki. Við vissum þó vel fyrir leikinn að við þyrftum að vera þolinmóðir. Maður var að vísu farinn að pirrast aðeins undir lokin en sem betur fer datt þetta fyrir okkur í endann."

„Síðast þegar við mættum Fram unnum við þá og það markaði upphafið að góðri sigurhrinu ef frá er talinn tapleikur gegn Keflavík. Vonandi er þetta byrjun á góðu ferli á nýjan leik."

Þorvaldur Örlygsson var vitanlega heldur óánægður eftir leik. „Við vorum betri aðilinn í seinni hálfleik eftir þungan og rólegan fyrri hálfleik þar sem menn voru ekki að reyna mikið. Ég ætla ekki að segja að dómarinn hafi verið lélegur en þeir verða að átta sig á því að þeir geta líka stjórnað hraða leiksins. Það þýðir ekki að ræða endalaust við menn í hvert skipti sem þeir flauta."

Logi Ólafsson ákvað að taka Björgólf Takefusa af velli þegar skammt var til leiksloka en ekki Guðjón. „Þegar búið er að sækja í 75 mínútur og reyna að brjóta niður öfluga vörn andstæðingsins er oft gott að gera breytingar án þess að það sé áfellisdómur yfir þeim sem var tekinn út af. Guðmundur og Guðjón eru báðir sterkir í loftinu og ég vildi fá háa bolta inn á teig. Diogo er góður í því og hann kom sterkur inn og lagði upp þetta mark. Það er kærkomið fyrir hann því hann fékk ósanngjarnt víti á sig í síðasta leik og hann er búinn að vera svolítið niðurlútur síðan."

„En ég skil vel að það getur verið ámælisvert að taka markahæsta leikmann deildarinnar af velli einmitt þegar það þarf að skora mark. En ég er virkilega ánægður með hugarfarið hjá mínum mönnum. Þetta var þolinmæðisverk og tókst sem betur fer."

eirikur@frettabladid.is

BARÁTTA Guðjón Baldvinsson fer hér í skallaeinvígi í Laugardalnum við fyrirliða Fram, Reyni Leósson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflavík 5-0 Þróttur

Sparisjóðsvöllurinn, áhorf.: 980 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Brynjar Guðmundsson (19.)
2-0 Guðmundur Steinarsson (22.)
3-0 Símun Samuelsen (53.)
4-0 Magnús S. Þorsteinssson (85.)
5-0 Patrik Redo (89.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–13 (9–3)
Varin skot	Ómar 3 – Bjarki 4
Horn	2–7
Aukaspyrnur fengnar	9–6
Rangstöður	2–3

KEFLAVÍK 4–4–2		**ÞRÓTTUR** 4–4–2	
Ómar Jóhannsson	6	Bjarki Guðmundsson	6
Guðjón Á. Antoníuss.	7	Eysteinn Lárusson	4
Kenneth Gustafsson	7	(76. Birkir Pálsson	-)
Guðmundur Mete	6	Þórður Hreiðarsson	4
(53. Einar Einarsson	6)	Michael Jackson	5
Brynjar Guðmunds.	7	Kristján Ó. Björnsson	4
***Símun Samuelsen**	**8**	Andrés Vilhjálmsson	3
Hólmar Ö. Rúnarsson	8	(46. Magnús Lúðvíks.	6)
Hans Mathiesen	8	Dennis Danry	5
Patrik Redo	7	Hallur Hallsson	5
Jóhann B. Guðm.	6	(69. Rafn A. Haralds.	-)
(73. Magnús Þorst.	-)	Sigmundur Kristjáns.	4
Guðmundur Steinars.	8	Hjörtur Hjartarson	3
(80. Þórarinn Krist.	-)	Jesper Sneholm	3

Fram 0-2 KR

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.162 Magnús Þórisson (7)

0-1 Guðjón Baldvinsson (86.)
0-2 Guðjón Baldvinsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7–14 (2–4)
Varin skot	Hannes 2 – Stefán 2
Horn	2–6
Aukaspyrnur fengnar	13–9
Rangstöður	1–6

FRAM 4–3–3		**KR** 4–4–2	
Hannes Þ. Halldórs.	6	Stefán L. Magnússon	7
Jón Orri Ólafsson	7	Skúli Jón Friðgeirsson	7
Reynir Leósson	7	Grétar Sigurðarson	7
Jón Guðni Fjóluson	6	Pétur Marteinsson	7
Sam Tillen	6	Guðm. R. Gunnars.	7
Heiðar G. Júlíusson	6	Gunnar Örn Jónsson	6
Halldór H. Jónsson	5	Jónas G. Sævarsson	7
Paul McShane	7	Viktor B. Arnarsson	5
(90. Guðm. Magnús.	-)	Óskar Örn Hauksson	5
Almarr Ormarsson	6	(73. Jordao Diogo	-)
(74. Joe Tillen	-)	Björgólfur Takefusa	5
Hjálmar Þórarinsson	6	(83. Guðm. Péturss.	-)
Ívar Björnsson	5	***Guðjón Baldvins.**	**8**
(84. Viðar Guðjóns.	-)		

STAÐAN

Landsbankadeild karla:

Keflavík	**16**	**11**	**3**	**2**	**41-22**	**36**
FH	16	11	1	4	35-16	34
Valur	**16**	**9**	**2**	**5**	**29-21**	**29**
Breiðablik	16	7	6	3	34-23	27
KR	**16**	**8**	**1**	**7**	**26-18**	**25**
Fram	16	8	1	7	18-14	25
Grindavík	**16**	**7**	**3**	**6**	**24-27**	**24**
Fjölnir	16	7	0	9	25-24	21
Þróttur	**16**	**4**	**6**	**6**	**22-33**	**18**
Fylkir	16	4	3	9	18-30	15
HK	**16**	**2**	**3**	**11**	**16-38**	**9**
ÍA	16	1	5	10	14-36	8

OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA
OG 11-05:30 UM HELGAR

STEAKANDPLAY

SPORT CLUB
GOLF HERMIR
STEIKHÚS
PLAYSTATION

ALLAR AÐAL
SPORTRÁSIR HEIMS

HEIMSKLASSASTAÐUR
Á FRÓNI

OPNUM 22.08.08
Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030
steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

Viðey ehf.

KOSTAR EKKI NEMA NEITT

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is

dagskrá

> Madonna

„Ég er mín eigin tilraun. Ég er mitt eigið listaverk".
Madonna átti 50 ára afmæli um helgina og ætlar Skjáreinn að sýna í kvöld heimildamynd um tekin var upp á Re-Invention tónleikatúrnum þar sem Madonna flytur lög frá glæstum ferli sínum.

VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ÞOLIR ILLA HVERS KYNS VIÐBJÓÐ Í SJÓNVARPI

Kökkur í hálsi karlmannsins á heimilinu

Konan mín á það til að vera óttaleg mús. Hún má fátt illt sjá, tekur undantekningarlaust afstöðu með litla manninum, kallar mig heim úr vinnu til að binda enda á tilveru skordýra sem villast inn í íbúðina okkar og fellir tár yfir Svala-auglýsingum. Svona næstum því. Þegar kemur að sjónvarpsáhorfi umturnast hún hins vegar í grjótharðan nagla sem kallar ekki allt ömmu sína. Hver hryllings-, ofbeldis- og viðbjóðsræman af annarri líður yfir skjáinn án þess að spúsan svo mikið sem depli auga. Þvert á móti forherðist hún og gerir óspart gys að mér, karlmanninum á heimilinu, sem situr og engist í sófanum með gæsahúð og/eða kökk/æluna í hálsinum. Ég leyfi henni þó oftast nær að fara sínu fram í þessum efnum, enda byggist sjónvarpsréttur samlyndra hjóna fyrst og fremst á diplómatík. Fyrir hverja horrormyndina sem hún horfir á fæ ég leyfi til að að glápa æstur og sveittur á fótbolta- eða körfuboltaleik, allt eftir þörfum hverju sinni. En þegar hún stillir yfir á eftirlætis sjónvarpsefnið sitt, raunveruleikaþáttinn „Dr. 90210" á E-stöðinni, þá segi ég hingað og ekki lengra. Og fer inn í herbergi að lesa.

Alveg er mér fyrirmunað að skilja hvers vegna nokkur myndi vilja horfa á þetta rusl ótilneyddur, eða af hverju er yfir höfuð verið að framleiða þessa hrottafengnu andstyggð. Ekki er nóg með að aðalpersónan, læknisgerpið Robert Rey, búi yfir jafn ríkulegum persónutöfrum og útrunnin mjólkurferna, heldur ættu ítarleg myndskeiðin af lýtalækningum, uppskurðum og fitusogum að valda hverjum manni martröðum til æviloka. Tímanum væri betur varið í að fylgjast með drullupolli þorna upp.

Konan mín hefur reyndar svipaðar meiningar um eftirlætið mitt, NBA-TV. Þegar ég festist í þeirri eðalstöð svo klukkustundum skiptir fer ég að skilja alla tölvunördana, sem gera þarfir sínar í pizzukassa, alveg ágætlega.

EKKI MISSA AF

20.00 The Sentinel STÖÐ 2 BÍÓ

20.50 Vinir í raun (In Case of Emergency) SJÓNVARPIÐ

22.30 Missing STÖÐ 2



21.50 The Evidence, lokaþáttur SKJÁREINN

21.00 American Dad STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

07.30 ÓL í Peking Samantekt
08.15 ÓL í Peking Handbolti karla, Ísland-Egyptaland. (e)
09.40 ÓL í Peking Badminton, úrslit í tvenndarleik.
10.50 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir.
14.10 ÓL í Peking Handbolti karla, Þýskaland-Danmörk.
15.40 ÓL í Peking Fimleikar, úrslit.
16.15 ÓL í Peking Samantekt
17.00 ÓL í Peking Samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Kóalabræðurnir
18.12 Herramenn
18.25 Út og suður
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Bjartar vonir (Little Big Dreams)
▶20.50 Vinir í raun (In Case of Emergency) (10:13)
21.15 Anna Pihl (5:10)
22.00 Tíufréttir
22.20 Ólympíukvöld (10:16)
22.45 Slúður (Dirt II) (17:20)
23.25 ÓL í Peking Samantekt
23.50 ÓL í Peking Fimleikar, úrslit.
02.00 ÓL í Peking Frjálsar.
03.30 ÓL í Peking Fimleikar, trampólín.
03.50 ÓL í Peking Handbolti kvenna.
05.30 ÓL í Peking Endursýnt efni.
06.05 ÓL í Peking Handbolti kvenna.

BÍÓ

08.00 Buena Vista Social Club
10.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
12.00 Kicking and Screaming
14.00 Buena Vista Social Club
16.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
18.00 Kicking and Screaming
▶20.00 The Sentinel Leyniþjónustumaður lendir er ranglega sakaður um að skipuleggja banatilræði á Bandaríkjaforseta.
22.00 Æon Flux
00.00 Exorcist. The Beginning
04.00 Æon Flux
06.00 Guess Who

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella
10.15 Sisters (12:24)
11.15 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Grumpy Old Women (2:4)
13.40 How I Met Your Mother (11:22)
14.05 Ella Enchanted
15.55 Háheimar
16.20 Leðurblökumaðurinn
16.40 Skjaldbökurnar
17.05 Tracey McBean
17.18 Louie
17.28 Neighbours
17.53 Bold and the Beautiful
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (10:25)
19.55 Friends (3:24)
20.20 So You Think You Can Dance
21.45 So You Think You Can Dance
▶22.30 Missing (15:19) Spennumyndaflokkur sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkulögga sem veigrar sér ekki við að beygja reglurnar til þess að leysa glæpi. Magnaðir þættir í anda Cold Case.
23.15 It's Always Sunny In Philadelphia (7:10) Önnur röð gamanþátta um fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að árekstrar verði.
23.40 A Separate Peace
01.10 Las Vegas (6:19)
01.55 Silent Witness (6:10)
02.50 Ella Enchanted
04.25 Missing (15:19)
05.10 The Simpsons (10:25)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik Fylkis og ÍA í Landsbankadeild karla.
16.00 Supercopa 2008 Útsending frá Super Copa en þar mætast Real Madrid og Valencia.
17.40 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik Fylkis og ÍA í Landsbankadeild karla.
19.30 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
20.30 Sumarmótin 2008 Sýnt frá Pæjumótinu á Siglufirði þar sem margar af framtíðar knattspyrnukonum landsins mæta til leiks.
21.15 10 Bestu - Guðni Bergsson Annar þátturinn í þáttaröð um 10 bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
22.00 History of the Ryder Cup Saga Ryder Cup skoðuð í bak og fyrir.
23.20 Einvígið á Nesinu Sýnt frá Einvíginu á Nesinu þar sem 10 bestu kylfingar leiks mæta til leiks.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
15.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
17.30 English Premier League
18.25 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
18.50 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 English Premier League
22.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 What I Like About You (e)
19.45 Less Than Perfect (e)
20.10 Madonna: I´m Gonna Tell You A Secret Poppdrottningin Madonna fagnaði 50 ára afmæli sínu um helgina og af því tilefni endursýnum við einstaka heimildamynd þar sem Madonna hleypir áhorfendum inn í líf sitt á tónleikaferðalagi. (e)
21.00 Eureka (2:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Carter og Stark þurfa að snúa bökum saman þegar fiktið í Fargo stofnar framtíð rannsóknarstofunnar í hættu.
▶21.50 The Evidence - Lokaþáttur Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Það er komið að lokaþættinum. Plötusnúður í næturklúbbi er myrtur og misskilningur við meðhöndlun sönnunargagnanna leiðir lögregluna á spor annars máls.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Swingtown (e)
00.20 Criss Angel Mindfreak (e)
00.45 Da Vinci's Inquest
01.35 Trailer Park Boys
02.25 Vörutorg
03.25 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12.15 daginn eftir
20.30 Gönguleiðir þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi) Endurtekið kl. 21.30 og 22.30

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Fíton/SÍA

Sumar myndir vinna!

TAKTU ÞÁTT! Glæsilegir vinningar í boði.

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á **visir.is/ljosmyndakeppni**, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.



1. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapixlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.

2. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapixlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.

3. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapixlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.

Sony Center SUMAR FERÐIR

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

Í KVÖLD

STÖÐ 2

So You Think You Can Dance kl. 20.20

Dansæðið heldur áfram. Aðeins fjórtán keppendur eru eftir og munu leggja allt undir til að komast áfram í tólf manna úrslitin. So You Think You Can Dance kemur frá framleiðendum American Idol en þetta er fjórða röð þáttanna, sem hafa aldrei verið vinsælli.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Kicking and Screaming
STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.00

Gamanmynd frá 2005 með Will Ferrell og Robert Duvall í aðalhlutverkum. Phil Weston hefur frá fæðingu verið hrakfallabálkur af aumustu gerð og mislukkaður á flestum sviðum einkum í íþróttum. Hann tekur að sér að þjálfa krakkafótboltalið til þess að sigra lið sem pabbi hans þjálfar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Látún
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
13.15 Á sumarvegi
14.03 Út um víðan völl
15.03 Útvarpssagan: Barnið og tíminn
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
20.00 Leynifélagið
20.30 Þættir úr lífi Bill Evans
21.10 Framtíð lýðræðis
22.12 Orð kvöldsins
22.45 Dalakofinn
23.30 Lostafulli listræninginn
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld (10:13)
17.30 Entourage (20:20)
18.00 American Dad (3:16)
18.30 Happy Hour (3:13)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Seinfeld (10:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
20.30 Entourage (20:20) Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
▶ **21.00 American Dad** (3:16)Teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
21.30 Happy Hour (3:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum glaumgosa, sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Women's Murder Club (9:13)
22.45 The Tudors (3:10)
23.40 Wire (9:13)
00.40 Sjáðu
01.05 Myndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen.
21.00 Vangaveltur Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
21.30 Óli á Hrauni Umsjón: Ólafur Hannesson. Gestur: Jón Geir Þórisson yfirlögregluþjónn.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

14.15 NI HAO OL højdepunkter **15.25** Nyheder på tegnsprog **15.30** Lotte fra Spektakelmagergade **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.00** Verdens vildeste krydstogt **17.30** Supernabo **18.00** Attenborough - koldblodigt eventyr **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** Kriminalassistent Cato Isaksen **21.45** Seinfeld **22.10** En sag for Frost **23.50** Conviction **00.35** Dødens Detektiver **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NRK 1

10.00 Sommer-OL i Beijing. Fotball semifinale, kvinner **12.00** Sommer-OL i Beijing. Friidrett **13.00** Sommer-OL i Beijing. Fotball semifinale, kvinner **15.00** Sommer-OL i Beijing **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Fornuft og følelser **20.30** Når storken svikter - fem år etter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.45** 20 spørsmål **23.10** Øyenvitnet **01.00** Sommer-OL i Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **16.00** Hannas hjälplinje **16.10** Lisa **16.15** Rorri Racerbil **16.30** Sune **17.00** I huvet på varann **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den inre fienden **20.55** Rapport **21.05** Sommar-OS i Peking **00.55** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking

Og koma svO

Opnum einnig í sundmiðstöðinni að Ásvöllum þann 30. ágúst

Tilboð á æfingakortum

Tilboð I Þrír mánuðir á kr. 21.990.- Einn mánuður fylgir frítt með.
Tilboð II Sex mánuðir á kr. 31.990.- Tveir mánuðir fylgja frítt með.
Tilboð III Árskort á kr. 39.000.-

Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.

HRESS Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2 220 Hafnarfirði
Sími 565 2212 www.hress.is

Grafika 08

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég get yfirleitt ekki hlustað á það sama og venjulega. Ég hlusta mikið á klassík og djass af RÚV eða Rondó. Moby 18 fær stundum að fljóta með svo ég geti skrifað. Þetta er eitthvert einbeitingarvandamál, mér finnst best ef það er enginn söngur. Síðan ef ég er að springa úr orku og óreiðu en þarf að sitja kyrr nota ég Nick Cave.“

Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Villi Villl syngur sjálfur á tónleikum

„Villi Vill syngur sjálfur tvö lög. Hann birtist á tjaldi. Þetta verður mixað með tækninni, hljóð og mynd,“ segir Ísleifur Þórhallsson sem nú er að skipuleggja stórtónleika til minningar um einn ástsælasta söngvara Íslands – Vilhjálm Vilhjálmsson.

Í ár eru þrjátíu ár liðin frá því að Vilhjálmur lést í bílslysi í Lúxemborg. Tónleikarnir verða föstudaginn 10. október í nýjum sal Laugardalshallar. Í tengslum við tónleikana verður stofnaður Minningarsjóður Vilhjálms Vilhjálmssonar en honum er ætlað að styrkja árlega söngvara sem þykja skara fram úr.

ÍSLEIFUR Lofar stórkostlegum tónleikum enda kemur landslið söngvara fram.

Ísleifur segir að Vilhjálmur syngi lag sem fannst nýverið. Áður óbirt lag sem Magnús Kjartansson hefur verið að vinna með. „Þetta verða frábærir tónleikar þar sem landsliðið syngur við undirleik strengjasveitar, kóra og hljómsveitar sem Þórir Baldursson stjórnar.“

Þess má geta að sérlegir heiðursgestir verða Helena Eyjólfsdóttir og Þorvaldur Halldórsson sem sungu einmitt með hljómsveit Ingimars Eydal eins og Vilhjálmur gerði. Og Ísleifur er ekki að ýkja þegar hann talar um landslið söngvara: Björgvin Halldórsson, Bubbi Morthens, Diddú, Egill Ólafsson, Ellen Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Helgi Björnsson, Jónsi, KK, Laddi, Lay Low, Páll Rósinkranz, Pálmi Gunnarsson, Ragnheiður Gröndal og Stefán Hilmarsson. **- jbg**



VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON Hann mun birtast á tjaldi og syngja lag sem nýverið fannst.



LÁRÉTT 2. íþróttafélag, **6.** tveir eins, **8.** rá, **9.** púka, **11.** sjúkdómur, **12.** baða, **14.** sveigur, **16.** stefna, **17.** flík, **18.** aur, **20.** íþróttafélag, **21.** fullnægja.

LÓÐRÉTT 1. málmur, **3.** í röð, **4.** dagatal, **5.** blástur, **7.** landbúnaðartæki, **10.** eyrir, **13.** útdeildi, **15.** sálda, **16.** upphrópun, **19.** kyrrð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. fram, **6.** tt, **8.** slá, **9.** ára, **11.** ms, **12.** lauga, **14.** krans, **16.** út, **17.** fat, **18.** for, **20.** kr, **21.** fróa.

LÓÐRÉTT: 1. stál, **3.** rs, **4.** almanak, **5.** más, **7.** traktor, **10.** aur, **13.** gaf, **15.** strá, **16.** úff, **19.** ró.

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

ANTOINE HRANNAR FONS: NÝÚTSKRIFAÐUR MEÐ NÓG AÐ GERA

Úr TV France í fyrirsætustörf í i-D Magazine

„Ég var boðaður í „casting“ hjá Eskimo og svo var hringt daginn eftir og mér boðið að koma,“ segir nýútskrifaði leikarinn Antoine Hrannar Fons um myndatöku fyrir breska tímaritið i-D Magazine sem fram fór hér á landi síðastliðinn föstudag. „Við vorum nokkrar íslenskar fyrirsætur uppi á Snæfellsjökli að sýna vetrartískuna fyrir ýmis merki, svo sem G-star og Carhartt sem mun svo birtast í desemberútgáfu tímaritsins, en einnig voru gerðar myndbandsupptökur af okkur um hvernig er að vera ungur á Íslandi sem verða birtar á heimasíðu tímaritsins,“ segir Antoine sem lauk leiklistarnámi frá Rose Bruford á Englandi í vor.

„Eftir að ég kláraði skólann fékk ég vinnu hjá TV France, franska ríkissjónvarpinu sem kom til landsins í sumar til að taka upp efni. Þá var ég fréttamaður og leiðsögumaður um landið, gaf ábendingar um fólk og staði og túlkaði ef þess þurfti,“ útskýrir Antoine sem á franskan föður og talar því reiprennandi frönsku. Síðustu vikur hefur hann unnið með leiklistahópi á vegum ÍTH og Vinnuskólans í Hafnarfirði, en í kvöld er síðasta sýning verksins „Þið eruð hérna“ sem unnið er í samstarfi við Leikfélag Hafnafjarðar. Leikritið fjallar á einlægan hátt um baráttu stúlku fyrir tilverurétti sínum í brengluðum heimi sem álítur hana geðveika. „Ég leik Alexander sem er eitt stærsta karlhlutverkið og er ástin í lífi aðalleikkonunnar,“ segir Antoine.

Aðspurður segist Antoine vel geta hugsað sér að halda fyrirsætustörfum áfram meðfram leiklistarferlinum. „Þegar það koma dauðir tímar í leiklistinni er mjög gott að hafa svona verkefni. Útskriftin frá Rose Bruford er í september og þá mun ég taka ákvörðun um hvort ég verð áfram erlendis eða hérna heima, annars ætla ég bara að líta í kringum mig, prófa mig áfram og taka það sem býðst. New York-borg heillar mig líka mikið og ég get vel hugsað mér að taka mastersgráðu í leiklist þar næsta haust.“ segir Antoine að lokum.

alma@frettabladid.is



NÝÚTSKRIFAÐUR LEIKARI Antoine Hrannar Fons lauk leiklistarnámi frá Rose Bruford í vor og starfar einnig sem fyrirsæta í hinum ýmsu verkefnum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útigangsfólki fer stöðugt fjölgandi í miðborginni. Því fékk listamaðurinn **Snorri Ásmundsson** að kynnast á föstudaginn þar sem hann gekk yfir Pósthússtrætið. Snorri er afkastamikill maður og upptekinn. Útigangskona sem sá Snorra á gangi vatt sér að honum og spurði hvort hann gæti átt við hana orð. Snorri sagði henni kurteisislega að hann væri því miður á hraðferð. Svaraði drottning götunnar þá að bragði: „En ef ég kýli þig, hefurðu þá tíma?“ Fátt varð um svör hjá listamanninum, sem hélt göngu sinni áfram.

Og enn meira af útigangsfólki. DV fjallaði á dögunum um útigangskonu á Fógetatorgi sem raular dægrin löng um hina Röndóttu mær sem **Jakob Frímann Magnússon** samdi lag um. Jakob talaði þar um að hann hygðist vart beita sér fyrir greiðslu stefgjalda frá söngelsku útigangskonunni. Á Vísi var hins vegar fjallað um það í gær að Jakob hefði, sem verkefnastjóri miðborgarmála, í hyggju að koma upp búllu við Faxaflóahafnir til að beina útigangsfólki úr miðbænum. Velta menn fyrir sér hvort hann sé með því að ná sér niðri á söngfuglinum á Fógetatorginu.

Ákveðið hefur verið að hjóla í aðra þáttaröð af spurningakeppni bæjarfélaganna, Útsvari á RÚV. Þannig hefur bæjarráð Álftaness samþykkt samhljóma þá tillögu að bæjarfélagið taki þátt í keppninni í vetur. Liðskipanin fór einnig fyrir bæjarráð og mun liðið samanstanda af þeim **Guðmundi Andra Thorssyni** rithöfundi, **Hilmari Erni Hilmarssyni** tónskáldi og **Önnu Ólafsdóttur Björnsson** sagnfræðingi.

- shs

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Stykkishólmi.
2. Egyptum.
3. Anna Hlín Lewis.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum!
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Með þekktan upptökustjóra

„Það má segja að þetta sé fyrsta stóra breikið. Maður áttar sig varla á þessu,“ segir trommuleikarinn Gunnar Waage.

Bandaríski hljómborðsleikarinn Derek Sherinian, sem hefur spilað með þekktum flytjendum á borð við Alice Cooper, Billy Idol, Kiss og Dream Theater, verður upptökustjóri á þriðju sólóplötu Gunnars. Hann mun einnig spila með Gunnari á plötunni.

Sherinian er jafnframt einn af stofnendum tríósins Planet X sem hefur á að skipa Virgil Donati, sem er annar af tveimur uppáhaldstrommurum Gunnars. Hinn er Dave Weckl. „Það er ekki hægt að komast mikið hærra í þessu. Það hverfur allt egó út um gluggann í einum grænum, maður fyllist bara auðmýkt,“ segir Gunnar.

Sherinian er virtur upptökustjóri og hefur meðal annars tekið upp plötur með Simon Philips, trommara Toto. Gunnar komst í kynni við Sherinian eftir að hafa starfað með bassaleikurunum Percy Jones og Tony Franklin, en sá síðarnefndi spilaði með Gunnari á síðustu sólóplötu hans.

Upptökur á nýju plötunni hefjast líklega næsta sumar í Los Angeles. Þangað til ætlar Gunnar að undirbúa sig rækilega hér heima og semja nóg af lögum svo hann mæti ferskur til samstarfsins með Sherinian. **- fb**

GUNNAR WAAGE Gunnar fær góða aðstoð frá Derek Sherinian við gerð þriðju sólóplötu sinnar.

Loksins í Borgarleikhúsinu

Miðasala hefst á föstudag kl. 10

Frumsýning föstudaginn 5. september

Næstu sýningar: 6/9, 7/9, 10/9, 12/9, 13/9, 18/9, 19/9, 20/9

Gríptu Flóna á meðan hún gefst!

Borgarleikhúsið innleiðir nú nýtt fyrirkomulag með snarpari sýningartíma, þar sem hver leiksýning er sýnd þéttar og í styttri tíma.

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is.

Sett upp í Reykjavík í samstarfi við

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Orkuveita Reykjavíkur

Borgarleikhúsið

Áhorfendasýning ársins

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Óaldarflokkar og pólitískir ribbaldar

Íslenskir stjórnmálaflokkar sem ugglaust komu í heiminn syndlausir eins og hverjir aðrir hvítvoðungar sýna nú um stundir skuggalega tilhneigingu til að hegða sér eins og hópar misindismanna, óaldarflokkar, jafnvel mafíur svo að maður nefni þekktasta félagsform frjálshyggjutímans – sem eins og kalda stríðið ætlar að endast lengur á Íslandi en í löndum sem þróast með eðlilegum hætti.

Í MESTA sakleysi gengu Reykvíkingar að kjörborðinu fyrir um einu og hálfu ári til að velja sér sveitarstjórnarfólk til að sjá til þess að skólar starfi í borginni, börn komist á dagheimili, hlúð sé að gamalmennum og skipulagsvinna og byggingaeftirlit sé svo vandað að borgin verði eilíf. Einnig voru margir kjósendur að vona að sveitarstjórnarliðið aflétti vændisrekstri og fjarlægði ofbeldisfólk af götunum.

Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM er ekki tekist á um hinstu rök tilverunnar. Yfirgnæfandi meirihluti kjósenda er hlynntur því að ruslaföt ur séu tæmdar með hæfilegu millibili, götur sópaðar og fólk komist leiðar sinnar. Heilbrigð skynsemi, virðing fyrir fólki og skattpeningum, þjónustulund og greiðvikni við alla (ekki bara flokkssystkin og ættingja) er það helsta sem við förum fram á að borgarfulltrúar okkar búi yfir af dyggðum.

GALLINN er bara sá að í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík var ekki kosið um fulltrúa borgarbúa heldur fulltrúa stjórnmálaflokka. Erfitt að að sjá að uppeldi þessa fólks í stjórnmálaflokkunum hafi þroskað það og gert að geðugum manneskjum. Samkvæmt eins og hálfs árs reynslu virðast þessar blessaðar manneskjur vera uppaldar í óaldarflokkum en ekki stjórnmálaflokkum – nema þetta sé að verða sami hluturinn. Borgarfulltrúarnir hafa orðið sér til skammar með ósannindum, refsskap, svikum, valdagræðgi og vanstillingu. Þetta fólk ætti að skammast sín og reyna að taka sig á restina af kjörtímabilinu. Það ætti að leggja sína eigin hagsmuni og flokka sinna til hliðar og taka til óspilltra málanna við að vinna að hagsmunum borgarbúa. Í einum hóp, án minnihluta og meirihluta, einkabíla og einkabílstjóra – og reyna að muna að núna er árið 2008. Ekki 1008.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 18. ágúst, 231. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.29	13.31	21.32
Akureyri	5.04	13.16	21.26

Heimild: Almanak Háskólans

ISUZU D-MAX

ISUZU

VERÐLÆKKUN
GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

300.000 kr. afsláttur

ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: 3.390.000 kr.

3,0 l díselvél 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki

ENNEMM / SÍA / NM34955

Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON